


**skoðun** 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Kaffi




## Hermannatískan ráðandi

*Tískubloggarinn Sara Hlín Hilmarsdóttir er komin heim frá Kaupmannahöfn þar sem allt er morandi í hermannagrænu.*

**FÓLK**




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Fimmtudagur**
**20. september 2012**
221. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Nýstárleg útgáfa

*Nýja Retro Stefson-platan verður seld með sjö mismunandi umslögum.*

**tónlist** 36

## Salka í Skotlandi

*Nýtt verk eftir Sölku Guðmundsdóttur leikskáld verður frumsýnt í Glasgow eftir helgi.*

**menning** 32



## Sárt í Noregi

*Ísland þarf að fara í umspil fyrir EM 2013 eftir grátlegt tap í Noregi í gær, 2-1.*

**sport** 44

## veðrið í dag




**GLAMPANDI SÓL** Í dag verður yfirleitt hæg vestanátt og bjartviðri. Gengur í sunnan 10-18 m/s S- og V-til snemma á morgun og hlýnar í veðri.

**VEÐUR** 4

# Um 350 börn í fóstri árlega

**Árin 2007 til 2011 voru á fjórða hundrað börn hjá fósturforeldrum. Hópur fólks hefur það að atvinnu að annast börn tímabundið. Árlega berast tugir umsókna til yfirvalda frá fólki sem vill gerast fósturforeldrar.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Á fjórða hundrað börn dvöldu hjá fósturforeldrum að jafnaði árin 2007 til 2011. Árið 2011 voru 118 börn sett í fóstur sem eru nokkuð fleiri börn en árin á undan. Árlega berast á milli sextíu og sjötíu umsóknir til Barnaverndarstofu (BVS) frá fólki sem vill gerast fósturforeldrar.

Þetta kemur fram í ársskýrslu Barnaverndarstofu fyrir árin 2008-2011.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, segir að fjöldi fósturbarna á Íslandi sé áþekkur og í þeim löndum sem oftast sé horft til í samanburði í velferðarmálum. Hins vegar sé sérstaða Íslands nokkur; ekki séu reknar sérstakar stofnanir fyrir börn líkt og víða annars staðar heldur sé rík hefð fyrir því að fjölskyldur taki að sér börn. „Þetta er ómetanleg auðlind. Fólk sem er tilbúið að taka til sín börn í lengri eða skemmri tíma og annast þau sem sín eigin,“ segir Bragi. Hann segir ástæður fósturs margar og misjafnar; oft vímuefnaneysla, veikindi eða vanræksla.

Fósturforeldrar skiptast til einföldunar í tvo hópa. Fólk, oft barnlaust, sem tekur börn til varanlegs fósturs og svo þeir sem taka til sín börn til skemmri dvalar. Sá hópur hefur það í raun að atvinnu að annast börn sem þurfa slíka aðstoð. Fyrri hópurinn fer ekki aftur til kynforeldra; börnin eru í raun tekin af þeim. Hjá þeim síðari er

> Þetta er ómetanleg auðlind. Fólk sem er tilbúið að taka til sín börn í lengri eða skemmri tíma og annast um þau sem sín eigin.
>
> **BRAGI GUÐBRANDSSON**
> FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU

stefnt á það frá upphafi að barnið snúi aftur heim og samvinna við kynforeldra víðtæk allan tímann, enda er fóstur oft að þeirra frumkvæði.

Flest börnin sem tölfræðin nær til eru í varanlegu fóstri sem nær til sjálfræðisaldurs, eða 165 til 203 talsins á tímabilinu. Börn í tímabundnu fóstri eru litlu færri.

Í þessum hópi eru börn sem eiga við verulega hegðunarerfiðleika að etja; árin 2007 til 2010 voru um tuttugu börn í slíku fóstri en hafði fjölgað í þrjátíu börn árið 2011.

Umsóknir frá barnaverndarnefndum til BVS um fósturheimili voru 144 í fyrra en 118 börnum úr þeim hópi var ráðstafað í fóstur. Árin á undan voru umsóknir færri; 113 árið 2010 en 88 börn fóru þá til fósturforeldra. Árið 2009 var sótt um fóstur fyrir 110 börn en 72 fóru í fóstur.

Bragi segir að á hverju ári séu þau tilvik fá þar sem foreldri treystir sér ekki til að annast barn sitt strax við fæðingu; tilvikin séu innan við fimm undanfarin ár.

**- shá**



**LANGT FERÐALAG** Bandaríkjamaðurinn Andrew Baldwin kom til Íslands í sumar, eftir að hafa siglt þessari skútu yfir Atlantshafið. Markmiðið var að breyta henni við komuna í ökutæki sem síðan væri hægt að ferðast á um landið. Nú eru veður orðin of válynd til að hann treysti sér aftur vestur um haf, og því ók hann þessum fótstigna vagni inn í Nauthólsvík í gær, þar sem skútan verður geymd þar til næsta vor. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Nýtt æði í heilsufæði:

## Súrdeigsbrauðin slá í gegn

**LÍFSSTÍLL** „Það er náttúrulegur gerill í brauðinu í stað tilbúins gers. Það eru þessir tilbúnu gerlar sem fara oft illa í fólk og því er súrdeigsbrauðið oft betra í magann,“ segir Þórir Bergsson kokkur um súrdeigsbrauðin sem hafa notið mikilla vinsælda síðustu mánuði.

Þórir segir súrdeigsbrauðin búa yfir mörgum kostum fram yfir annars konar brauð. Til að mynda þyki mörgum þau betri í magann og bragðmeiri. „Karakterinn í súrdeigsbrauðunum er annar og maður finnur fyrir súrnum, brauðin eru því ekki eins flöt og önnur brauð sem maður kaupir úti í búð. Súrinn er líka mjög breytilegur frá degi til dags og þess vegna fær maður ekki endilega sama brauðið hvern dag.“



**- sm /** **sjá síðu 40**

Ísbreiðan á norðurheimskautinu hefur aldrei mælst minni en núna um helgina:

# Hafís á norðurhveli aldrei minni

**UMHVERFISMÁL** Mælingar Bandarísku ís- og snjómælingastofnunarinnar (NSIDC) benda til að íshellan á norðurheimskautssvæðinu sé nú minni en áður hefur þekkst. Undanfarna áratugi hefur flatarmál breiðunnar minnkað í takt við hlýnun norðurheimskautssvæðisins og sumarið 2007 varð hafísbreiðan aðeins rúmlega 4 milljónir ferkílómetra. Mælingarnar nú benda til að breiðan sé aðeins 3,4 milljónir ferkílómetra.

Á heimasíðu Veðurstofu Íslands segir að hafís á norðurhveli sé mestur síðla vetrar og þekur þá 14-15 milljónir ferkílómetra. Þar segir jafnframt að útbreiðsla hafíssins segi ekki alla söguna því samkvæmt gögnum NSIDC sé ísinn þynnri en áður og því er heildarrúmmál íssins minna.

Þetta rímar við orð breska vísindamannsins Peters Wadhams, prófessors við Cambridge-háskóla, sem er einn fremsti vísindamaður heims á sviði hafísmála. Hann fullyrðir að verði ekki dregið verulega úr hlýnun jarðar nú þegar muni hafís á sumrin heyra sögunni til á norðurhveli jarðar.

**- shá /** **sjá síðu 10**









## SPURNING DAGSINS



*Atli, var þetta aldrei spurning?*

„Nei. Því þegar þér talið, sé já yðar já og nei sé nei. Ég sagði já.“

Atli Freyr Steinþórsson útvarpsþulur hefur tekið sér nýtt hlutverk og spreytir sig í vetur sem spurningahöfundur og dómari í framhaldsskólakeppninni Gettu betur.

Hópur manna á gönguskíðum mokaði sig í gegnum gil og hengjur:

# Hrossum í sjálfheldu bjargað

**BJÖRGUN** Fimm menn á gönguskíðum sóttu í fyrradag 33 hross, sem voru búin að vera í sjálfheldu í tæpar tvær vikur. Björgunaraðgerðin tók sautján klukkustundir.

Hrossin voru í tveimur hópum. Annar var í Sveinsstaðaafrétt og hinn í Austurtungum í Skíðadal við vestanverðan Eyjafjörð. Þar voru þau í um 800 metra hæð yfir sjávarmáli.

„Hrossin fóru þarna upp áður en hretið skall á fyrir rúmri viku,“ segir Gunnsteinn Þorgilsson, bóndi á Sökku í Svarfaðardal, en hann var einn þeirra sem bjargaði hrossunum. „Hrossin sáust fyrst úr flugvél þegar það stytti upp eftir hretið en þau voru þarna í algjörri hagleysu. Ungu trippin voru sum hver orðin heldur léleg og slöpp – bæði tagl- og faxétin. Hin eldri voru í skárra ásigkomulagi.“

> Ungu trippin voru sum hver orðin heldur léleg og slöpp – bæði tagl- og faxétin.
>
> GUNNSTEINN ÞORGILSSON
> BÓNDI Á SÖKKU Í SVARFAÐARDAL

Gunnsteinn segir að leiðin sem þeir hafi þurft að fara sé mjög erfið yfirferðar.

„Þarna er bæði bratt og giljótt og mikill snjór,“ segir Gunnsteinn. „Ekki bætti úr skák að um tíma var bæði éljagangur og skafrenningur. Leiðin til baka með hrossin var ekki síður erfið. Þá þurftum við að mæla snjódýptina svo hrossin festu sig ekki. Ef hún var undir metra þá létum við vaða. Sem betur fer tókst þetta allt vel að lokum.“ - th

Valdir hópar fólks gangi fyrir:

## Bóluefni gegn flensu komið

**HEILBRIGÐISMÁL** Bóluefni gegn inflúensu hefur borist til landsins; meðal annars vörn gegn svínainflúensu. Í fyrra greindust fyrstu tilfelli inflúensu hér á landi í lok nóvember.

Sóttvarnalæknir mælist til að einstaklingar 60 ára og eldri, börn og fullorðnir sem þjást af langvinnum sjúkdómum, heilbrigðisstarfsmenn og þungaðar konur njóti forgangs við bólusetningu.

Bólusetning gegn inflúensu veitir allt að 60-70% vörn gegn sjúkdómnum. - shá

Stefna á heimsmet:

## Ætla að róa yfir N-Atlantshafið

**FÓLK Fjórir Íslendingar ætla á næsta ári að róa sérsmíðuðum úthafsbáti yfir Norður-Atlantshafið frá Noregi til Norður-Ameríku. Ýtt verður úr vör á þjóðhátíðardegi Norðmanna 17. maí 2013.**

**Róið verður milli landa samkvæmt reglum Ocean Rowing Society og Guinness World Records eða óstuddir og án fylgdarbáta.**

**Saga Film er að hefja fjármögnun á heimildarmynd um ferð þeirra félaga. Framleiðandi hennar er Margrét Jónasdóttir. Róið verður í fyrsta áfanga til Skotlands og þaðan til Færeyja og Íslands. Eftir vetursetu verður haldið áfram frá Íslandi til Grænlands og Nýfundnalands.** - shá

# Fimm milljóna tjón af kjúklingaúrgangi

**Leigutaki Ytri-Rangár vill að Rangárþing ytra borgi fimm milljóna króna bætur vegna tjóns sem varð er kjúklingaúrgangur og klósettpappír lak frá sláturhúsi á Hellu í fyrra. Ekki okkar ábyrgð þótt við eigum fráveituna segir sveitarstjórinn.**

**DÓMSMÁL** „Við getum ekki samþykkt að óskoðuðu máli að greiða skaðabætur enda er tjónið ekki af völdum sveitarfélagsins heldur þeirra sem nota fráveitu þess,“ segir Gunnsteinn Ómarsson, sveitarstjóri Rangárþings ytra, um kröfu Lax-ár ehf. um að sveitarfélagið borgi fimm milljónir króna vegna tjóns á veiðiskapnum í Ytri-Rangá.

Lax-á er leigutaki Ytri-Rangár sem er aflasælasta laxveiðiá landsins. „Þann 7. september 2011 urðu veiðimenn sem voru við veiðar í Ytri-Rangá varir við að í hana lak alls kyns úrgangur, meðal annars kjúklingafita, kjúklingainnyfli og klósettpappír,“ segir í bréfi sem Rangárþingi ytra barst á dögunum frá lögmannsskrifstofunni Lögmáli fyrir hönd Lax-ár. Í ljós hafi komið að úrgangurinn stafaði frá sláturhúsi Reykjagarðs. Yfirflæði hafi orðið í veitukerfi.

„Eins og gefur að skilja vakti mengun þessi mikinn viðbjóð meðal þeirra veiðimanna sem voru við veiðar í ánni og hættu þeir þegar veiðum og yfirgáfu ána,“ segir í bréfi Lögmáls sem kveður Lax-á hafa orðið fyrir fjártjóni sem rekja megi til aðgerða eða eftir atvikum aðgerðarleysis Rangárþings ytra og starfsmanna Reykjagarðs.

„Þeir veiðimenn sem áttu veiðidag þegar hið umrædda atvik átti sér stað hafa óskað eftir endurgreiðslu eða skaðabótum enda var áin ekki veiðifær. Þá er einnig ljóst að umbjóðandi minn átti í erfiðleikum með að selja veiðileyfi í ánni sökum þeirrar fjölmiðlaumfjöllunar sem átti sér stað vegna mengunarinnar,“ segir Lögmál og bætir við að koma hefði mátt í veg fyrir tjónið ef rétt hefði verði staðið að verki. Lax-á meti tjónið á 5.118.920 krónur. Þess sé óskað að sveitarfélagið taki afstöðu til þess hvort bótaskylda sé viðurkennd og til þess hvort skaðabætur verði greiddar. Einnig hefur verið leitað afstöðu Reykjagarðs til málsins.



**ÆGISSÍÐUFOSS** Svona vilja veiðimenn hafa umhorfs þegar þeir heimsækja bakka Ytri-Rangár. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

> Eins og gefur að skilja vakti mengun þessi mikinn viðbjóð meðal þeirra veiðimanna sem voru við veiðar í ánni og hættu þeir þegar veiðum.
>
> ÚR BRÉFI LÖGMÁLS
> FYRIR HÖND LAX-ÁR EHF.

„Tjónið er talið nema rúmum fimm milljónum króna án þess að það sé á nokkurn hátt útskýrt,“ segir Gunnsteinn sveitarstjóri. Eins og áður kom fram telur hann sveitarfélagið ekki bera ábyrgð á því sem aðrir setja ofan í fráveitukerfi þess.

„Við funduðum með forsvarsmönnum Lax-ár strax eftir þetta leiðindatilvik og niðurstaða þeirra funda var sú að tjónið yrði tekið saman og ábyrgðaraðila yrði leitað í framhaldinu og hugsanlegra trygginga sem á tjóninu gætu tekið,“ segir Gunnsteinn sem kveður málið nú til skoðunar hjá lögmanni sveitarfélagsins. gar@frettabladid.is



**UMDEILT TEXTABROT** Á þessum papýrusbúti er texti þar sem Jesús talar um eiginkonu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ný uppgötvun vekur athygli:

## Jesús gæti hafa átt eiginkonu

**BANDARÍKIN, AP Karen King, guðfræðiprófessor við Harvard, kynnti í vikunni fornt papýrusbrot þar sem finna má texta sem bendir til þess að Jesús hafi verið giftur konu að nafni María.**

**Í textanum, sem talinn er vera frá annarri öld eftir Krist, er haft eftir Jesú þar sem hann talar um konu sína, en í biblíunni er hvergi kveðið á um hjúskaparstöðu hans.**

**Uppgötvunin hefur vakið umræður innan fræðanna og meðal almennings. Margir efast þó um að mikið sé að marka það sem stendur á skjalinu, enda sé til aragrúi af fornum textum sem séu uppfullir af vitleysu.** - þj

Í þriggja og hálfs árs fangelsi:

## Dæmdur fyrir tvær nauðganir sama daginn

**DANMÖRK** Karl á fertugsaldri var fyrir skemmstu dæmdur í þriggja og hálfs árs fangelsi fyrir að hafa nauðgað tveimur konum. Brotin framdi hann með aðeins um tveggja tíma millibili í febrúar síðastliðnum. Í frétt Jótlandspóstsins segir að önnur konan sé fyrrum kærasta mannsins.

Maðurinn er einnig dæmdur fyrir líflátshótanir og tilraun til fjárkúgunar, en hann krafði annað fórnarlambið um sem nemur fimm og hálfri milljón íslenskra króna. Hinn dæmdi hyggst ekki áfrýja dómnum. - þj

Starfsfólki Rásar 1 fækkar ekki:

## Hætt við uppsagnir á RÚV

**FJÖLMIÐLAR** Stjórn Ríkisútvarpsins ákvað á fundi sínum í gær að hætta við að segja upp fjórum til sex starfsmönnum Rásar 1. Þetta staðfesti Halldór Guðmundsson, stjórnarmaður í RÚV, í samtali við vefmiðilinn Smuguna í gærkvöldi. Starfsmenn Rásar 1 höfðu skrifað Katrínu Jakobsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra, bréf þar sem fyrirhuguðum uppsögnum var mótmælt.

Málið var rætt á Alþingi í fyrradag. Þar sagði Mörður Árnason að það væri út í hött að tap af Ólympíuleikunum kæmi niður á starfsfólki Rásar 1. - sh, gar

**HAPPDRÆTTI**

### Norðmenn og Finni unnu

Þrír Norðmenn og einn Finni voru með allar tölur réttar í Víkingalottóinu í gær og fá 35,3 milljónir hver í sinn hlut. Íslenski bónusvinningurinn gekk ekki út, samkvæmt upplýsingum frá íslenskri getspá.

Guðbjartur Hannesson hættir við launahækkun forstjóra Landspítalans:

# Mistök að hækka laun Björns

**KJARAMÁL** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur fallið frá þeirri ákvörðun sinni að hækka laun Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, um 450 þúsund krónur um næstu mánaðamót. Í tilkynningu frá velferðarráðuneytinu segir að þetta sé gert í samkomulagi við Björn.



GUÐBJARTUR HANNESSON



BJÖRN ZOËGA

Haft er eftir Guðbjarti í tilkynningunni að hann hafi í góðri trú samið við Björn um að hann tæki að sér frekari læknisstörf svo hækka mætti við hann launin, þar sem hann hafi talið það þjóna best hagsmunum spítalans.

„Þetta mat reyndist ekki rétt og ég tel að umræður sem orðið hafa um málið opinberlega og viðbrögð starfsmanna og stéttarfélaga heilbrigðisstarfsfólks bendi til þess að engin sátt geti orðið um þessa ákvörðun,“ er haft eftir Guðbjarti.

Miklar deilur hafa sprottið í kjölfar launahækkunarinnar og óánægjuraddir heyrst víða, ekki síst á Landspítalanum.

Haft er eftir Birni í tilkynningu ráðuneytisins að þessi óánægja hafi orðið til þess að hann afþakkaði hækkunina. Hann segist hafa leitt öflugan hóp starfsmanna við niðurskurð á spítalanum.

„Eftir þessu starfi hefur verið tekið erlendis og mér hafa staðið til boða nokkur störf við að stýra stórum sjúkrahúsum í Evrópu,“ segir hann. Honum hafi verið boðin breytt starfskjör þegar hann tilkynnti um fyrirhugaða uppsögn sína.

„Ég samþykkti þetta og um leið gerði ég kröfu um enn meiri stuðning við hin ýmsu verkefni LSH. Það var samþykkt. Ég taldi að með þessu yrðu um leið auknar líkur á að auðveldara yrði fyrir heilbrigðisstarfsfólk að sækja kjarabætur á næstunni. Ég hafði rangt fyrir mér hvað þann þátt varðar. Ég vona að með þessu móti skapist á ný friður á Landspítala og við getum farið að einbeita okkur að því sem við gerum best, en það er að hugsa um sjúklinga á spítalanum,“ er haft eftir Birni. - sh



Flottir vinningar í **Lukkupotti** Smáralindar

# Tísku dagar

**20.–23. sept.**



Útgáfa á glæsilegu tískutímariti Smáralindar og Nude Magazine markar upphaf tískudaga í Smáralind. Komdu og upplifðu vetrartískuna á glæsilegri tískusýningu um helgina ásamt sýnikennslu í öllu því nýjasta í hári og förðun. Að auki getur þú fengið stílistaráðgjöf hjá nemum Fashion Akademy Reykjavík þér að kostnaðarlausu.




**Kíktu á tískutímarit Smáralindar og Nude Magazine**

Smáralind

ENNEMM / SIA / NM54305

smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudaga 13-18

**GENGIÐ 19.09.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,46 | 123,04 |
| Sterlingspund | 198,57 | 199,53 |
| Evra | 159,28 | 160,18 |
| Dönsk króna | 21,364 | 21,488 |
| Norsk króna | 21,412 | 21,538 |
| Sænsk króna | 18,689 | 18,799 |
| Japanskt jen | 1,5497 | 1,5587 |
| SDR | 188,92 | 190,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
220,2472

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aldrei verið lengri biðlistar eftir stúdentaíbúðum á höfuðborgarsvæðinu:

# Leiguverð íbúða hefur hækkað hratt

**EFNAHAGSMÁL** Leiguverð á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,3% í ágúst samkvæmt mælingum Þjóðskrár Íslands. Leiguverð hefur hækkað hratt á síðustu mánuðum eða um 6,8% síðustu þrjá mánuði og 10,6% sé litið til síðastliðinna tólf mánaða.

Í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka frá því í gær segir að þessi mikla hækkun leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu endurspegli sókn námsmanna í íbúðir áður en skólaárið hefst á haustin.

Greint var frá því í ágúst að eftirspurn eftir stúdentaíbúðum á höfuðborgarsvæðinu hefði aldrei verið meiri. Þannig voru ríflega þúsund stúdentar á biðlista eftir stúdentaíbúðum þegar úthlutun íbúða fyrir nýhafið skólaár lauk.

Þá jókst fjöldi leigusamninga mikið í ágúst eins og búast má við á þessum árstíma. Alls 616 leigusamningar voru gerðir á höfuðborgarsvæðinu í mánuðinum og fjölgaði þeim um 15% milli mánaða.

Loks er bent á það í Morgunkorni greiningar Íslandsbanka að þrátt fyrir mikla ásókn stúdenta í leiguíbúðir á þessu ári hafi leigumarkaðurinn skroppið saman frá því í fyrra. Þannig hafa samtals verið gerðir 5.936 leigusamningar það sem af er ári. Nemur það 8,2% fækkun frá sama tímabili í fyrra. **- mþl**



**STÚDENTAÍBÚÐIR VIÐ BÓLSTAÐARHLÍÐ** Biðlistar eftir stúdentaíbúðum hafa aldrei verið lengri en í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ítalir sakfella fyrir mannrán:

## 23 Bandaríkjamenn dæmdir

**RÓM, AP** Æðsti glæpadómstóll Ítalíu sakfelldi í gær 23 bandaríska ríkisborgara fyrir að ræna egypskum manni sem grunaður var um hryðjuverk. Ránið var hluti af fangaflugsáætlun leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA.

Þetta er endanleg niðurstaða í fyrsta dómsmálinu sem varðar þá háttsemi CIA að flytja grunaða hryðjuverkamenn nauðuga til landa þar sem pyntingar eru heimilar.

Dómurinn var kveðinn upp að mönnunum fjarstöddum og hljóðaði upp á tíu og sjö ára fangelsisvist. Enginn mannanna hefur nokkru sinni verið handtekinn vegna málsins. Þeir eiga hins vegar yfir höfði sér handtöku ef þeir ferðast til Ítalíu. **- sh**

Atvinnulausum fækkar:

## 5,8% voru án atvinnu í ágúst

**HAGTÖLUR Atvinnuleysi í ágúst mældist 5,8% samkvæmt Hagstofu Íslands. Það er 0,4 prósentustigum minna en á sama tíma í fyrra, þegar 6,2% voru án vinnu.**

**Að jafnaði voru 178.300 manns á vinnumarkaði í ágúst og af þeim voru 168.000 starfandi og 10.300 án atvinnu og í atvinnuleit. Atvinnuþátttaka mældist því 79,4% og hlutfall starfandi 74,8%. Fleiri konur en karlar eru atvinnulausar, en í ágúst voru 6,7% kvenna án atvinnu en 5% karla.**

**Samtök atvinnulífsins segja þessar tölur mjög dapurlegar, enda komi í ljós að íbúum á vinnualdri hafi fækkað um 600 milli ára og 1.900 fleiri standi utan vinnumarkaðar. Störfum hafi fækkað um 1.600 en þrátt fyrir það hafi atvinnulausum fækkað um 900 vegna þess hve mikið fleiri standa utan vinnumarkaðar. - kóp, sh**

# Mega rífa sjö hús á Hljómalindarreit

**Breytingar á deiliskipulagi gera ráð fyrir minni uppbyggingu á Hljómalindarreitnum en áður. Áfram verður almenningsrými á miðjum reitnum. Laugavegur heldur sömu ásýnd og áhersla er lögð á að viðhalda smágerðum mælikvarða.**

**SKIPULAGSMÁL** Gert er ráð fyrir að sjö hús verði rifin á Hljómalindarreitnum í miðbæ Reykjavíkur samkvæmt áætluðum breytingum á deiliskipulagi. Talsvert minni uppbygging er fyrirhuguð á reitnum en samkvæmt núgildandi deiliskipulagi.

Hljómalindarreiturinn er kenndur við húsið sem áður hýsti Hljómalind við Laugaveg, en þar er kaffihúsið og skemmtistaðurinn Hemmi&Valdi nú. Reiturinn afmarkast af Laugavegi, Smiðjustíg, Hverfisgötu og Klapparstíg. Gert er ráð fyrir uppbyggingu við allar fjórar göturnar.

Í greinargerð borgarinnar kemur fram að samráðsfundir hafi verið haldnir vegna skipulagsins og niðurstaðan hafi verið sú að styrkja þyrfti stöðu eldri húsa. Þá var vilji til þess að búa til skjólgott og sólríkt torg inni á miðjum reitnum. Áhersla var einnig lögð á að viðhalda smágerðum mælikvarða í allri uppbyggingu og eru nýbyggingar því áætlaðar í svipaðri hæð og þau hús sem fyrir eru.

Samkvæmt tillögunum mun ásýnd Laugavegsins ekki breytast, þar sem aðeins verður byggt fyrir aftan húsin sem þar standa.

Við Smiðjustíg er heimild áfram gefin fyrir niðurrifi húsa númer 4, 4a og 6, en í því húsi er skemmtistaðurinn Faktorý nú meðal annars til húsa. Þessar lóðir verða sameinaðar ásamt hluta af öðrum baklóðum. Gert er ráð fyrir því að nýtt fimm hæða hús rísi þar auk þess sem torg fyrir almenning verði þar, í hluta núverandi Hjartagarðs. Undir torginu er gert ráð fyrir bílageymslu.

Á miðju torginu verður röð ljósastaura sem munu hafa festingar fyrir tjöld og verður hægt að reisa tjald yfir hluta torgsins tímabundið fyrir uppákomur eða markaði.

Viðbyggingar koma við húsin að Hverfisgötu 26 og 28, auk þess sem ný hús munu rísa á Hverfisgötu 30 til 34. Hverfisgata 30 er óbyggð lóð núna en gert er ráð fyrir fjögurra hæða húsi þar með inndreginni fimmtu hæð. Húsin við Hverfisgötu 32 og 34 eru bæði í mikilli niðurníðslu og gert er ráð fyrir því að þau verði bæði rifin og byggðar verði fjögurra hæða nýbyggingar í staðinn.

Við Klapparstíg rísa líka viðbyggingar á lóðum húsanna númer 26 og 28 auk þess sem gert er ráð fyrir því að húsið númer 30, þar sem nú er verslunin Macland og áður var skemmtistaðurinn Sirkus, verði rifið. Nýtt hús á að byggja „í anda eldra hússins, þar sem að varla er nokkuð upprunalegt eftir í húsinu," segir í greinargerð borgarinnar. Þá verður fjögurra hæða nýbygging byggð á lóðinni.

**thorunn@frettabladid.is**



**HLJÓMALINDARREITUR** Hér sést Hljómalindarreiturinn eins og gert er ráð fyrir að hann verði. Tölverð uppbygging er á reitnum en áfram verður gert ráð fyrir almenningstorgi í miðjunni. MYND/REYKJAVÍKURBORG

Listi Forbes birtur:

## Þeir moldríku verða enn ríkari

**BANDARÍKIN Fjögur hundruð ríkustu menn Bandaríkjanna urðu enn ríkari á síðasti ári samkvæmt lista Forbes tímaritsins sem birtist í gær.**

**Samanlagt eiga þessir ríkustu menn Bandaríkjanna tæplega 210 þúsund milljarða króna en fyrir ári áttu þeir tæplega 185 þúsund milljarða króna. Bill Gates, stjórnarformaður Microsoft, er efstur á listanum en eignir hans eru metnar á ríflega 8.100 milljarða króna. Næstur á listanum er fjárfestirinn Warren Buffet en eignir hans eru metnar á tæplega 5.700 milljarða króna. Í því þriðja er Larry Ellison, stjórnarformaður Oracle. Eignir hans eru metnar á ríflega 5.000 milljarða króna. - th**



**BILL GATES**

Álftanesvegur í útboði:

## Loftorka bauð lægst í verkið

**SAMGÖNGUR** Loftorka átti lægsta tilboð í gerð Álftanesvegar milli Hafnarfjarðarvegar og Bessastaðavegar, en tilboð voru opnuð fyrr í vikunni.

Á vef Vegagerðarinnar kemur fram að tilboð Loftorku hafi numið tæpum 660 milljónum króna og verið 76 prósent af áætluðum verktakakostnaði upp á 865 milljónir króna. ÍAV átti næstlægsta tilboðið, 746 milljónir. Verkið felur í sér gerð fjögurra kílómetra langs vegar frá Engidal að Fógetatorgi við Bessastaðaveg, mislæg gatnamót og tvö undirgöng fyrir gangandi vegfarendur. Áætluð verklok eru 1. júlí 2014. **- þj**




## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÞYKKNAR UPP**
Bjart og fallegt veður víðast hvar á landinu í dag en þykknar upp með stífri sunnanátt um sunnan- og vestanvert landið snemma á morgun. Hlýnar í veðri einkum fyrir norðaustan. Víða skúrir en hægari vindur á laugardag.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 26° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 15° |
| Billund | 15° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 17° |
| Gautaborg | 15° |
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 17° |
| Mallorca | 27° |
| New York | 21° |
| Orlando | 29° |
| Ósló | 13° |
| París | 19° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 13° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

HYUNDAI | NEW THINKING. NEW POSSIBILITIES.

# HYUNDAI ix35

## EKTA BORGARJEPPI TIL AÐ TÆKLA VETURINN




**GERÐU GÓÐ KAUP!**
Opnunar- og afmælistilboð
frá **5.390.000 kr.**

Kynnið ykkur vegleg opnunartilboð á nýjum Hyundai bílum.

ENNEMM / SÍA / NM54327

5 ÁRA
ÁBYRGÐ
VEGAAÐSTOÐ
GÆÐASKOÐUN

ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

## UPPLIFÐU NÝJA TÍMA MEÐ HYUNDAI

**Opnunartími Hyundai Kauptúni 1**
Öll þjónusta Hyundai er opin frá kl. 07.45 - 18.00 alla virka daga og 10.00 - 16.00 á laugardögum. Þetta á við um sýningarsalinn, viðgerðarþjónustuna, varahlutaverslunina og söludeildir nýrra og notaðra Hyundai bíla. Í neyðartilfellum er hægt að nýta sér 24ra tíma neyðarþjónustu varahlutaverslunar.




www.hyundai.is

B|L Hyundai / BL ehf.

HYUNDAI Kauptúni 1 210 Garðabæ – Sími: 575 1200

KJÖRKASSINN



*Átt þú iPhone?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 12,2% |
| NEI | 87,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú farið á tónleika hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Teiti Atlasyni dæmd ein og hálf milljón í málskostnað frá þeim sem stefndi honum fyrir meiðyrði:

# Gunnlaugur beið lægri hlut gegn Teiti

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur vísaði í gær frá meirihluta meiðyrðamáls Gunnlaugs Sigmundssonar, fyrrverandi alþingismanns, á hendur bloggaranum Teiti Atlasyni. Teitur var sýknaður af því sem eftir stóð.

Gunnlaugur stefndi Teiti fyrir tvær bloggfærslur. Sú fyrri snerist um viðskipti Gunnlaugs með hlutabréf í fyrirtækinu Kögun og meinta spillingu sem tengdist þeim. Sú síðari fjallaði um málaferlin sem þá þegar voru farin af stað. Þar líkti Teitur þeim við hamar, sem Gunnlaugur notaði til að berja á þeim sem væru honum ósammála.

Fyrri hlutanum er vísað frá þar sem ekki er greint á milli þess í stefnunni hvaða ummæli í bloggfærslunni eigi að vera ærumeiðandi í garð Gunnlaugs og hver í garð eiginkonu hans, sem einnig var stefnandi í málinu. Teitur er sýknaður af síðari kröfunni þar sem talið er að myndlíkingin sem hann notaði feli í sér gildisdóm sem sé verndaður af tjáningarfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar. Gunnlaugur er dæmdur til að greiða Teiti eina og hálfa milljón í málskostnað.



**TAPAÐI** Gunnlaugur og verjendur hans íhuga nú hvort áfrýja skuli dómnum til Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Teitur sagði í samtali við Vísi í gær að málið hefði hangið yfir sér eins og þrumuský og að honum væri nú mjög létt. Þá sagðist hann mundu endurgreiða alla þá styrki sem honum hefðu borist til að standa straum af kostnaði við málaferlin.

Í yfirlýsingu frá Gunnlaugi segir að það sé miður að ekki hafi fengist efnisleg niðurstaða í þorra málsins. Lögmenn hans segjast telja dóminn rangan í veigamiklum atriðum og fullt tilefni til að íhuga áfrýjun til Hæstaréttar.

- sh






**SKUGGALEGAR AFLEIÐINGAR** Hundruð ef ekki þúsundir fjár hafa drepist á Norðausturlandi á síðustu dögum og eru bændur enn að finna dautt fé á fjöllum. MYND/BRYNGEIR JÓNSSON



**STÍGURINN HORFINN** Talið er að um fimmtungur trjáa í Lundskógi og Þórðarstaðaskógi í Fnjóskadal hafi brotnað í óveðrunum. Hér var vegur í gegnum Lundskóg, sem nú er horfinn undir snjó og brotin tré. MYND/JÓN ÞÓRÓLFSSON

# Skógur í Fnjóskadal jafnaðist við jörðu

**Skóglendi innst í Fnjóskadal fór afar illa í veðurhörkunum fyrr í mánuðinum. Hundrað ára gömul tré gáfu sig undan snjónum. Enn finnst dautt fé á Norðausturlandi. Skógræktarbændur í Þingeyjarsýslum segja trén hafa farið illa.**

**LANDBÚNAÐUR** „Ég ólst upp hér í dalnum og ég man ekki eftir svona tjóni. Á ákveðnum kafla hafa um tuttugu prósent af trjánum farið. Þetta lítur illa út," segir Guðni Þorsteinn Arnþórsson, starfandi skógarvörður í Vaglaskógi í Fnjóskadal.

Skóglendið innst í dalnum, Lundskógur og Þórðarstaðaskógur, fór afar illa í veðurhamnum fyrr í mánuðinum. Sums staðar er að finna hundrað ára gömul tré sem brotnuðu í óveðrinu.

Vaglaskógur fór ekki eins illa í óveðrinu og skógarnir innst í dalnum, en þó er þar einnig að finna brotin tré. Guðni segir að þegar trén eru ekki búin að fella laufin setjist mikill þungi á þau þegar úrkoman er eins mikil og hún varð fyrir rúmri viku.

> Þegar trén eru enn með lauf og nálar standa þau ekki undir þessum þunga, full af snjó. Þau bara gefa sig.
>
> **GUÐNI ÞORSTEINN ARNÞÓRSSON**
> SKÓGARVÖRÐUR Í VAGLASKÓGI

„Blautur krapsnjór hlóðst á trén með miklu hvassviðri í kjölfarið með þessum afleiðingum," segir hann. „Þegar trén eru enn með lauf og nálar standa þau ekki undir þessum þunga, full af snjó. Þau bara gefa sig."

Margir skógarvegir og stígar í Þórðarstaðaskógi og Lundskógi eru ófærir eftir óveðrið, en Guðni segir það standa til að reyna að hreinsa sem mest út úr skógunum af þeim trjám sem féllu.

Valgerður Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurlandsskóga, segir formlega úttekt á gróðurtjóninu ekki hafa verið gerða. Hún hafi þó rætt við skógræktarbændur á svæðunum sem verst urðu úti sem tjáðu henni að veðrið hefði leikið trén illa. Stafafuran hefði farið hvað verst, en birkið og víðirinn ættu það til að rétta sig við ef þau hefðu ekki brotnað.

Þá höfðu stór og gömul garðtré, eins og reyniviður og birki, í Mývatnssveit og Aðaldal mörg hver brotnað eða fallið í snjóþyngslunum fyrr í mánuðinum, að sögn íbúa þar.

sunna@frettabladid.is







Fangelsismálastjóri segir Baldur Guðlaugsson meðhöndlaðan eins og alla aðra:

# Förum ekki í manngreinarálit

**FANGELSISMÁL** Páll Winkel fangelsismálastjóri segir alfarið unnið eftir lögum og reglugerðum þegar teknar eru ákvarðanir um það hvort fangar megi ljúka afplánun utan fangelsis, ýmist á áfangaheimilinu Vernd eða undir rafrænu eftirliti. Þar sé aldrei farið í manngreinarálit.



**PÁLL WINKEL**

Páll vill ekki tjá sig sérstaklega um mál Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem nú afplánar tveggja ára fangelsisdóm sinn á Vernd og sinnir samhliða því störfum á lögmannsstofunni Lex. Baldur sat inni á Kvíabryggju í hálft ár.

Hann segir hins vegar að almennt sé það svo að lögum samkvæmt hafi fangar tækifæri til að afplána dóma sína utan fangelsis eftir að þeir hafi setið inni þriðjung afplánunartímans – sem er sá tími sem gera má ráð fyrir að fanginn afpláni yfir höfuð. Það er gjarnan ekki nema helmingur dómsins því að eftir helming á fanginn í flestum tilvikum kost á reynslulausn. Hún er veitt í um sextíu prósentum tilfella.

Enginn fær að afplána á Vernd nema hann sé annað hvort í fullu námi eða vinnu. Starfsfólk Fangelsismálastofnunar tekur svo út vinnustaðina og hefur eftirlit með því að fangarnir mæti til vinnu.

Að lokum gefst föngum færi á að afplána undir rafrænu eftirliti með hjálp ökklabands, í tvo og hálfan dag fyrir hvern mánuð dómsins. Í tilviki Baldurs eru það tveir mánuðir. Því næst tekur við tveggja ára reynslulausn.

Páll segir að öllum þessum úrræðum sé ætlað að búa fangana betur undir það að snúa út í lífið. „Að baki þessu liggur sú hugsun að með þessu sé verið að betra fangann," segir Páll.

- sh



**VINNUR Á LEX** Baldur er lögfræðingur og sinnir lögmannsstörfum á Lex.

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM**
20.-24. SEPTEMBER.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út mánudaginn 24. september.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

# Liðsmenn Obama kætast yfir klúðri

**Ummæli Mitts Romneys virðast ætla að kosta hann atkvæði þeirra kjósenda sem hann segist þurfa að höfða sérstaklega til, nefnilega óháðra kjósenda á miðjunni. Obama segir Bandaríkjamenn ekki líta á sjálfa sig sem fórnarlömb.**

**FRÉTTASKÝRING**
Ummæli Romneys hrista upp í kosningabaráttunni.



**ROMNEY Á FJÁRÖFLUNARFUNDI** Mitt Romney ásamt Ann eiginkonu sinni á fundi með fjársterku fólki á þriðjudagskvöldið. NORDICPHOTOS/AFP

Liðsmenn Baracks Obama Bandaríkjaforseta hafa síðustu daga óspart núið mótframbjóðandanum Mitt Romney upp úr myndbandi sem tekið var með leynd á fjáröflunarfundi hans með bandarískum auðkýfingum í maí.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun, sem gerð var á þriðjudag, daginn eftir að ummæli Romneys birtust almenningi, hafa þau kostað hann stuðning nærri þriðjungs óháðra kjósenda, en það er einmitt sá kjósendahópur sem hann segist þurfa að höfða til í kosningabaráttunni næstu vikurnar.

Obama brást við ummælum Romneys með því að segja Bandaríkjamenn ekki líta á sjálfa sig sem fórnarlömb: „Eitt af því sem ég hef lært í embættinu er að maður er fulltrúi allra landsmanna.“

Félagar Romneys í Repúblikanaflokknum reyna á hinn bóginn eftir megni að draga úr skaðanum, þar á meðal varaforsetaefnið Paul Ryan sem kemur Romney til varnar með því að segja hann „greinilega illa máli farinn“.

### Móðgar hermenn

Það sem Romney sagði í myndbandinu var meðal annars að hann ætti ekkert erindi við 47 prósent kjósenda, sem ætluðust til þess að fá allt upp í hendurnar frá ríkinu en borguðu engan tekjuskatt á móti. Þeir myndu hvort eð er aldrei kjósa neinn annan en Obama. Þess í stað þyrfti hann að einbeita sér að þeim fimm til tíu prósentum kjósenda sem sveifluðust á milli flokka.

Bandarískir fjölmiðlar hafa reiknað út að þarna hljóti hann að eiga við þau 47 prósent Bandaríkjamanna sem greiða engan alríkisskatt.

Þeir sem sleppa við að greiða skatt til alríkisins eru meðal annars bandarískir hermenn, námsmenn, atvinnulausir, lágtekjufólk og margir eldri borgarar. Margir þeirra greiða samt skatt til ríkjanna, og allir greiða hvort eð er virðisaukaskatt af neyslu sinni. Auk þess er stuðningur við Repúblikanaflokkinn ekkert endilega mikið minni í þessum þjóðfélagshópum en öðrum.

> Eitt af því sem ég hef lært í embættinu er að maður er fulltrúi allra landsmanna.
>
> **BARACK OBAMA** BANDARÍKJAFORSETI

### Trúir ekki á frið

Fyrir utan þetta tókst Romney að vekja rækilega athygli með ummælum sínum um Palestínumenn, innflytjendur, konur og kjósendur ættaða frá Mið- og Suður-Ameríku.

Hann sagðist til dæmis ekki sjá neina von til þess að friður kæmist á milli Palestínumanna og Ísraela í fyrirsjáanlegri framtíð: „Ég sé að Palestínumenn vilja hvort eð er ekki frið, af pólitískum ástæðum, og eru staðráðnir í að eyða og útrýma Ísrael,“ sagði hann. Með þessu ástandi yrðu menn bara að lifa og vona hið besta.

Um innflytjendur sagði hann: „Ég vildi gjarnan útvega öllum doktorum heimsins græna kortið og segja: „Komið til Bandaríkjanna, við viljum fá ykkur hingað.“ En þess í stað gerum við fólki sem menntar sig hér eða annars staðar erfitt fyrir að búa sér heimili hér. Nema, auðvitað, þú sért hæfileikaog reynslulaus, þá er þér velkomið að fara yfir landamærin og búa hér til æviloka.“

### Kappræður í október

Bandarískir kjósendur fá brátt tækifæri til að heyra frambjóðendurna ræða saman beint og milliliðalaust. Fyrstu sjónvarpskappræður þeirra Obama og Romneys verða þriðjudaginn 3. október. Vikurnar fram að kosningunum, sem haldnar verða þriðjudaginn 6. nóvember, mætast þeir þrisvar til viðbótar í sjónvarpskappræðum, og einar kappræður verða sömuleiðis á milli varaforsetaefnanna Joes Bidens og Pauls Ryans.

gudsteinn@frettabladid.is

## Um 47 prósent kjósenda

**Úr ummælum Romneys á fjáröflunarfundinum í vor:**

„Fjörutíu og sjö prósent fólks munu kjósa forsetann sama hvað á gengur. Sem sagt, það eru 47 prósent sem styðja hann, sem eru háð ríkinu, sem líta á sig sem fórnarlömb, sem telja að ríkið eigi að sjá fyrir þeim, sem telja sig eiga rétt á heilbrigðisþjónustu, mat, húsnæði og ég veit ekki hvað. Að þetta séu réttindi. Og að ríkið eigi að gefa þeim þetta. Og þau munu kjósa forsetann sama hvað gerist.“

„Þetta er fólkið sem greiðir engan tekjuskatt. Fjörutíu og sjö prósent Bandaríkjamanna greiða engan tekjuskatt. Þannig að skilaboð okkar um lága skatta ná ekki til þeirra.“

„Og mitt hlutverk er þá ekki að hafa áhyggjur af þessu fólki. Ég mun aldrei sannfæra þau um að þau eigi að bera ábyrgð og sjá um sig sjálf. Það sem ég þarf að gera er að sannfæra fimm til tíu prósent fólks á miðjunni sem er óháð og hugsandi, sem skoðar hvort það eigi að kjósa á þennan veginn eða hinn, stundum eftir tilfinningum, eftir því hvort því líkar við náungann eða ekki.“


## Sanngirnisbætur Innköllun

Í samræmi við ákvæði laga nr. 47/2010 um sanngirnisbætur fyrir misgjörðir á stofnunum eða heimilum sem falla undir lög nr. 26/2007 og tóku gildi hinn 28. maí 2010, hefur sýslumanninum á Siglufirði verið falið að gefa út innköllun, fara yfir kröfur og gera þeim sem eiga rétt á bótum skrifleg sáttaboð. Skal sýslumaður eftir því sem kostur er fjalla samtímis um allar kröfur er lúta að sama heimilinu.

Á grundvelli þessa er nú kallað eftir kröfum frá þeim sem voru vistaðir á:

**Upptökuheimili ríkisins / Unglingaheimili ríkisins 1971-1994**

**Starfsemi heimilisins fór fram á eftirfarandi stöðum á tímabilinu:**

**að Kópavogsbraut 17 og Kópavogsbraut 9 í Kópavogi, í Sólheimum 7, Sólheimum 17 og Efstasundi 86 í Reykjavík, að Tindum á Kjalarnesi og á meðferðarheimilunum að Smáratúni í Fljótshlíð og Torfastöðum í Biskupstungum.**

Hér með er skorað á alla þá sem voru vistaðir á Upptökuheimili ríkisins eða Unglingaheimili ríkisins einhvern tíma á árabilinu 1971-1994 og urðu þar fyrir illri meðferð eða ofbeldi sem olli varanlegum skaða, að lýsa kröfu um skaðabætur fyrir undirritaðri fyrir 20. desember 2012. Kröfu má lýsa á eyðublaði sem er að finna á vefnum www.sanngirnisbætur.is og hjá tengiliði vegna vistheimila. Unnt er að skila umsókn í rafrænu formi. Athugið að heimilið hét Upptökuheimili ríkisins fram til 1978, en Unglingaheimili ríkisins eftir það.

Allar kröfur skulu sendar sýslumanninum á Siglufirði, Gránugötu 4-6, 580 Siglufirði.

**Verði kröfu ekki lýst fyrir 20. desember 2012 fellur hún niður.**

Bent er á að unnt er að leita aðstoðar tengiliðar vegna vistheimila við framsetningu og skil á bótakröfu. Aðstoð tengiliðar er að kostnaðarlausu. Skrifstofa tengiliðar er að Hverfisgötu 4a-6a, þriðju hæð, 101 Reykjavík. Sími tengiliðar er 545 9045. Veffang er www.tengilidur.is og netfang er tengilidur@tengilidur.is.

Siglufirði 6. september 2012
**Ásdís Ármannsdóttir sýslumaður**



www.volkswagen.is




# Volkswagen Polo - fyrir okkur öll

Meðaleyðsla aðeins 3,8 lítrar á hverja 100 km*

**Polo kostar aðeins frá**

**2.290.000 kr.**

Das Auto.

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

**Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo**

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA


DEBENHAMS
Haustsprengja
25%
AFSL.
af öllum vörum
NÝTT KORTATÍMABIL
Opið í dag frá 11 til 21
Gerðu lífið skemmtilegra
Kaupauki!
Þeir sem versla snyrtivörur fyrir 10.000 kr. eða meira fá 2.000 kr. gjafakort
Gildir bara í dag 20. sept.
20%
AFSLÁTTUR AF SNYRTIVÖRUM
Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR
Finndu okkur á facebook




Sól og blíða í Barcelona!

Barcelona frá:
20.700 kr.*

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Takmarkað sætaframboð, valdar dagsetningar og valin flug.

*** Hotel Turin frá:
15.500 kr. Nóttin á mann án morgunverðar í tvíbýli.

LONDON, KÖBEN OG ÞAÐAN HVERT SEM ER!

Við aðstoðum þig við að bóka framhaldsflug hvert sem er í Evrópu frá London og Köben.

Verð frá:
15.700 kr.*

Pantaðu flug til London og Köben á www.icelandexpress.is og hafðu samband í síma 5 500 600, við finnum framhaldsflugið þitt og komum þér alla leið á lægra verði!

*Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

FITON / SÍA

Iceland Express – lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

**FRÉTTASKÝRING:** Áhrif hlýnandi loftslags

# Sumarísinn er að hverfa

**Einn fremsti vísindamaður heims á sviði hafísmála segir hættu á að eftir fjögur ár heyri hafís á sumrin söguna til á norðurskautinu. Brött spá, segir veðurfræðingur, en ísinn fer minnkandi. Hefur áhrif á veðurfar og lífríki sjávar. Draga verður úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.**

Verði ekki dregið verulega úr hlýnun jarðar nú þegar mun hafís á sumrin heyra sögunni til á norðurskautinu. Þetta segir breski vísindamaðurinn Peter Wadhams, en hann er prófessor við Cambridgeháskóla og einn fremsti vísindamaður í heimi á sviði hafísmála.

„Loftslagsbreytingar eru ekki lengur eitthvað sem við ætlum að gera eitthvað í á næstu áratugum. Það þarf ekki aðeins að draga nú þegar úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda, heldur þarf strax að rannsaka aðrar leiðir til að hægja á hlýnun jarðar,“ segir Wadham, í aðsendu bréfi til Guardian, og vísar meðal annars til hugmynda um að endurvarpa geislum sólar frá jörðinni.

### Endurvarpa sólargeislum

Halldór Björnsson, sérfræðingur hjá Veðurstofu Íslands, segir að ýmsum þyki þessi spá Wadhams nokkuð brött. Engum blöðum sé þó um það að fletta að ísinn minnki og það hafi ýmsar afleiðingar.

„Hafísinn er eitt af kuldaelementunum í loftslagskerfinu. Þarna speglast mjög mikið af sólarorku í burtu og þarna er mjög kalt á veturna, að hluta til vegna þess að hafísinn einangrar sjóinn frá loftinu.“

Þegar ísinn minnkar hlýnar sjórinn þar sem minna endurvarp sólargeisla á sér stað. Halldór segir að síðan hafi komið sumarstormar sem hafi sópað ísnum saman og molað hann niður og sjórinn hlýnað enn frekar. „Fyrir vikið ferðu inn í veturinn með þynnri hafís og það eru meiri orkuskipti milli lofts og sjávar og það hefur einfaldlega áhrif á veðrið á öllum þessum slóðum.“

### Orsök vetrarstormanna?

Vísindamenn telja ónóga reynslu komna til að hægt sé að fullyrða um áhrifin á veðurfarið.

„Sumir vilja rekja kuldaköst síðustu ára og snjóþunga vetur í Evrópu til þess að heimskautalægðin, sem myndast að vetri til, hlykkist meira til af því að hún verður ekki jafn djúp.“

Þar vísar Halldór til djúprar lægðar sem myndast yfir skautinu á vetrum með ísköldu lofti á vel afmörkuðu svæði. Sumir telji að þar sem lægðin sé grynnri verði svæðið sjálft ekki jafn kalt og lægðin hlykkist til með kólnandi veðri utan síns hefðbundna áhrifasvæðis.

„Þetta er reyndar alls ekki óumdeilt. Menn vita að þetta hefur heilmikil áhrif á veður og það er hægt að rekja einstaka storma til þessa. Stormar sem venjulega myndu keyra inn á hafísinn og deyja þar, vegna þess að þeir fengu ekki orku af sjónum, þeir hafa meira opið vatn til að þvælast yfir.“

### Fiskgengd og stormar

Hafísinn hefur áhrif á vistkerfið. Undir honum myndast þörungar sem eru neðsti hlekkurinn í fæðukeðju sem teygir sig alla leið til ísbjarna. Brotthvarf íssins bætir skilyrði fyrir lífríki í opnum sjó.

Hverfi ísinn opnast því veiðisvæði, en rannsóknir skortir til að segja fyrir um nákvæmleg áhrif þessa. Bent hefur verið á að breytta göngu makríls og loðnu megi að einhverju leyti rekja til breytinga á hafísnum.

Halldór segir að fari fram sem horfir minnki hafís í kringum Ísland einnig. Enn sé það svo að hafís á Grænlandshafi sé í hefðbundnu magni, en það geti ekki haldist til lengdar séð. Það hafi áhrif á veðurfar.

„Hafísinn getur virkilega verið til vandræða á miðunum, en eftir því sem hafísþekjan fyrir norðan er stærri því minna svæði hefur vindurinn til að hræra upp og skapa öldur. Brotthvarf hafíssins þýðir því meiri vind.“


Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



**LANDSINS FORNI FJANDI** Hafísinn getur skapað hættu á fiskimiðum en hann dregur úr vindi. Hverfi hann að fullu geta stormar því orðið mun verri en ella. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

## Sumarbráðnunin varð umfangsmeiri

Wadham segir bráðnun íssins eiga sér eina einfalda höfuðskýringu; hlýnun jarðar. Dregið hefur úr ísmyndun að vetrum og bráðnun á sumrin aukist. Hann sendi breska blaðinu Guardian erindi og segir þar:

„Í fyrstu tók enginn eftir þessu; sumaríslínan færðist rólega aftur á hraða sem benti til þess að ísinn mundi endast í hálfa öld eða lengur. Að lokum varð sumarbráðnunin hins vegar meiri en vetrarmyndun þannig að öll íshellan brotnar upp yfir sumarmánuðina.

Ég spáði því að þetta hrun yrði á árunum 2015 til 2016 og norðurskautið yrði íslaust frá ágúst til september. Þessi þróun er á lokastigum og verður líklega að veruleika á umræddum tíma.“




### Meðalárið

Rauðu línurnar sýna hvernig ísbreiðan er í meðalári, en hvítu flekkirnir hvernig hún var í ágúst. Næst kemst hún meðalárinu við norðausturhluta Grænlands, norður af Íslandi.

Boðskort - ENJO 20 ára

Skýrt, hreint og einfalt

ENJO CLEAN THE WORLD

Enjo fyrir heimilið

ENJO á Íslandi ehf heldur upp á 20 ára afmæli þann 22. september næstkomandi og verður af því tilefni með opið hús á skrifstofu sinni að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði á milli kl. 13:00 og 17:00.

Ýmis tilboð, gjafir, léttar veitingar og sérstök bókunartilboð.

Verið velkomin og takið með ykkur fjölskyldu og vini.



Starfsfólk ENJO og ráðgjafar

Toyota á Íslandi innkallar bíla:

# Afturhjól getur losnað undan

**NEYTENDUR Toyota á Íslandi hefur nú innkallað 1480 Avensis- og RAV4-bifreiðar. Neytendastofu barst tilkynning þess efnis og birti á síðu sinni í gær.**

**Ástæða innköllunarinnar er að stilliró á þverstífu á afturhjóli getur losnað og hjól losnað undan bílum. Um er að ræða hundrað Avensis-bifreiðar framleiddar á tímabilinu nóvember 2008 til janúar 2011 og 1.380 RAV4-bifreiðar frá nóvember 2005 til ágúst 2010. Eigendur bifreiðanna fá sent bréf á næstu dögum.** - sv

Frakkar herða öryggi eftir að grínblað birti nýjar skopmyndir af Múhameð:

# Um tuttugu sendiráðum lokað á morgun

**FRAKKLAND, AP** Birting nýrra skopmynda af Múhameð spámanni í franska tímaritinu Charlie Hebdo hefur aukið enn á þá spennu sem verið hefur út af ögrandi myndbandi sem gert var í Bandaríkjunum.

Frönsk stjórnvöld brugðust við birtingu skopmyndanna með því að herða öryggisráðstafanir og verða frönsk sendiráð í um tuttugu löndum lokuð á föstudaginn, bænadag múslíma. Þá hafa frönsk stjórnvöld bannað mótmæli gegn bandaríska myndbandinu, sem fyrirhuguð voru í París á laugardag.

„Það er óþarfi að láta átök sem varða Frakkland ekkert koma hingað til lands," sagði Jean-Marc Ayrault, forsætisráðherra Frakklands. Ofbeldi af hálfu móðgaðra múslíma og ögranir af hálfu Vesturlandabúa hafa enn á ný vakið upp umræðu um tjáningarfrelsið og mörk þess í mörgum Evrópulöndum.

Ayrault forsætisráðherra sagði að frönsk stjórnvöld myndu eftir sem áður tryggja tjáningarfrelsið, en hvatti menn til að „beita því af ábyrgð og með virðingu".

Ofbeldi í tengslum við mótmælin gegn bandaríska myndbandinu hafa kostað að minnsta kosti þrjátíu manns lífið í sjö löndum. - gb




**RITSTJÓRINN CHARB** Þrátt fyrir sprengjuárás á ritstjórnarskrifstofur Charlie Hebdo fyrir ári hikar Charb ekki við að birta fleiri myndir. NORDICPHOTOS/AFP




**IKEA** Nú eru tæplega 300 Ikea-verslanir í heiminum. Þessi er í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Opna allt að 25 búðir á ári:

# Ætla að tvöfalda stærðina

**SVÍÞJÓÐ** Sænska húsgagnaverslunin Ikea ætlar sér að verða tæplega tvöfalt stærri fyrir árið 2020. Til stendur að opna 20 til 25 nýjar verslanir á hverju ári fram til ársins 2020. Nú eru um sex til tíu nýjar verslanir opnaðar á hverju ári.

Þetta kemur fram í sænska blaðinu Dagens Industri. Framkvæmdastjóri Ikea, Mikael Ohlsson, segir við blaðið að Ikea hafi vaxið hraðar en gert hafi verið ráð fyrir og þar á bæ sjái menn enn meiri möguleika, bæði í þeim löndum þar sem verslanir eru fyrir og í nýjum löndum.

297 Ikea-verslanir eru í heiminum. Þær eru staðsettar í 26 löndum og 655 milljónir manna versla þar árlega. - þeb

Langtímaleiga boðin út:

# Hættir við kaup á þyrlu

**ÖRYGGISMÁL Ríkisstjórnin samþykkti á þriðjudag, að tillögu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra, að segja upp samstarfssamningi við Norðmenn um kaup á björgunarþyrlu, en samningurinn var gerður í nóvember 2007. Þess í stað verður boðin út langtímaleiga á tveimur þyrlum til viðbótar við núverandi þyrlu Landhelgisgæslunnar.**

**Í sameiginlegri yfirlýsingu Ögmundar og dómsmálaráðherra Noregs, Grete Faremo, segir að ástæðan sé mikið aðhald í ríkisútgjöldum á Íslandi. „Kaup á nýjum björgunarþyrlum krefjast mikilla fjárfestinga sem ekki er hægt að ábyrgjast á næstu árum."** - kóp

Íhaldsmenn í Noregi:

# Vilja sérfangelsi fyrir útlendinga

**NOREGUR** Íhaldsflokkurinn Høyre í Noregi vill að byggt verði sérstakt fangelsi fyrir útlenda fanga.

Bent Høie, varaformaður flokksins, sagði í samtali við Aftenposten að engin þörf væri á því að eyða peningum í endurhæfingu fanga sem myndu aldrei koma aftur inn í norskt samfélag, heldur yrði vísað úr landi. „Við þurfum ekki heldur að bjóða þeim menntun eða aðra aðstoð til að undirbúa þá fyrir líf í Noregi." Høie sagði að flokkurinn vildi koma í veg fyrir þá tilhneigingu að útlendir fangar litu á refsingu í norskum fangelsum sem frí. - þeb




**50% afsláttur** af öllu leigðu efni í Sjónvarpi Símans á Mögnuðum miðvikudögum í september.

**Ljósnetið færir þér kraftmeiri nettengingu**

Þú getur tengt allt að fimm háskerpulykla fyrir Sjónvarp Símans þar sem hægt er að leigja kvikmyndir og horfa á yfir 100 íslenskar og erlendar sjónvarpsrásir.

Kynntu þér áskriftarleiðirnar á **siminn.is** eða í **800 7000**.

Vinsælasta leiðin

| Ljósnet 1 | Ljósnet 2 | Ljósnet 3 | Ljósnet 4 |
|---|---|---|---|
| 50Mb • 10GB | 50Mb • 40GB | 50Mb • 80GB | 50Mb • 140GB |
| 10GB | 40GB | 80GB | 140GB |
| Mánaðarverð 4.690 kr. | Mánaðarverð 5.690 kr. | Mánaðarverð 6.790 kr. | Mánaðarverð 8.090 kr. |

Ljósnetið er allt að 50 Mb/s

Síminn

# neytendur
*hagur heimilanna*

**450.000 KRÓNUR** fóru í rekstur bíls á íslensku meðalheimili árið 2010, eða 8,4 prósent allra útgjalda. Það er nærri tvöföld sú fjárhæð sem varið var í bílinn árið 2002, en þá var hutfall heildarútgjalda ekki nema 6,9 prósent.

**Innköllun**

## H&M barnabrúsar geta reynst hættulegir

Um þrjú þúsund bláar og bleikar vatnsflöskur sem seldar eru í verslunum H&M hafa verið innkallaðar um heim allan. Ástæða innköllunarinnar er sú að stútur flöskunnar getur brotnað í marga smáa hluti og valdið hættu á köfnun. Fram kemur í tilkynningu frá H&M að ekki sé auðvelt að sjá gallann og fólk hvatt til að hætta strax að nota flöskuna. Samkvæmt breskum fjölmiðlum hefur fyrirtækinu borist ein tilkynning frá enskri fjölskyldu þar sem stúturinn brotnaði af í munni lítils barns. Engin slys hafa þó verið tilkynnt. Neytendastofa vakti athygli á því á vef sínum að verslanirnar hefðu ákveðið að innkalla flöskurnar. Vörunúmer fyrir bláa flösku er 74292 6 4212 82 og fyrir bleika flösku er 74292 6 4212 50.



**Umhverfisvernd**

## Svanurinn eitt af tíu þekktustu umhverfismerkjum heims

Svanurinn og Evrópublómið eru meðal þeirra tíu merkja sem stjórnendur fyrirtækja frá sjötíu löndum nefndu þegar þeir voru beðnir um að nefna umhverfismerki. Þetta kemur fram í skýrslu frá alþjóðlega viðskiptaháskólanum IMD í Sviss, að því er kemur fram í fréttatilkynningu frá Umhverfisstofnun.

Svanurinn og Blái engillinn frá Þýskalandi voru nefndir sem fyrirmynd annarra merkja og viðmið þeirra þóttu hafa mest áhrif á opinber útboð. Kristín Linda Árnadóttir, forstjóri Umhverfisstofnunar, segir íslensk fyrirtæki hafa afbragðs tækifæri til þess að nota Svaninn við alþjóðlega markaðssetningu á umhverfisvænni vöru eða þjónustu.


Evrópa fórnarlambanna

Kommúnisminn í sögulegu ljósi



Ráðstefna í Háskóla Íslands
Öskju, stofu N-132

laugardaginn 22. september kl. 13

Prófessor Stéphane Courtois ritstjóri *Svartbókar kommúnismans*

*Aðrir fyrirlesarar:*

Prófessor Stéphane Courtois
ritstjóri *Svartbókar kommúnismans*

Anna Funder
höfundur *Stasilands*

Dr. Roman Joch
ráðgjafi forsætisráðherra Tékklands

Prófessor Øystein Sørensen
sérfræðingur um alræðisstefnu

Prófessor Hannes H. Gissurarson
höfundur *Íslenskra kommúnista 1918–1998*

*Lokaorð:*

Prófessor Þór Whitehead
höfundur *Sovét-Íslands. Óskalandsins*

Allir velkomnir

RNH


# Mikill matur í kistuna fyrir lítinn pening

**Þeir sem taka slátur eiga nóg af ódýrum mat í frystikistunni fram á vetur. Sala á sláturmarkaði SS og Hagkaups stórjókst í fyrra og hittiðfyrra og gert er ráð fyrir að salan verði góð á sláturmarkaðnum í ár sem hefst á morgun.**



**SLÁTURGERÐ** Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans í Reykjavík, mælir með því að unnið sé skipulega við sláturgerð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Maður fær rosalega mikið magn af mat fyrir lítinn pening þegar maður gerir þetta sjálfur. Það er svolítil vinna við þetta en gaman,“ segir Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans í Reykjavík.

Hún mælir með að unnið sé skipulega við sláturgerðina í tvo daga. „Fyrri daginn er mörinn brytjaður og keppir saumaðir á meðan blóðið er að þiðna. Það er best að ætla sér ekki of mikið í einu því að þá er hætta á að fólk springi á limminu.“

Margrét leggur áherslu á að sláturgerð sé ekki séríslenskt fyrirbæri. „Þetta er gert í einhverri mynd um allan heim. Í breskum matreiðsluþáttum hefur til dæmis verið sýnt hvernig blóðbúðingur er skorinn í strimla sem eru steiktir og jafnvel settir ofan á nautasteikur.“

Gunnar Ingi Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hagkaups, segir að algjör sprenging hafi orðið í sölu sláturs undanfarin tvö ár á sláturmarkaði SS og Hagkaups. „Fólk á öllum aldri er farið að taka slátur. Það var gaman að sjá raðirnar sem mynduðust þegar við opnuðum markaðinn og hvað farið var að yngjast í röðinni. Áhuginn á sláturgerð hefur vaxið gríðarlega eftir hrun.“

Fimm fersk heilslátur kosta í ár 5.299 krónur á sláturmarkaðnum sem opnaður verður í Smáralind á morgun. „Það fást að minnsta kosti 25 til 30 keppir úr fimm slátrum eftir því hvort vömbin er stór eða lítil. Við sláturgerðina þarf auk þess rúgmjöl, haframjöl og mjólk en það er ekki dýrt. Þessi matur verður ódýrari þegar maður saumar keppina heima,“ bendir Margrét á.

Miðað við 25 keppi kostar hver keppur 212 krónur en 177 krónur ef 30 keppir fást úr fimm slátrum.

Kíló af soðnum blóðmör í Hagkaupi kostar 849 krónur en af soðinni lifrarpylsu 998 krónur. Meðalþyngd kepps er um 450 g. Blóðmörskeppur kostar um 380 krónur en lifrarpylsukeppur um 450 krónur.

ibs@frettabladid.is

## Lifrarpylsa Margrétar Sigfúsdóttur

*2 lifrar*
*4 nýru*
*2 msk. gróft salt*
*6 dl mjólk*
*1 1/2 dl heitt vatn og 1/2 súputeningur*
*300 g haframjöl*
*400 g rúgmjöl*
*300-400 g brytjaður mör*

1. Himnuhreinsið lifur og nýru (nýrun klædd úr himnunni) og maukið í matvinnsluvél.
2. Setjið lifrarhræruna í rúmgott fat, blandið vökva, salti og haframjöli saman við, látið standa í u.þ.b. 5 mínútur á meðan saltið leysist upp og haframjölið blotnar.
3. Hrærið rúgmjöli og mör saman við, passið að hafa hræruna ekki of þykka. Lifrarhræran er þó höfð þykkari en blóðmörshræran. Gott er að setja örlítinn sykur út í hræruna.
4. Hálffyllið keppina, saumið fyrir með bómullargarni. Pikkið með nál og setjið út í sjóðandi saltað vatn. Munið að pikka keppina aftur þegar suðan kemur upp og keppirnir fljóta upp í pottinum. Sjóðið í minnst 2 1/2 klst.


Þú færð alltaf Vildarpunkta þegar þú verslar, líka erlendis

Kynntu þér kostina á www.americanexpress.is



Kortið sem kemur þér út

AMERICAN EXPRESS

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

FÍTON / SÍA




# LANCÔME DAGAR Í HAGKAUP

## KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM, SMÁRALIND, SKEIFUNNI, GARÐABÆ, SPÖNGINNI, AKUREYRI OG SELFOSSI

## 20. – 26. SEPTEMBER

Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir Lancôme vörur fyrir 9.000 kr. eða meira:

~ Lancôme taska

~ Genifique dropar 7 ml

~ Hydra Zen næturkrem 15 ml

~ Hydra Zen dagkrem 5 ml

~ Effacernes baugahyljari 5 ml

~ Teint Miracle farði 5 ml

~ Bi-Facil augnfarðahreinsir 30 ml

~ Lancôme maskari í ferðastærð.

Verðmæti kaupaukans 13.750 krónur

Einnig aðrar gerðir kaupauka.



*Einn kaupauki á viðskiptavin. Gildir meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

NÝTT KORTATÍMABIL ... KORTATÍMABIL





FRYSTIVARA FRYST... ...A FRYSTIVARA

**SJÓFRYST ÝSUFLÖK**
*ROÐ OG BEINLAUS*
**1259 KR.KG**




**1395** KR.KG

BEINHREINSAÐUR **FROSINN LAX FRÁ CHILE** BEINHREINSAÐUR

## GOTT FISKMETI *FROSIÐ EÐA FORELDAÐ !*

I.KG. GRÍMS
**PLOKKFISKUR**
*TILBÚINN OG ÞARF AÐEINS AÐ HITA*




**959 KR.1KG**

FROSNAR OG STEIKTAR
**FISKIBOLLUR**
*TILBÚNAR OG ÞARF AÐEINS AÐ HITA*




**579 KR.KG**

ROÐ OG BEINLAUSIR
**FROSNIR ÞORSKBITAR**
*ÞARF AÐEINS AÐ ÞÍÐA*




**998 KR.KG**

BÓNUS FROSNIR
**FISKBITAR**
Í RASPI 800 GR
*TILBÚNIR OG ÞARF AÐEINS AÐ HITA*




**798 KR.PK**

**5 KRÓNUR** AF HVERRI SELDRI HIMNESKT VÖRU Í SEPTEMBER RENNA TIL BARNAHEILLA

Barnaheill
Save the Children Iceland

Á GÓÐU VERÐI Í BÓNUS



BÓNUS/MYLLU
**MÖNDLUKAKA 420 GR**
**298 KR**




BÓNUS/MYLLU
**KORNBRAUÐ 500 GR**
**129 KR**

**BÓNUS** EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## OPNUM KL.11 NÝTT KORTATÍMABIL OPNUM KL.11



**1398 KR.KG**
KJARNAFÆÐI
*AF NÝSLÁTRUÐU*
FERSKT
LAMBALÆRI

**KJARNAFÆÐI**



**1879 KR.KG**
KJARNAFÆÐI
*AF NÝSLÁTRUÐU*
FERSKUR
LAMBAHRYGGUR



**295 KR.KG**
KJARNAFÆÐI *AF NÝSLÁTRUÐU*
FERSK LAMBAHJÖRTU



**295 KR.KG**
KJARNAFÆÐI *AF NÝSLÁTRUÐU*
FERSK LAMBALIFUR



**BÓNUS KAFFI**
500 GR
**398 KR.**

FROSIÐ ÓSOÐIÐ
SLÁTUR Á GÓÐU VERÐI



LIFRARPYLSA
**598 KR.KG**
BLÓÐMÖR
**579 KR.KG**



ENGINN VIÐBÆTTUR SYKUR
BÓNUS HREINN EPLA OG APPELSÍNUSAFI I LTR.
**129 KR. LTR**

FRÁ KAUPFÉLAGI SKAGFIRÐINGA
**FROSINN LAMBABÓGUR SAGAÐUR Í SÚPUKJÖT**

HAUST SLÁTRUN 2011



**859 KR.KG**



**HEIMA MÖNDLUR**
500 GR MEÐ HÝÐI
**698 KR**



RÍSMJÓLK & MÖNDLUMJÓLK
**298 KR. 1 LTR**

ÓDÝRUSTU BLEIURNAR Í BÓNUS



**1398 KR.PK**
MIDI 4-9 KG/ 56 STK.- MAXI 9-18 KG/50 STK.-JUNIOR 15-25 KG/44 STK



HLEÐSLA 6 X 250 ML.
M. SÚKKULAÐIBRAGÐI
**6 FERNUR Á VERÐI 4**



750 ML ÓLÍFUOLÍA
*EXTRA VIRGIN*
**598 KR**

## ÍSLANDSNAUT 100% FERSKT NAUTAKJÖT



ÍSLANDSNAUT FERSKT
100% UNGNAUTAHAKK
**1498 KR.KG.**

UNGNAUTHAMBORGARAR
FJÓRIR FERSKIR M.BRAUÐI
**698 KR. PK.**

ÓDÝRUSTU KJÚKLINGA-BRINGURNAR Í BÓNUS



FROSNAR 900 GR
KJÚKLINGABRINGUR
**1498 KR.PK**



**198 KR. 2 LTR.**

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

**198 PUNKTAR** er 5 ára skuldatryggingaálag ríkissjóðs. Skuldatryggingaálagið hefur ekki farið niður fyrir 200 punkta frá því í júní 2008.

Eignir Landsbankans færðar til:

# Landsbréf taka við öllum eignum Horns

Landsbréf, rekstrarfélag verðbréfasjóða í eigu Landsbankans, hafa tekið yfir rekstur og stýringu eigna Horns fjárfestingarfélags sem er einnig í eigu Landsbankans.

Landsbankinn lýsti því yfir í maí síðastliðnum að til stæði að færa eignasafn Horns inn í Landsbréf. Fjármálaeftirlitið veitti Landsbréfum leyfi til eignastýringar þann 11. september síðastliðinn og var í kjölfarið skrifað undir samning milli Landsbréfa og Horns.

Samhliða yfirtöku Landsbréfa á eignum Horns hafa allir fyrrverandi starfsmenn Horns gengið til liðs við Landsbréf þar sem fimmtán sérfræðingar starfa nú í stýringu eigna.

Horn hefur verið eitt stærsta eignarhaldsfélag landsins með eignir í umsjá að verðmæti um 30 milljarða króna. Meðal þeirra eigna má nefna tæplega 4% hlut í Eimskipi, 12,5% hlut í Eyri Invest, og tæplega 50% hlut í Promens.

- mþl



**EIMSKIP** Meðal eigna sem Landsbréf hafa nú tekið við má nefna 4% hlut í Eimskipi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**EIGENDURNIR** Fjárfestingafélagið Vogabakki er í eigu þeirra Hallbjörns Karlssonar (t.v.) og Árna Haukssonar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kaup í Högum reyndust arðsöm:

# Vogabakki hagnaðist um 414 milljónir

Vogabakki ehf., fjárfestingafélag í eigu Árna Haukssonar og Hallbjörns Karlssonar, hagnaðist um 2,6 milljónir evra á árinu 2011, eða um 414 milljónir króna á gengi dagsins í dag. Eigið fé félagsins var rúmir tveir milljarðar króna um síðustu áramót. Þetta kemur fram í ársreikningi Vogabakka sem samþykktur var 14. september.

Hagnaður Vogabakka var allur tilkominn vegna gagnvirðisbreytinga á hlutabréfum í eigu félagsins, en þær námu tæpum 480 milljónum króna í fyrra. Stærsta eign Vogabakka er eignarhlutur í Högum sem félagið á í gegnum Búvelli slhf., en félagið er næststærsti einstaki eigandi Haga með 7,9 prósenta eignarhlut. Árni og Hallbjörn keyptu upphaflega hluti sína í Högum í febrúar 2011 á genginu 10 og bættu síðan við hlut um haustið á genginu 11. Gengi Haga í lok viðskipta í gær var 18,5 krónur og því ljóst að arður tvímenninganna á viðskiptunum er mikill.

Skuldir Vogabakka í árslok 2010 voru nánast einvörðungu við tengda aðila. Í ársreikningnum kemur fram að félagið hafi stofnað til 650 milljóna króna skulda við lánastofnanir á síðasta ári.

- þsj

# Telur Evrópu vanta hagvaxtaráætlun

**Robert Parker, aðalráðgjafi Credit Suisse, telur fjármagnsinnspýtingar seðlabanka í Evrópu vera að hafa góð áhrif. Fyrirsjáanlegur hagvöxtur í álfunni er þó ekki nægilega mikill. Bandaríkin eru í bata en stórir áhættuþættir til staðar.**

Bandarískt hagkerfi er í bata en stórir áhættuþættir eru þar til staðar, Evrópu vantar trúverðuga hagvaxtaráætlun og Grikkir munu fara út úr evru-samstarfinu í lok árs 2013. Þetta er meðal þess sem kom fram í framsögu Roberts Parker, aðalráðgjafa Credit Suisse, á haustráðstefnu MP banka sem haldin var í gær.

Parker fjallaði þar með víðtækum hætti um stöðu mála á alþjóðamörkuðum og hvernig ýmsir eignaflokkar, einkum hlutabréf, skuldabréf og ýmiss konar hrávara, ávaxtast um þessar mundir og hvernig hann býst við að þeir þróist á næstu misserum.

Parker fjallaði meðal annars um stöðuna í Evrópu. Heilt yfir væru seðlabankar að styðja við hagvöxt með fjárinnspýtingu og það væri að hafa góð áhrif. Í Evrópu væri þó enn fyrir hendi vandamál, sem sneri að því að trúverðug hagvaxtaráætlun, heildstæð fyrir álfuna alla, væri ekki fyrir hendi. Að hans mati hafa þeir björgunarpakkar sem veittir voru til Írlands og Portúgals virkað sérstaklega vel. Bati Íra sé mikil velgengnissaga og í Portúgal er að eiga sér stað það sem Parker kallaði öfuga nýlenduvæðingu. Það felst í því að Angóla, sem er fyrrum nýlenda Portúgala, er að fjárfesta í síauknum mæli með uppkaupum á ódýrum eignum í Portúgal með olíuauði sínum. Sú aukning í erlendri fjárfestingu sé að gagnast Portúgölum.

Parker telur að evrópski Seðlabankinn muni líkast til þurfa að kaupa ríkisskuldabréf Spánar síðar á þessu ári vegna vandræða í efnahagsmálum þess ríkis. Þá taldi hann mikla áhættu fylgja kosningunum á Ítalíu á næsta ári þar sem ríkisstjórn Mario Monti hafi staðið sig vel. Ef flokkur Silvio Berlusconi kæmist aftur til valda þá gæti það valdið miklum skaða, að mati Parkers.

Parker sagði það skipta litlu máli fyrir fjármálageirann ef Grikkir myndu yfirgefa evruna. Parker sagði að flestir byggjust við því að Grikkir myndu semja um eins árs frestun á björgunarpakka sínum, en að þeir myndu samt sem áður ekki geta mætt þeim skilyrðum sem þeir þyrftu í lok árs 2013. Að mati Parkers myndu Grikkir því yfirgefa evruna í lok árs 2013 og taka upp drökmu að nýju.

Norður-Evrópa, með Þýskaland í broddi fylkingar, ætti að upplifa aukna hagsæld á síðasta fjórðungi ársins 2012, sem hefur að öðru leyti verið stöðnunar- eða samdráttarár víðast í Evrópu. Jákvæðir hagvísar þar að mati Parkers er aukin neysla, meðal annars í kjölfar kjarasamningsbundinna launahækkana, og því að evran er undirverðlögð hjá norðurevrópskum hagkerfum.

Parker spáði því að hagvöxtur í Bandaríkjunum yrði 1,8 prósent á árinu 2013 en taldi yfirvofandi áhættu til staðar í hagkerfi landsins. Þau vandamál gætu haft áhrif á alþjóðamarkaði með hlutabréf og hann spáði að markaðir gætu tekið dýfu í desember næstkomandi ef skattalagabreytingar sem eiga að taka gildi 1. janúar næstkomandi verði að veruleika. Þær eru margvíslegar og gætu valdið óróleika hjá fjárfestum, með fyrrnefndum afleiðingum. Parker verður í ítarlegu viðtali í næsta þætti Klinksins sem mun birtast á Vísi.is næstkomandi sunnudag.

thordur@frettabladid.is



**FRAMSAGA** Robert Parker flutti erindi á haustráðstefnu MP banka sem haldin var í Turninum við Smáratorg í hádeginu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Góður efnahagsbati á Íslandi

Að mati Parkers hefur efnahagsbati Íslands verið nokkuð góður og allar hagtölur styddu við þá greiningu. Hins vegar væru nokkur stór sýnileg vandamál sem steðjuðu að hagkerfinu. Það fyrsta eru gjaldeyrishöftin og hvernig þau verða afnumin. Hann varaði sérstaklega við afleiðingum þess að „sjokk"-aðferð yrði beitt og höftin afnumin hratt. Hagkerfið myndi ekki lifa það af. Þá þyrfti einnig að klára slit á þrotabúum föllnu bankanna sem fyrst með einhverjum hætti, helst innan árs. Það skipti miklu máli fyrir trú erlendra fjárfesta á Íslandi. Að lokum þurfi Íslendingar að passa mjög vel upp á að reka skynsamlega efnahagsstefnu. Óábyrg skref frá þeirri átt eftir kosningarnar á næsta ári myndu hafa mjög neikvæð áhrif.

Hann sagði upptöku evru geta haft margt jákvætt í för með sér fyrir Ísland. Fyrst þyrfti hins vegar að afnema höft og halda samhliða áfram aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Parker lagði þó áherslu á að Íslendingar þyrftu að gera sér grein fyrir því að með upptöku evru væru þeir að gefa frá sér efnahagslegt sjálfstæði.




Takk fyrir!

Evrópustofa þakkar öllum þeim sem tóku þátt í sumarleiknum *Hvað veistu? Rétt eða rangt um ESB* og létu reyna á þekkingu sína í Evrópumálum!

- 1. verðlaun, helgarferð fyrir tvo til Brussel (flug og gisting) hreppti Sólrún Einarsdóttir í Reykjavík.
- 2. - 3. verðlaun, gjafabréf út að borða og leikhúsmiðar fyrir tvo, komu í hlut Róberts Tómassonar í Reykjanesbæ og Agnesar Árnadóttur á Húsavík.

**Við óskum vinningshöfunum til hamingju!**

Evrópustofa
Upplýsingamiðstöð ESB
www.evropustofa.is
Suðurgötu 10 - Reykjavík
Kaupvangsstræti 23 -Akureyri

Evrópusambandið fjármagnar starfsemi Evrópustofu.

**Rétt eða rangt um ESB?**

1 Ef Ísland gengur í ESB falla niður tollar á vörum sem pantaðar eru á netinu frá Evrópusambandslöndum. ☐ Rétt ☐ Rangt

2 ESB krefst þess að togarasjómenn noti hárnet við veiðar. ☐ Rétt ☐ Rangt

3 Gangi Ísland í ESB þarf að breyta merkingum á öllum innlendum vörum og merkja þær, bæði á ensku og íslensku, með „framleitt í ESB." ☐ Rétt ☐ Rangt

4 Íslendingar munu þurfa að flagga ESB fánanum til jafns við hinn íslenska gangi landið til liðs við ESB. ☐ Rétt ☐ Rangt

5 Þegar Króatía gerist aðili að Evrópusambandinu á næsta ári þarf ESB að innkalla alla fána sambandins til að bæta við 28. stjörnunni. ☐ Rétt ☐ Rangt

6 Bannað er að veiða lunda innan ESB. ☐ Rétt ☐ Rangt

Rétt svör: 1) rétt, 2) rangt, 3) rangt, 4) rangt, 5) rangt, 6) rétt.

# EITT ÞAÐ BESTA FRÁ

# Panasonic




**Panasonic TXL42E5Y**

## 159.990

ÁÐUR **189.990**

## ÖRÞUNNUR IPS LED HÁGÆÐA SKJÁR

**Háskerpu upplausn fyrir hámarks upplifun af Blu-ray diskum, leikjatölvum eða háskerpu sjónvarpsútsendingum**

**150Hz Backlight scanning**
Clear Panel myndsían fjarlægir óæskilegt ljós úr skjánum sem tryggir bjartari og meiri myndgæði. 150Hz tæknin skilar allri hreyfingu frábærlega til áhorfandans.

**VIERA Connect**
Viera Connect færir þér Internetið á stóran skjá beint heim í stofu og gerir þér kleift að njóta efnis á mörgum mismunandi formum ásamt því að halda sambandi við vini á Facebook eða Twitter og vera í sambandi gegnum Skype. Einnig er hægt að spila leiki án þess að nota tölvu.

**VrealLIVE örgjörvi**
Velkomin í veröld SmartTV með VIERA og Vreal Live. Myndvinnsluörgjörvinn er hannaður til að tryggja bæði hraða og nákvæma netvirkni ásamt bestu mögulegu myndgæðum.

**V-Audio Surround**
V-Audio Surround er fjölrása hljóðstilling sem skilar Surround hljómgæðum úr innbyggðum hátölurum tækisins.

**Media spilari**
Settu í SD minniskort úr myndavél, upptökuvél eða snjallsíma eða tengdu USB minnislykil við sjónvarpið og Media Player kemur sjálfkrafa upp til að skoða og spila allt margmiðlunarefni.

**VIERA Remote App Support**
Stjórnaðu sjónvarpinu með snjallsímanum þínum óháð því hvort tækið er byggt á Android eða Apple stýrikerfi. Viera Remote App gefur þér möguleika á að senda margmiðlunarefni úr símanum þínum yfir í VIERA sjónvarpið.

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner
Panasonic

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stimpilgjaldið á að leggja niður:

## Óverjandi skattur

Fréttablaðið sagði frá því í gær að íslenzk stjórnvöld væru búin að skuldbinda sig gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) til að gera breytingar á stimpilgjöldum þannig að dregið verði úr kostnaði og hindrunum ef viðskiptavinir fjármálafyrirtækja vilja færa lánin sín á milli banka.

Þetta er hluti af skilyrðum, sem ESA setti fyrir samþykki sínu við aðstoð ríkisins við nýju viðskiptabankana þegar þeir voru settir á stofn. Starfshópur var settur í málið og á að skila frumvarpsdrögum í næsta mánuði. Fréttablaðið fékk fremur loðin svör við beinni fyrirspurn til fjármálaráðuneytisins um hvort stimpilgjöld yrðu afnumin þegar fólk færir lán á milli fjármálastofnana; fjármálaráðherra er víst ekki búinn að taka afstöðu til málsins.


SKOÐUN



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is


Stimpilgjaldið er einhver skrýtnasti og séríslenzkasti skatturinn sem við búum við. Það er rangnefnt gjald, enda kemur engin þjónusta ríkisins á móti því. Það er bara skattur, sem er lagður á fólk og fyrirtæki sem taka lán í formi veðskuldabréfa. Árið 2008 var lögum um skattinn breytt, þannig að fólk sem tekur lán fyrir sínum fyrstu íbúðakaupum er undanþegið honum. Hins vegar er það áfram svo að vilji fólk til dæmis færa húsnæðislánið sitt til annarrar lánastofnunar af því að þar bjóðast betri kjör, verður það að borga 0,4% af upphæð lánsins í skatt. Það fælir marga frá því að færa viðskipti sín og er veruleg hindrun í vegi virkrar samkeppni á fjármálamarkaðnum.

Nú þegar margir leita leiða til að skuldbreyta húsnæðisláninu sínu og íhuga til dæmis að breyta úr verðtryggðu láni í óverðtryggt, er eðlilegt að fólk afli tilboða hjá mörgum fjármálastofnunum og beini viðskiptum sínum þangað sem beztu kjörin bjóðast. Stimpilgjaldið stendur í vegi fyrir því.

Stjórnmálamenn úr öllum flokkum hafa lengi gagnrýnt stimpilgjaldið. Það er ekki bara samkeppnishindrun á fjármálamarkaði, heldur mismunar það líka lánsformum, veikir alþjóðlega samkeppnisstöðu íslenzkra fyrirtækja, er hindrun í vegi erlendrar fjárfestingar og var einn af þeim þáttum sem á sínum tíma ýttu fólki og fyrirtækjum út í að taka erlend lán fremur en innlend.

Samt er þessi óvinsæli og órökrétti skattur býsna lífseigur. Á síðasta þingi fluttu bæði sjálfstæðismenn og framsóknarmenn á Alþingi frumvörp um að stimpilgjöld af lánum vegna fasteignakaupa yrðu afnumin. Þau náðu ekki fram að ganga.

Samt ættu stjórnarandstöðuflokkarnir að eiga góða bandamenn í stjórnarliðinu í þessu máli. Forsætisráðherrann, Jóhanna Sigurðardóttir, hefur til dæmis kallað stimpilgjaldið „okurskatt" og að ríkisvaldið komi með „krumluna" og hirði hundruð þúsunda af húsnæðiskaupendum sem vilji endurfjármagna lán sín og létta sér skuldabyrðina.

Í samtali við Fréttablaðið vorið 2007 sagði Jóhanna: „Það er mikill meirihluti fyrir því á Alþingi að afnema þessi gjöld. En þetta er orðin svo mikil tekjuöflun fyrir ríkissjóð að það er ekkert gert. Það getur hins vegar enginn varið þennan skatt. Hann er það óréttlátur."

Nú er tækifærið fyrir Jóhönnu og samráðherra hennar að framkvæma það í ríkisstjórn sem þau töluðu fyrir í stjórnarandstöðu. Stimpilgjaldið á að leggja niður, ekki bara af því að ESA segir þeim að gera það, heldur af því að það er ranglátur og óverjandi skattur.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



**Hjólum til framtíðar 2012 - rannsóknir og reynsla**

**Föstudaginn 21. sept. 2012 kl. 8.30 – 16 í Iðnó**

- Where are we going to? Academic Cycling Research. Peter Cox GB, lektor í félagsfræði við háskólann í Chester
- Winter cycling is an option, Jaakko Ylinampa FI, forstöðumaður þróunardeildar umhverfis- og samgangna í Lapplandi

***Innlendir fyrirlesarar flytja eftirfarandi erindi:***

- Mat á gæðum hjólaleiða
- Hjólað til og frá vinnu: Vísindaleg reynslusaga
- Hjólað í vinnuna, rannsókn á meðal liðsstjóra
- Hjólað í skólann – reiðhjólanotkun framhaldsskólanema
- Áhrif umhverfisupplifunar á samgönguhjólreiðafólk
- Allt á hreyfingu: Hjólreiðar og borgarrými
- Hjólastígar Reykjavíkurborgar – samstarf við Vegagerðina
- Samgöngusamningar – er þess virði að láta fjármuni í þetta?

Pallborðsumræður - kynning á Velo City - móttaka í Ráðhúsinu

Borgarstjóri, Jón Gnarr, afhendir Hjólaskálina
Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, ávarpar ráðstefnuna.
Fundarstjóri: Þorsteinn Hermannsson, samgönguverkfræðingur.
**Skráning á www.lhm.is og við innganginn – ráðstefnan er einnig send út á Netinu.**


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kæra borgarfulltrúar?

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins reiða hátt til höggs í bókun þar sem sagt er óviðunandi að borgarstjórn annist þjóðaratkvæðagreiðslu um drög að nýrri stjórnarskrá. Hanna Birna Kristjánsdóttir og félagar hennar segja svo illa staðið að undirbúningi atkvæðagreiðslunnar af hálfu þingmeirihluta á Alþingi að ólíklegt sé að hún fullnægi formskilyrðum laga. Þá verði ekki annað séð en að „innanríkisráðherra hafi farið út fyrir valdheimildir sínar með því að boða til atkvæðagreiðslunnar á ákveðnum degi án fullnægjandi lagaheimildar Alþingis". Ábyrgir stjórnmálamenn hljóta að kæra lögbrot og því hlýtur borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins að kæra atkvæðagreiðsluna.



### Gjörningsaðilinn

Hermt er að á íslensku megi alltaf finna svar og jafnvel orða stórt og smátt sem er og var. Þess vegna er óþarfi að standa í mikilli nýyrðasmíð, en stofnanamálið kallar oft á slíkt. Þannig greindi Landsbjörg frá að reynt hefði verið að brjótast inn í skip hennar, Sæbjörgu. Gjörningsaðila tókst þó ekki að komast inn í skipið.



### Hvað vill Vilhjálmur?

Framsóknarflokkurinn í Reykjavík býður upp á laugardagsspjall þar sem Vilhjálmur Birgisson, „verkalýðsforingi" á Akranesi, verður gestur. Yfirskriftin er einföld: „Hvað vill Vilhjálmur Birgisson? Endurreisn verkalýðshreyfinga og skipan lífeyrissjóða!" Þetta er aðdáunarverður áhugi á skoðunum Vilhjálms og vonandi aðeins upphafið að málfundaröð um hvað við öll viljum. Gnótt er af fólki með skoðanir. Hvað vill Jón Jónsson? Hvað vill Jóna Jónsdóttir? Þetta gæti orðið hin besta skemmtun.

**kolbeinn@frettabladid.is**

HALLDÓR




## Gegn fátækt


Þróunarsamvinna



**Þorvaldur Gylfason**

hagfræðiprófessor


Fátækt er ranglát, einkum gagnvart bjargarvana börnum, sem ráða engu um afkomu sína. En fátækt fer minnkandi um allan heim. Baráttan gegn fátæktinni hefur borið árangur. Um þennan árangur má hafa margt til marks. Sárasta fátækt líða þeir, sem þurfa að draga fram lífið á 1,25 Bandaríkjadollurum á dag eða minna. Alþjóðabankinn hefur fylgzt með þessum hópi frá 1981. Fyrir 30 árum þurftu þrír af hverjum fjórum íbúum Austur-Asíu að gera sér að góðu 1,25 dollara á dag, en nú er hlutfallið komið niður í einn af hverjum sjö. Í Suður-Asíu þurftu sex af hverjum tíu að láta sér duga 1,25 dollara á dag 1981, en nú er hlutfallið komið niður í röskan þriðjung. Í Suður-Ameríku hefur allra fátækasta fólkinu fækkað úr 12% af mannfjöldanum 1981 niður í 6% 2008. Framsóknin hefur verið hægari í Afríku. Þar lifðu 52% mannfjöldans á 1,25 dollurum á dag eða minna fyrir 30 árum, en nú er hlutfallið 48%. Afríka hefur rétt úr kútnum síðustu ár. Sum þeirra landa, sem búa við mestan hagvöxt nú, eru í Afríku. Botsvana á heimsmet í hagvexti frá 1965.

Hagtölur segja þó ekki nema hálfa söguna um árangurinn af baráttunni við fátækt. Nýfætt barn í Kína 1960 gat vænzt þess að ná 43 ára aldri. Nú getur kínverskur hvítvoðungur vænzt þess að verða 73 ára. Meðalævin í Kína hefur því lengzt um 30 ár á hálfri öld eða um röska sjö mánuði á ári. Það er bylting. Í Indlandi hefur meðalævin lengzt úr 42 árum 1960 í 65 ár 2010 eða um næstum sex mánuði á ári. Þetta skiptir máli m.a. vegna þess, að þriðjungur mannkyns á heima í Indlandi og Kína. Betri hagstjórn og frjálsari viðskipti eiga ríkan þátt í þessum umskiptum þar og víða annars staðar. Þróunarsamvinna hefur gert gagn. Þróunarsamvinnustofnun Íslands vinnur gott og þarft verk.

> Í Suður-Ameríku hefur allra fátækasta fólkinu fækkað úr 12% af mannfjöldanum 1981 niður í 6% 2008. Framsóknin hefur verið hægari í Afríku.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hommaathvarf í miðbænum

Samfélagsmál

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir
stjórnarformaður Kvennaathvarfsins



Ímyndum okkur að líkamlegt, andlegt og kynferðislegt ofbeldi gegn fólki af erlendum uppruna væri stjórnlaus samfélagsvandi á Íslandi. Ímyndum okkur að vandamálið næði slíku stigi að það yrði að opna sérstakt útlendingaathvarf sem fólk af erlendu bergi gæti flúið í þegar ofbeldið gengi fram af því.

Ímyndum okkur að árásir og ógn við líf samkynhneigðra væri svo útbreitt samfélagsmein að það yrði að opna sérstakt hommaathvarf í miðbæ Reykjavíkur. Eða að íslam-fóbían myndi ná því stigi að múslímar þyrftu að flýja í sérstakt múslímaathvarf til að bjarga sér og börnum sínum frá ofbeldi og kúgun.

Flestir fá eflaust óbragð í munninn við tilhugsunina. Opnun athvarfs til að skýla þolendum frá skefjalausu ofbeldi er auðvitað þrautalending. Það ræðst ekki að rót vandans. Bygging og rekstur athvarfs upprætir ekki hatrið og fordómana sem liggja til grundvallar ofbeldinu.

Engu að síður er staðan sú að í dag rekum við kvennaathvarf á Íslandi. Ég ætti að vita það, ég er stjórnarformaður þess. Og mér finnst tilvist þess alveg fjarstæðukennd. Jafn fjarstæðukennd og mér þætti hugmyndin um hommaathvarf eða útlendingaathvarf. En burtséð frá afstöðu minni til hugmyndarinnar um kvennaathvarf er raunveruleg og knýjandi þörf fyrir slíkt athvarf á Íslandi í dag. Sorglegt en satt. Ekki nóg með það, heldur annar Kvennaathvarfið varla eftirspurn, þrátt fyrir frábært og óbilandi starf þeirra sem þar vinna. Fjöldi kvenna og barna sem sækja í athvarfið hefur aukist svo mikið undanfarin ár að húsnæðið er sprungið utan af núverandi starfsemi.

Áður en ég settist í stjórn Kvennaathvarfsins vissi ég ýmislegt um kynbundið ofbeldi og hafði skrifað heila bók um málefnið. Samt skorti mig ímyndunarafl til að sjá fyrir mér börn, allt niður í fimm vikna gömul, með ofbeldisáverka. Nú veit ég af tilvist þessara barna. Það koma nefnilega í Kvennaathvarfið með mæðrum sínum þegar þær flýja óbærilegt ofbeldisástand heima fyrir. Á álagstímum í athvarfinu er jafnvel ekki hægt að bjóða þeim rúm til að sofa í. Þá eyða þau nóttinni á dýnu á gólfinu, eða fjölmenna ásamt mæðrum sínum og ókunnugu fólki í einu herbergi. Staðan er óviðunandi á allan hátt. Allt er gert til að koma í veg fyrir að vísa þurfi fólki frá, enda er það einörð afstaða Kvennaathvarfsins að það sé alltaf pláss fyrir alla, þótt herbergin séu full. Dyrnar standa ávallt opnar fyrir þá sem þurfa aðstoð.

En einhvers staðar brugðumst við, sem samfélag. Við þurfum að ráðast að rótum vandans. Þegar á hólminn er komið felst lausnin ekki í því að stækka húsnæði Kvennaathvarfsins, þótt þörfin sé æpandi, heldur með því að taka kynbundið ofbeldi fastari tökum. Markmiðið ætti að vera að útrýma því, svo einn góðan veðurdag verði hugmyndin um kvennaathvarf jafn fjarstæðukennd og hugmyndin um hommaathvarf eða útlendingaathvarf.

Þangað til þurfum við að horfast í augu við blákaldan veruleikann. Konur og börn flýja ofbeldi á heimilum sínum í hundraðatali á ári hverju. Þau verðskulda mannsæmandi aðstæður, sem núverandi húsnæði Kvennaathvarfsins býður ekki upp á. Þess vegna stendur nú yfir tölusala í þágu Kvennaathvarfsins undir yfirskriftinni Öll með tölu. Ég skora á alla að kaupa sér tölu svo við getum leyst skammtímavanda Kvennaathvarfsins. Í kjölfarið biðla ég til þjóðarinnar að leita að langtímalausn – svo einn daginn verði engin þörf fyrir kvennaathvarf.

Áður en ég settist í stjórn Kvennaathvarfsins vissi ég ýmislegt um kynbundið ofbeldi og hafði skrifað heila bók um málefnið. Samt skorti mig ímyndunarafl til að sjá fyrir mér börn, allt niður í fimm vikna gömul, með ofbeldisáverka.

# Mikilvægi tungumálanáms og -kennslu

Menntun

Hólmfríður Garðarsdóttir
prófessor



Tungumál ljúka upp heimum er titill bókar sem Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur í erlendum tungumálum gaf út árið 2010. Titill bókarinnar er fenginn að láni hjá Pétri Gunnarssyni rithöfundi. Hann, ásamt 26 öðrum rithöfundum, birtir í bókinni hugleiðingar um gildi tungumálaþekkingar og -færni. Pétur gerir að umtalsefni hvernig þekking á erlendum tungumálum opnar okkur sýn inn í menningarsamfélög sem annars væru okkur hulin eða við ættum einungis aðgengi að fyrir tilstuðlan þýðinga. Vigdís Grímsdóttir segir í sömu bók: „Tungumálakunnátta er lykill sem gengur að öllum heimsins skrám, hún opnar allt og víkkar allt og stækkar allt. [...] hún breytir andstæðum í samheiti [...] og hún eyðir deilum og heimsku og nefndu bara hvað gerist þegar þú snýrð lyklinum og leggur af stað“ (bls. 100).

Þegar samfélagsþróun á Íslandi á síðustu árum er skoðuð blasir við að þekking á sem flestum tungumálum verður æ mikilvægari í ljósi þess að samsetning íbúanna breytist, þátttaka Íslands og Íslendinga á alþjóðavettvangi eykst og hingað flykkjast hundruð þúsunda ferðamanna ár hvert. Við höfum einsett okkur að veita þessum gestum fyrirmyndarþjónustu og -aðgengi að landinu, menningu þess og þjóðlífi. En þessir gestir tala ekki íslensku og margir þeirra tala ekki annað en eigið móðurmál. Dæmin eru fjölmörg og það kemur mörgu því kornunga fólki sem vinnur við ferðaþjónustu á Íslandi í opna skjöldu að uppgötva að fólk frá nágrannalöndum okkar eins og Þýskalandi, Frakklandi, Ítalíu og Spáni skuli ekki tala annað en sitt eigið móðurmál. En sú er raunin og það er á okkar ábyrgð að undirbúa starfsfólk ferðaþjónustunnar fyrir móttöku þeirra með því að kenna íslenskum ungmennum sem flest tungumál – og það vel. Við munum njóta meiri virðingar og velvilja fyrir vikið.

Grunnur að tungumálafærni Íslendinga er lagður í grunn- og framhaldsskólum og þar má ekki slá slöku við því að við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda á Hugvísindasviði Háskóla Íslands eru kennd 13 og stundum 14 erlend tungumál. Þar er að finna langar og stuttar námsleiðir, einvalalið sérmenntaðra kennara sem allir hafa dvalið langdvölum við erlenda háskóla og þekkja menninguna, þjóðlíf og sögu fjölmargra landa, þjóða, málsvæða og heimsálfa. Við þurfum ekki að leita langt yfir skammt því að við höfum allt sem til þarf við höndina.






Sony Center
www.sonycenter.is




5 ára ábyrgð
að verðmæti 12.000.- fylgir með í kaupunum




40" LED SJÓNVARP KDL40EX653
• 100 Hz X-Reality myndvinnsla
• Dynamic EDGE LED baklýsing
Tilboð 169.990.-




46" LED SJÓNVARP KDL46HX753
• 400 Hz X-Reality myndvinnsla
• Dynamic EDGE LED baklýsing
Tilboð 289.990.-

Sony Center I Verslun Nýherja Borgartúni I 569 7700 Sony Center I Verslun Nýherja Kaupangi Akureyri I 569 7645

# ÚTSALA ÁRSINS

## ekki missa af þessu!



PÚ SPARAR 20.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 109.900
NÚ **89.900** kr.

**Ofn**
EOB63300X burstað stál.
1830200
Electrolux



ÞÚ SPARAR 10.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 59.900
NÚ **49.900** kr.

**Helluborð**
EHF6342XOK.
1850524
Electrolux



ÞÚ SPARAR 12.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 99.900
NÚ **87.900** kr.

**Uppþvottavél**
ESF65050X.
1805340
Electrolux



ÞÚ SPARAR 20.000!

5 ÁRA ÁBYRGÐ

30 DAGA SKILARÉTTUR

VERÐ ÁÐUR 98.900
NÚ **78.900** kr.

**Kælir/frystir**
FK318.3 hvítur. H-181/186 cm
1805663
Amica



PARKET OG FLÍSAR 15-40% AFSLÁTTUR!

VERÐ ÁÐUR 2.199
NÚ **1.540** kr/m²

**Harðparket 7 mm**
Þriggja stafa hnota.
147054



VERÐ ÁÐUR 2.490
NÚ **1.690** kr/m²

**Harðparket 8 mm**
Eikarplanki
147066
KAINDL



VERÐ ÁÐUR 2.490
NÚ **1.849** kr/m²

**Veggflísar**
hvít glans 10,8x10,8 cm.
8600830

WORX



WORX RAFMAGNS VERKFÆRI 20-30% AFSLÁTTUR!

ÞÚ SPARAR 3.000!

VERÐ ÁÐUR 12.995
NÚ **9.995** kr.

**Juðari Worx**
WU645, 250W, 115mm.
5244858



HAND VERKFÆRI 20% AFSLÁTTUR!

ÞÚ SPARAR 1.000!

VERÐ ÁÐUR 2.995
NÚ **1.995** kr.

**Klaufhamar**
NEO 25-000 450 g.
5003065

MASCOT



VERÐ ÁÐUR 17.990
NÚ **14.392** kr.

**Mascot vinnubuxur**
Vandaðar og klæðilegar vinnubuxur.
5869021




ÚTIMÁLNING OG VIÐARVÖRN 20% AFSLÁTTUR

# 20-70% AFSLÁTTUR
## AÐEINS BROT AF ÚRVALINU




ÞÚ SPARAR 5.490!

**VERÐ ÁÐUR 7.200**
**NÚ 5.760 kr.**

**Handþeytari Desire**
Russell Hobbs 300W, 5 hraða.
1840063

Russell Hobbs
Smart in the kitchen

**VERÐ ÁÐUR 17.390**
**NÚ 11.900 kr.**

**Matvinnsluvél Desire**
Russell Hobbs 600W 1.5 ltr.
1840066

# TAX FREE
## Haustlaukar í Blómavali



BLÖNDUNARTÆKI
20-25%
AFSLÁTTUR!



EMMEVI

**VERÐ ÁÐUR 15.995**
**NÚ 11.995 kr**

**Eldhústæki**
Emmevi.
7900023

ÞÚ SPARAR 6.000!



**VERÐ ÁÐUR 20.595**
**NÚ 15.449 kr.**

**Eldhúsvaskur**
Reginox.
8032511

REGINOX

blómaval

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

# Hryggð yfir Alþingishúsinu

Samfélagsmál
Steinunn Jóhannesdóttir
rithöfundur



Þrátt fyrir sorg og leiða yfir stjórnmálaástandinu í landinu fann ég hjá mér löngun til þess að fara á þingpalla og hlýða á stefnuræðu Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra að kvöldi 12. september. Mig langaði til þess að vera viðstödd þegar fyrsta konan, sem leitt hefur ríkisstjórn á Íslandi, ávarpaði þing og þjóð við upphaf síðasta vetrar kjörtímabilsins. Ég leit á það sem sögulega stund. Jóhanna tók við stjórnartaumum við erfiðustu aðstæður frá stofnun lýðveldisins. Erfiðleikarnir reyndust ekki bara fólgnir í því risavaxna verkefni að reisa við efnahag þjóðar, sem haustið 2008 rambaði á barmi gjaldþrots, heldur hefur hún þurft að glíma við fádæma skort á samstöðu um viðfangsefnið, innan þings sem utan.

Ég klæddi mig í vindjakkann, setti á mig rauðu prjónahúfuna, sem mig langaði til að taka ofan fyrir henni, og skundaði niður á Austurvöll í myrkrinu og suddanum.

**Víggirðing**

Mér brá í brún þegar ég kom að hárri víggirðingu úr járni sem náði frá Alþingisgarðinum, utan um bílastæði dómkirkjunnar, út á miðjan Austurvöll og þaðan að skrifstofum Alþingis í Kirkjustræti. Á bak við dómkirkjuna voru tveir stæðilegir lögreglumenn á vakt við virkið og þegar ég bað þá um að hleypa mér inn fyrir svo ég kæmist upp á þingpalla til að hlusta á Jóhönnu sögðu þeir að það væri bannað. Þeir upplýstu mig um að ég gæti séð stefnuræðuna í sjónvarpinu. Ég sagði að það væri ekki það sama og að fylgjast með af pöllunum. Ég teldi það borgaralegan rétt minn. Þeir bentu mér á að tala við starfsbræður sína við aðalinnganginn Kirkjustrætismegin. Ég gekk því yfir Austurvöll, þar sem nokkrir beljakar stóðu við bláar tunnur sem þeir börðu af miklum móð. Hávaðinn var ærandi og mér stóð ekki á sama. Löggurnar við Kirkjustræti voru engu fúsari en hinir til þess að hleypa mér inn svo ég sá þann kost vænstan að fara aftur heim. Ég staldraði við hjá styttunni af Jóni og horfði hrygg í átt að Alþingishúsinu og dómkirkjunni, þessum fallegu og yfirlætislausu byggingum, táknum sögu og sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Þetta var eins og að horfa í átt að fangabúðum. Eftir nær fjögurra ára baráttu við eftirköst efnahagshrunsins leið alþingismönnum augljóslega eins og þeir hefðu verið kosnir til refsivistar en ekki virðingarverðs löggjafarstarfs.

**Egg og tómatar**

Þetta er fjórða haustið í röð sem ég fyllist hryggð við að ganga fram hjá Alþingishúsinu að lokinni þingsetningu. Húsið hefur verið útbíað í eggjum, tómötum, skyri og öðrum matvælum, ásamt ókjörum af klósettpappír, rúður í gluggum hafa verið brotnar og illyrtar orðsendingar til þings og ríkisstjórnar á miðum og mótmælaspjöldum legið eftir á stéttinni. Fyrir ári lá við slysi, þegar einn þingmaður fékk sendingu í höfuðið og féll í götuna. Við sama tækifæri vippaði forsetafrúin sér yfir reipið sem þá skildi að mótmælendur og löggjafarsamkunduna og hvarf út á Austurvöll. Í ár mætti hún ekki til þingsetningarinnar með forsetanum.

Útreiðin á Alþingishúsinu er til vitnis um illa haldna og sundraða þjóð, þjóð sem fór út af sporinu í efnahagsmálum og glataði við það hluta af sjálfsvirðingunni. Sjálfsvirðing þjóðar og þings verður ekki endurreist með því að víggirða Alþingishúsið. Hún verður ekki endurreist með hótunum forsetans um að taka völdin af Alþingi og ríkisstjórn. Virðingin vex einungis með því að fleiri hafi hugrekki, þrek og úthald á borð við það sem Jóhanna hefur sýnt við að þoka málum til betri vegar eftir þingræðislegum leiðum, þrátt fyrir mótlæti. Þingið getur hrist af sér eggin og tómatana. Þingið getur öðlast fyrri virðingu með virðingarverðari vinnubrögðum. En þingmenn í lýðræðisríki geta ekki skýlt sér á bak við járntjald sem reist er á milli þeirra og hinna reiðu og vonsviknu.

Járnvirki hindraði að ég gæti tekið ofan fyrir Jóhönnu 12. september. Eftir sem áður vona ég að henni takist að stýra ríkisstjórnarfarinu heilu í höfn á komandi vetri.




# Vilt þú persónukjör í kosningum til Alþingis?

Ný stjórnarskrá
Þorkell Helgason
sat í stjórnlagaráði



Efni þessa pistils fjallar um aðra tveggja spurninga um fyrirkomulag þingkosninga sem lögð verður fyrir þjóðina 20. október nk. Í heild er spurningin þannig: „Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?“

Við Alþingiskosningar er kosið um flokka og hefur svo verið í rúma hálfa öld. Kjósandi getur að vísu strikað út nöfn af þeim lista sem hann velur eða breytt röð frambjóðenda, en þetta er næsta gagnslaus athöfn. Aðeins einu sinni hefur það gerst að frambjóðandi hafi ekki náð þingsæti af þeim sökum. Það var fyrir margt löngu, árið 1946.

Lengi hefur verið talað um að gefa kjósendum raunverulegan kost á að velja sér þingmannsefni. Skref var stigið í þá átt í kosningalögum frá árinu 2000. Núverandi ríkisstjórn lagði fram frumvarp um allróttækt kerfi persónukjörs árið 2009 en það dagaði uppi vegna málþófs.

Stjórnlagaráð leggur til gagngerar breytingar á öllu fyrirkomulagi kosninga til Alþingis sem mælt verði fyrir um í stjórnarskrá. Þar ber hæst að gerð er krafa um jafnt vægi atkvæða, en líka um virkt persónukjör. Kjósendum skal gert kleift að velja sér frambjóðendur, jafnvel af listum fleiri en eins flokks. Þeir mega líka merkja við einn lista, eins og nú, en teljast þá hafa lagt alla frambjóðendur listans að jöfnu.

**Rök fyrir JÁ við spurningunni**

Þeir sem vilja persónukjör í meira mæli en nú svara með jái. Verði það niðurstaða meirihluta kjósenda má ætla að persónukjörsákvæði stjórnlagaráðs verði lögð til grundvallar. Hver eru rökin og hvað vinnst?:

- Mikill áhugi kom fram á þjóðfundinum 2010 á persónukjöri.
- Þjóðinni er brýnt að fá góða þingmenn. Valið á fulltrúum hvers flokks skiptir ekki síður máli en valið á milli flokkanna sjálfra.
- Kjósendur hér á landi hafa ekki haft raunverulegan kost á að velja sér frambjóðendur og orðið að merkja við lista eins og hann er að þeim réttur.
- Þróunin í grannlöndunum er til aukinna áhrifa kjósenda á val á þingmönnum. Við höfum verið eftirbátar annarra og þróunin jafnvel á stundum verið í öfuga átt. Í Finnlandi, Færeyjum og á Írlandi velja kjósendur alfarið hvaða frambjóðendur ná kjöri. Sama gildir í grundvallaratriðum í Hollandi og Svíþjóð og að verulegu leyti í Danmörku.
- Með persónukjörstillögum stjórnlagaráðs er farinn meðalvegur þar sem flokkarnir ákveða áfram hvaða frambjóðendur standa til boða en kjósendur velja síðan á milli þeirra. Segja má að flokkarnir leggi réttina á hlaðborðið en kjósendur velji sér þá sem þeim finnast gómsætastir!
- Flokkar njóta ekki vinsælda um þessar mundir. Gæti orsökin m.a. verið sú að fólki finnist það vanvirt með því að fá aðeins að kjósa fyrirskrifaða lista í heilu lagi en fái litlu ráðið um hvaða einstaklingar veljast á þing?
- Virðing Alþingis er lítil og áhugi á lýðræðinu dræmur. Með persónukjöri má snúa þessu við og vekja fólk til lýðræðislegrar þátttöku og ábyrgðar.

**Rök fyrir NEI við spurningunni**

Þeir sem segja nei eru væntanlega að lýsa blessun sinni yfir núverandi kerfi, þar sem röð þingsæta er ákveðin innan hvers flokks; stundum með prófkjörum, misjöfnum að gæðum. Á kjörstað standa síðan þessar pakkalausnir til boða. Rök þeirra sem vilja viðhalda þessu gætu verið eftirfarandi, hér ásamt gagnrökum pistilshöfundar:

- Fullyrt er að persónukjör grafi undan flokkunum. Ekki verður þó annað séð en að flokkar séu sprelllifandi í þeim grannlöndum þar sem alfarið eru kosnir einstaklingar en ekki flokkar, svo sem í Finnlandi eða á Írlandi.
- Sagt er að kosningabarátta muni snúast um persónur en ekki stefnur ef tekið verður upp persónukjör. En þingmenn eru bundnir við sannfæringu sína en ekki við stefnumið úr kosningabaráttunni. Kjósendum er því brýnt að geta valið sér fulltrúa með heilbrigða skynsemi – og samviskusama sannfæringu!
- Sagt er að þingmenn þurfi að vera innbyrðis samstíga, hver í sínum flokki, ella verði glundroði. Þetta þarf ekki að vera algengt enda spurning um vinnubrögð og umræðumenningu. Benda má á að fulltrúum í stjórnlagaráði tókst prýðilega að ná saman og voru þó allir valdir sem einstaklingar, en ekki sem fulltrúar einhverra hópa.

**Ályktun**

Pistilhöfundur mælir með jáyrði við spurningunni um persónukjör þannig að kjósendur fái raunveruleg áhrif við kjörborðið og þar með aukna lýðræðisvitund.

**AF NETINU**

**Menntamálaráðuneytið gegn menningu**

Göngur og réttir eru ekki einungis mikilvægar fyrir íslenskt atvinnulíf á landsbyggðinni. Göngur og réttir með þeim hefðum sem þeim fylgja eru mikilvæg menningarverðmæti íslensku þjóðarinnar.

Það er mikilvægt að íslensk æska hafi kost á að kynnast þessum þjóðmenningarverðmætum Íslendinga. Þá er ekki síður lærdómsfullt fyrir börnin okkar að taka þátt í göngum og réttum og átta sig þannig á samhengi landbúnaðar, vinnu og matvælaöflunar. En menntamálaráðuneytið leggur stein í götu þessa. Af ástæðum sem menntamálaráðuneytið hefur ekki getað fært rök fyrir önnur en „þessu verður ekki breytt“ þá velur ráðuneytið að halda samræmd próf í miðjum göngum og réttum. Þannig kemur ráðuneytið í veg fyrir að þau börn og unglingar sem kost hafa á því að taka þátt í íslenskri þjóðmenningu samhliða því að gera gagn geti sótt réttir.

http://blog.pressan.is

Hallur Magnússon




Vnr. 0113456
**PLASTPARKET**
**1.590 kr./m²**




Vnr. 0113445
**HARÐPARKET**
**2.990 kr./m²**

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

# LÁGT VERÐ
## – ALLA DAGA

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
1962-2012
50



Vnr. 19606010/15
**VEGGFLÍSAR**
**1.990 kr./m²**



Vnr. 18090000/5/10
**GÓLF- OG VEGGFLÍSAR**
**4.990 kr./m²**



Vnr. 19607000/5
**GÓLF- OG VEGGFLÍSAR**
**4.990 kr./m²**



Vnr. 18073700/50
**BÍLSKÚRSFLÍSAR**
**2.590 kr./m²**

Disney



Vnr. 52222828-9
DISNEY borðlampi.
**3.995 kr.**



Vnr. 52221722/4/6
DISNEY loftljós.
**995 kr.**



Vnr. 52226103-4
DISNEY veggljós.
**2.295 kr.**



Vnr. 52226071
DISNEY loftljós, 40 cm.
**2.995 kr.**

Armatura®



Vnr. 15400044
**ELDHÚSTÆKI**
**2.995 kr.**



Vnr. 15400042
**HANDLAUGARTÆKI**
**2.995 kr.**

Sadolin

10 LÍTRAR
GLJÁSTIG 2




Vnr. 89000182
**LOFTAMÁLNING**
**5.490 kr.**

7 LÍTRAR
GLJÁSTIG 10




Vnr. 89071170
**INNIMÁLNING**
**5.990 kr.**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

# Sameinaður Landspítali

Nýr Landspítali



Jóhannes M. Gunnarsson
læknisfræðilegur verkefnisstjóri Nýs Landspítala

Sameining spítalanna í Reykjavík árið 2000 tók fyrst og fremst til stjórnunarlegrar sameiningar. Af henni hefur sannarlega orðið umtalsverður faglegur ávinningur og nokkur fjárhagslegur. Stóri ávinningurinn næst þegar öll bráðastarfsemin er komin á einn stað í húsnæði sem hæfir nútíma starfsemi af þessu tagi. Breytt hlutverk Landspítala, ný og fyrirferðarmeiri tæki, aukin þekking á samhengi hönnunar húsnæðis og meðferðarárangri og kröfur sjúklinga og aðstandenda til að friðhelgi einkalífs þeirra sé virt kallar allt á nýtt húsnæði spítalans. Unnið hefur verið að undirbúningi sameinaðs húsnæðis frá árinu 2001.

### Deila um staðsetningu

Rúmgóð lóð neðan gömlu Hringbrautar hefur verið frátekin fyrir uppbyggingu Landspítala og Háskóla Íslands í áratugi og verið á aðalskipulagi frá 1976. Legu Hringbrautar hefur verið breytt og staðsetning sameinaðs Landspítala ákveðin fyrir áratug síðan að vel ígrunduðu máli. Eðlilegt má telja að margir þeirra sem störfuðu á Borgarspítalanum litu til Fossvogs sem framtíðarsvæðis sameinaðs spítala og að nýta mætti byggingar Borgarspítalans ekki síður en húsin við Hringbraut. Borgaryfirvöld færðu rök fyrir því að vegtenging við stofnbrautir væri mjög umhendis í Fossvogi og útilokuðu þá staðsetningu. Því úthlutaði borgin mestum hluta lóðarinnar í Fossvogi til annarra þarfa. Bygging sameinaðs spítala á nýjum stað, hvort sem er á Vífilsstöðum, Geirsnefi eða Hólmsheiði, þýddi að byggja þyrfti allan spítalann frá grunni áður en hann kæmist í notkun og yrði þar af leiðandi nær þrisvar sinnum dýrari en núverandi áform sem gera ráð fyrir að eldra húsnæði nýtist fyrir minna krefjandi starfsemi hvað varðar tækniútfærslur. Þá er nýlegur barnaspítali við Hringbraut. Engin leið er að horfa fram hjá þessum staðreyndum. Mörg önnur rök mæla með staðsetningu spítalans við Hringbraut, s.s. nálægð við miðstöð samgangna, tvær meginstofnbrautir við lóðarmörk og nálægð við Háskóla Íslands.

> Aðalatriði þessa máls er að húsnæði spítalans getur ekki lengur tekið við þeim tækjabúnaði sem til þarf svo nútíma lækningar verði stundaðar vegna skorts á rými, lofthæð og burðarþoli.

### Minnsta mögulega stærð til hagkvæmrar sameiningar

Mikilvægt er að þess sé gætt að það sem borið er saman sé sambærilegt. Flatarmálsþörf sameinaðs spítala sem ráðgjafar hafa lagt fram á mismunandi tímum eru þessar:

| | |
|---|---|
| Hugmyndavinna Ementor 2001 (Danmörk) | 21.000 m² |
| Hugmyndavinna White arkitekter 2002 (Svíþjóð) | 144.000 m² |
| Hönnun C. F. Möller 2008 (Danmörk) | 179.000 m² |
| Greining Hospitalitet 2009 (Noregur) | 119.000 m² |
| Hönnun SPITAL 2012 (Ísland) | 132.000 m² |

Hér er átt við húsnæðisþarfir spítalans, gamalt og nýtt en án bílastæðahúsa og án bygginga Háskóla Íslands. Tölurnar eru því samanburðarhæfar. Húsnæði sem spítalinn yfirgefur eftir að fyrirhuguð nýbygging verður tekin í notkun er 44.000 m² og er á eftirtöldum stöðum: LSH Fossvogi, rannsóknarstofur Ármúla, blóðbanki Snorrabraut, skrifstofur Eiríksgötu 5, 19, 21 og 29, augnskurðstofur Þorfinnsgötu, sjúklingaíbúðir á nokkrum stöðum, skjalasafn Vesturhlíð, lífsýnasafn Skógarhlíð, sjúklingahótel Ármúla, dauðhreinsun og birgðastöð Tunguhálsi. Augljóst hagræði er að ná þessari starfsemi á einn stað. Aukið húsnæði Landspítala verður um 30.000 m², þar af 10.000 m² í kjallara. Miðað við þau miklu þrengsli sem starfsemin býr við verður þessi stækkun að teljast hófleg. Aðalatriðið er að hið nýja húsnæði mun mæta þörf fyrir nútímasjúkrahúsrekstur en gömlu húsin nýtast fyrir léttari starfsemi.

### Hvað er fram undan?

Forhönnun og útboðsgögn fyrir áformaða byggingu eru því sem næst tilbúin. Skipulagsmál eru til lokaumfjöllunar hjá borgaryfirvöldum. Stundin er því að nálgast að hægt verði að hefjast handa. Ekki má seinna vera því holskefla stóru árganganna sem fæddust áratugina eftir stríð er að komast á sjötugsaldurinn („viðgerðaaldurinn“) og knýr þegar dyra á spítalanum. Verður svo áfram því sextugum og eldri, sem eru helstu notendur sjúkrahúsþjónustu, mun fjölga um 50% fram til ársins 2025. Úrbætur í húsnæði spítalans munu létta á ríkissjóði. Núverandi rekstur kostar ríkissjóð 2,6 milljarða kr. á ári umfram það sem vera þyrfti ef bráðastarfsemin væri á einum stað í nútímalegu húsnæði, 7 milljónir kr. á dag. Byggingaráformin eru ekki aðeins hagur sjúklinganna fyrst og fremst heldur bráð nauðsyn. Ábati ríkissjóðs, hagur starfsmanna og hagur atvinnulífsins kemur þar á eftir en eru engu að síður mikilvægir þættir.

### Niðurlag

Aðalatriði þessa máls er að húsnæði spítalans getur ekki lengur tekið við þeim tækjabúnaði sem til þarf svo nútímalækningar verði stundaðar vegna skorts á rými, lofthæð og burðarþoli. Nú þegar höfum við dregist aftur úr nágrönnum okkar. Í annan stað eru stærstu árgangar Íslandssögunnar að komast á þann aldur að þurfa á sjúkrahúsþjónustu að halda. Þegar sú alda er risin að fullu duga ekki lausnir til bráðabirgða. Ef ekki verður að gert nú stefnir í mikið óefni. Reynsla okkar og nágrannaþjóða okkar segir að aðdragandi svo flókinna bygginga er vart minni en áratugur. Ekki er því valkostur að slá verkefninu á frest. Í þriðja lagi er nútímaleg aðstaða og tækjabúnaður ein af forsendum þess að hægt verði að ná okkar bestu heilbrigðisstarfsmönnum heim eftir framhaldsnám erlendis. Umræða um önnur atriði þessa máls eru í raun aukaatriði.






# Manntíminn: Maðurinn sem jarðsögulegt afl

Umhverfismál

**Dr. Edward H. Huijbens**
landfræðingur og forstöðumaður Rannsóknamiðstöðvar ferðamála

**Dr. Karl Benediktsson**
prófessor í landfræði við Háskóla Íslands

Mannfólkið sem jörðina byggir er farið að umbylta henni með þvílíkum hætti að tekið er að ræða um tímabilið frá 1750 sem upphaf nýs jarðsöguskeiðs: Manntíma (e. anthropocene). Þetta var uppistaða aðalerinda á alþjóðaráðstefnu landfræðinga, sem haldin var í lok ágúst í Köln í Þýskalandi.

Sögu jarðarinnar er skipt í tiltekin skeið eða aldir, sem flestar spanna milljónir ára. Á skeiði sem nefnt er miðlífsöld gengu risaeðlur til að mynda um jörðina. Endalok þeirra urðu fyrir um 65 milljónum ára, með hamförum sem þurrkuðu um 90% allra þálifandi dýrategunda af yfirborði jarðar. Við tók nýlífsöld, sem enn stendur. Innan hennar eru allmörg skemmri tímabil. Siðmenningin hefur að mestu mótast á tímabili sem kallað er nútími (e. holocene) og tók við af ístíma (e. pleistocene) fyrir rúmlega 10.000 árum.

Nú er hins vegar svo komið að rætt er í fullri alvöru og með veigamiklum vísindarökum að upp sé runnið nýtt skeið, þar sem umsvif mannkynsins séu tekin að valda varanlegum breytingum á líf- og vistkerfum jarðarinnar allrar. Þetta eru í raun stórmerkar fréttir. Burtséð frá umræðu um eðli og umfang þessara breytinga, svo sem hnattræna hlýnun, þá felst í þessari hugsun viðurkenning á því að samfélög okkar eru ekki aðeins á jörðinni heldur með jörðinni. Samfélög fólks og jörðin eru eitt. Mannlíf og náttúra verða ekki skilin sundur. Þetta þýðir að ekki er lengur hægt að ímynda sér að aðgerðir okkar og athafnir hafi bara með okkur sjálf að gera eða mögulega bara nánasta umhverfi. Það sem við gerum mótar jörðina okkar allra.

Þetta má skýra með dæmi. Ákvörðun íslensks fyrirtækis um aukin umsvif, tekin á stjórnarfundi í ljósi ársfjórðungslegs yfirlits yfir rekstur þess, valda því að einhvers staðar – kannski í Kongó eða Kostaríku – er meira tekið af efni úr jörð. Þetta efni er flutt úr stað og unnið og áhrifanna gætir um alla jörð. Áhrifin kunna að virðast smávægileg, en þau eru hluti af flóknu neti tengsla, sem eru hins vegar oft langt í frá augljós. Þegar horft er heildstætt á vistkerfi jarðar má sjá að fjöldi fólks á jörðinni, umsvif þess og þarfir eru farin að hafa víðtæk og varanleg áhrif á jörðina sjálfa.

Að við séum eitt með náttúru og umhverfi eru svo sem ekki nýjar fréttir. Tengsl fólks og náttúru hafa um langan aldur verið eitt meginviðfangsefni landfræðinga og síðustu áratugi hefur nánast öll umræða í umhverfismálum hverfst um þetta. Fréttirnar eru þær að vísindaheimurinn hefur nú gefið þessu nafn sem setur athafnir manna í skýrt jarðsögulegt samhengi. Maðurinn er orðinn jarðsögulegt afl. Við lifum í manntímanum.

# Með báðum augum – eða bara öðru?

Norðurslóðir

**Ari Trausti Guðmundsson**
áhugamaður um norðurslóðir



Til er svolítil saga um gamla vörubílsökumanninn sem var blindur á hægra auga en taldi sig með öruggustu ökumönnum (kannski var hann það, þrátt fyrir allt). Aðspurður um ástæðuna sagði hann að það væri hægri umferð og hann sæi vel til allra sem óku á móti bílnum hans.

Þegar kemur að umhverfismálum norðan við heimskautsbaug er líkt og margir hagi sér eða hugsi eins og sá gamli. Horfa með öðru auganu á hluta sjónsviðsins.

Í ár er ástand stóru íshellunnar á kolli jarðar verra en nokkru sinni fyrr á undanförnum öldum. Hraðari bráðnun en flesta sérfræðinga óraði fyrir veldur því að endurkast hitageislunar á risastóru svæði minnkar ótæpilega á ársgrunni. Vöxtur og viðgangur hafíss á norðurslóðum er ein helsta undirstaðan undir sæmilega stöðugu og fremur svölu loftslagi í tempraða beltinu og kuldabeltinu. Hörfi hafís að mestu, nema yfir bláveturinn, hefur það miklar en ófyrirsjáanlegar afleiðingar á veðurfar jarðar. Ásamt hraðri bráðnun jökla og breyttu flæði ferskvatns til hafanna er sennilegt að of lítil hafíshella valdi því að hafstraumar breytast með álíka ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Hvað er gert? Losun gróðurhúsalofttegunda er aukin, áfram vegið grimmt að gróðri jarðar, einkum trjágróðri sem bindur vel koltvísýring, og stefnt að aukinni leit að kolefniseldsneyti í jarðskorpunni, einmitt á norðurslóðum. Þjóðunum er um leið sagt að aðlaga sig að nýjum aðstæðum og takast á við vanda sem mun vaxa, t.d. vegna hækkandi sjávarborðs.

Hvað drífur þessa stefnu og tilheyrandi aðgerðir áfram? Skynsemi? Neyð? Nýsköpun? Hagvöxtur? Býður einhver fram réttari hugtök?

Auðvelt er að horfa með aðdáun á allt sem vinnst með norðlægri málm-, olíu- og gasvinnslu en horfa ekki á neikvæðu afleiðingarnar; treysta blinda auganu. Það geta komið margar krónur í íslenska kassa þegar nýjar siglingaleiðir opnast, rándýr olía tekur ef til vill að flæða við erfiðustu aðstæður og námagröftur eykst í hæsta norðri. Ætli þær dugi til að greiða fyrir mótvægisaðgerðir vegna áflæðis sjávar, vegna óvissra breytinga á lífríkinu og tjóns af veðuröfgum? Þátttaka okkar í kapphlaupinu um Nýja Norðrið er næstum ósjálfráð. Ég tel, á Degi íslenskrar náttúru, að löngu sé kominn tími til að skoða þessa framtíð með báðum augum og leita öfgalaust ábyrgra svara við nokkrum áleitnustu spurningum næstu ára.



**Rekstrarleiga** fyrir fyrirtæki

Létt býður fyrirtækjum sem eru að leita að nýjum bílum uppá rekstrarleigu. Rekstrarleiga Létt sparar fyrirhöfn og gerir fyrirtækjum kleift að hagræða í rekstri bílaflotans. Hafðu samband við Létt og fáðu nánari upplýsingar.

lētt

Vagnhöfði 25 | Sími 567 4455 | lett@lett.is | www.lett.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



98 **VILHJÁLMUR HJÁLMARSSON** fyrrverandi ráðherra á afmæli í dag.

*„Mín skoðun er sú að þótt stundum megi benda á pappírsflóð og tildur í menningarsamskiptum þjóðanna þá séu þau í heild góð og gagnleg.“*



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

**DÓRÓTHEA M. BJÖRNSDÓTTIR**
**Keldulandi 19,**

lést á Landspítalanum aðfaranótt 16. september. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 21. september kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Félag aðstandenda Alzheimersjúklinga, FAAS.

**Birgir Ólafsson**
**Guðrún Björk Birgisdóttir** **Hörður J. Oddfríðarson**
**Birna Birgisdóttir** **Kristján Sverrisson**
**barnabörn, langömmubörn og systkini hinnar látnu.**



Ástkær móðursystir okkar og stjúpmóðir,

**KRISTÍN S. KRISTJÁNSDÓTTIR**
**frá Heynesi,**
**Munkaþverárstræti 44, Akureyri,**

verður jarðsungin frá Möðruvallakirkju í Hörgárdal laugardaginn 22. sept. kl. 14.00. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Heimahlynningu Akureyrar.

**Óskar Líndal, Þórður Gíslason, Sesselja Gísladóttir, Kristín Jónsdóttir, Rudolf Ágúst Jónsson, Hermann Jón Jónsson, Karl Friedrich Jónsson og fjölskyldur.**



Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**MARGRÉT MARÍA JÓNSDÓTTIR**
**frá Hnífsdal,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð sunnudaginn 16. september. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 22. september klukkan 14.00.

**Guðmundur Jónasson**
**Jónas Guðmundsson** **Anh-Dao Tran**
**Arnfríður Guðmundsdóttir** **Gunnar Rúnar Matthíasson**
**og barnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Magnússkógum III, Dalabyggð,**

andaðist laugardaginn 15. september. Hún verður jarðsungin frá Hvammskirkju í Dalabyggð laugardaginn 22. september kl. 14.00.

**Dagný Ósk Halldórsdóttir** **G. Reynir Georgsson**
**Anna Berglind Halldórsdóttir** **Ólafur Bragi Halldórsson**
**Kristín Halldórsdóttir** **Árni Geir Sigvaldason**
**Sigrún Margrét Halldórsdóttir** **Almar Týr Haraldsson**
**og ömmubörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KARL SIGURÐSSON**
**bifreiðarstjóri, Hvammstanga,**

lést á Sjúkrahúsinu á Hvammstanga að kvöldi 2. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Jóhanna Birna Ágústsdóttir**
**Birgir Karlsson**
**Kolbrún Karlsdóttir**
**Ómar Karlsson** **Harpa Vilbertsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og besti vinur,

**ÓLÖF HÓLMFRÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR**
**FRÍÐA SIG.**
**Hörgshlíð 8,**

lést sunnudaginn 16. september. Jarðarförin auglýst síðar.

**Þór Gunnarsson** **Sigrún Ása Sturludóttir**
**Hrafnhildur Gunnarsdóttir** **Harpa Másdóttir**
**Embla Þórsdóttir** **Klaus Wallberg Andreasson**
**Sturla Þórsson**
**Guðlaug Ýr Þórsdóttir** **Magnús Már Guðjónsson**
**Askur Wallberg Klausson og Ísabella Ýr Klausdóttir**



**ELDHRESS** Guðný heldur mikið upp á Laugardalinn þar sem hún ætlar að halda upp á tímamót á laugardaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## GUÐNÝ ARADÓTTIR GÖNGUGARPUR: ER SEXTUG Í DAG

# Býður til haustlitakjötsúpu

„Afmælisdagurinn verður rólegur hjá mér. Ég mæti sennilega í stafgöngu síðdegis og ver svo kvöldinu með fjölskyldu og nánustu vinum,“ segir Guðný Aradóttir sem er sextug í dag. Tímamótunum ætlar hún hins vegar að fagna með sérstökum hætti á laugardaginn. „Ég ætla að bjóða þeim sem gengu með mér eina sumarnótt frá Þingvöllum til Reykjavíkur og öðrum vinum og vandamönnum upp á haustlitagöngu um Laugardalinn klukkan hálf tólf á laugardag og í kjötsúpu við þvottalaugarnar á eftir,“ upplýsir hún og er beðin að lýsa aðeins þessari næturgöngu. „Þetta var styrktarganga sem ég efndi til á Facebook 15. júní á vegum átaksins Göngum saman og í hana mættu 70 manns. Tilgangurinn var að safna fjármunum til grunnrannsókna á brjóstakrabbameini. Við gengum Nesjavallaleiðina og vissulega voru brekkur í kambinum sem tóku alveg í en við skiluðum okkur öll í bæinn, komum niður í byggð hjá Rauðavatni, löbbuðum um Elliðaárdalinn og enduðum í Laugardalnum eftir tólf tíma með stoppum og öllu. Það var blíða allan tímann.“

Yfir kjötsúpupottinum við þvottalaugarnar ætlar Guðný að afhenda afraksturinn af göngunni en vill ekki gefa upp á þessari stundu hver hann er, en kveðst afar ánægð með hann. „Að fá að vera hraust og geta lagt eitthvað til vísindasamfélagsins þannig að við getum fundið leiðina að lækningu á brjóstakrabbameini, fyrir það ætla ég að þakka á þessum tímamótum,“ segir hún.

Ástæðu þess að Guðný berst fyrir auknum grunnrannsóknum á brjóstakrabbameini segir hún þá að hún hafi bæði misst systur sína og vinkonur úr þeim vágesti. Góðu fréttirnar séu þær að vísindunum fleygi ört fram og batahorfur séu allt aðrar í dag en fyrir tuttugu árum. „Bara á síðustu fimm árum hefur heilmikið gerst,“ segir hún.

Fyrsta afmælisveislan sem Guðný man eftir henni til heiðurs var á Egilsstöðum þar sem hún sleit barnsskónum. Hún kveðst hafa flutt í bæinn fyrir þrjátíu árum, eftir ellefu ára viðkomu á Eskifirði.

Guðný starfar við tölvu- og upplýsingakerfi Íslandspósts. Hreyfing hefur verið henni áhugamál allt frá því hún stundaði skíðaíþróttina í Oddsskarði. Hún stóð á tindi Kilimanjaró fyrir fimm árum og hefur stundað einkaþjálfun með fram vinnu síðustu ár ásamt því að stjórna stafgöngu í Laugardalnum með annarri konu. „Maður sér það alltaf betur og betur að hreyfing innan skynsamlegra marka er nauðsynleg bæði sem forvörn og endurhæfing,“ segir Guðný og þar með er hún rokin af stað í göngu.

gun@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**VIGDÍS MARTA MAGNÚSDÓTTIR,**
**áður húsfreyja að Herjólfsstöðum í Álftaveri,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir þann 17. september. Jarðarförin fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 24. september og hefst athöfnin kl. 13.00.

**Elín Hjartardóttir** **Jón Björnsson**
**Hanna Hjartardóttir** **Vigfús Ólafsson**
**Hannes Hjartarson** **Ingibjörg Þórisdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**PETREA VILHJÁLMSDÓTTIR**
**frá Þorlákshöfn,**

lést sunnudaginn 16. september á Hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum. Útförin fer fram frá Þorlákskirkju laugardaginn 22. september kl. 11.00.

**Vilhjálmur Knútsson** **Jerine Egede**
**Petra Vilhjálmsdóttir** **Ingvar Arnarson**
**Jerine Knutsson** **Lars Peter Lennert**
**Knut Knutsson**
**Kristján Þórir, Örn Ingi og Máni**
**Silja Isadora og Siri Ásta**
**Guðrún, Margrét, Sigurður og Helgi**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**MARTEINN HERBERT KRATSCH**
**járnsmiður,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 14. september. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 21. september kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á minningarsjóð líknardeildar LSH, sími 543-1159.

**Sigríður Marteinsdóttir** **Guðjón Steinsson**
**Walter M. Marteinsson** **Ingibjörg Ú. Sigurðardóttir**
**Gunnar Þór Marteinsson** **Guðrún I. Gunnarsdóttir**
**Margrét Björg Marteinsdóttir** **Jóhann Rúnar Guðbjarnason**
**Árný Marteinsdóttir** **Sæmundur Kristjánsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT KRISTÍN ÞÓRHALLSDÓTTIR**
**frá Sæborg, Hjalteyri við Eyjafjörð,**

lést á Landspítalanum að morgni 11. september 2012. Útför hennar verður gerð frá Hafnarfjarðarkirkju, föstudaginn 21. september, kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartavernd.

**Þórhallur Jósepsson** **Herdís Ólafsdóttir**
**Karólína Jósepsdóttir** **Gunnar Jónsson**
**Skarphéðinn Jósepsson** **Stefanía Björnsdóttir**
**Ævar Örn Jósepsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## FYRIR KONUR MEÐ LÍNUR

**Á sölusíðunni asos.com er að finna fjöldann allan af tískufatnaði fyrir konur, börn og karla. Þar er líka mikið úrval tískufatnaðar fyrir konur í stærri stærðum undir flipanum asos curve.**


LOKAÐ LAUGARDAG

vegna árshátíðar starfsmanna

árshátíð

Stórhöfða 25 · 569 3100 | Eirberg



Mjúkur og yndislegur



Misty - fyrir allar konur

Laugavegi 178 - Sími: 551 3366

Þú mætir - við mælum og aðstoðum

www.misty.is

Opið frá 10-18 virka daga.

10-14 laugardaga

Teg. 10253 - fæst í B,C skálum á **kr. 5.500,-**

boxer buxur í stíl á **kr. 1.995,-**

Vertu vinur





ÁTT ÞÚ ERFITT MEÐ AÐ FINNA ÞÉR BUXUR SEM PASSA VEL ?

Erum með frábært úrval af klæðilegum buxum í stærðum 34-46

TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777

Verð 13.990 kr.

Vertu vinur okkar á Facebook




# ROKK OG ÞÆGINDI

**HEFUR BRENNANDI TÍSKUÁHUGA** *Tískubloggarinn Sara Hlín Hilmarsdóttir er nýkomin heim frá Kaupmannahöfn þar sem hermannatískan ræður ríkjum.*

Sara Hlín Hilmarsdóttir hefur alltaf haft brennandi áhuga á fötum og tísku. Hún heldur úti blogginu Style Party á slóðinni style-party.blogspot.com og er það mikið lesið. Hún er sömuleiðis með Facebook-síðu með sama nafni þar sem hún vísar í bloggfærslur sínar. „Ég set inn það sem mig langar í og finnst fallegt og flott hverju sinni en svo reyni ég alltaf að fjalla um tískuvikurnar þegar þær eru í gangi og benda á það sem höfðar til mín.“ Sara á erfitt með að lýsa eigin stíl enda opin fyrir ýmsu.

„Ég er þó ekki þessi týpa sem klæði mig upp í kjóla heldur er meira fyrir svona rokkaraleg þægindi. Sara á líka erfitt með að nefna uppáhaldsflík enda eru þær margar. „Ég er þó mikið í hermannajakka með leðurermum þessa dagana en þeir eru sérstaklega vinsælir og verða í haust og vetur,“ segir Sara Hlín sem er nýkomin frá Kaupmannahöfn þar sem hermannatískan réði ríkjum. „Það var allt morandi í hermannagrænu og camouflage. Þá virtust allir vera í Converse skóm og var mikið um buxur með dýramynstri en ég keypti mér einmitt einar slíkar. Sara Hlín segir einnig mikið um útsaum í flíkum og að háu hælarnir séu á undanhaldi. „Skórnir úti voru flestir með litlum hæl og jafnvel alveg flatbotna og sem fyrr segir virðist enginn maður með mönnum nema að eiga Converse skó.“

Sara Hlín vinnur í fataversluninni Republica á Selfossi og þaðan er jakkinn. Jeffrey Campbell skóna fékk hún í Einveru á Laugavegi. Sara, sem á von á sínu fyrsta barni í janúar, lætur bumbuna ekki aftra sér frá því að tolla í tískunni. „Ég var kannski pínu löt við þetta í upphafi meðgöngunnar en nú þegar ég er búin að endurheimta orkuna finnst mér gaman að finna eitthvað flott sem passar utan um bumbuna.“

**HERMANNATÍSKA**
Hermannajakkann með leðurermunum fékk Sara í Republica á Selfossi, Buxurnar eru glóðvolgar úr Ginu Tricot í Köben og Jeffrey Campbell skórnir eru úr Einveru.

## TÍSKAN Í KÖBEN

„Það var allt morandi í hermannagrænu og camouflage. Þá virtust allir vera í Converse skóm og var mikið um buxur með dýramynstri.“


Gerið gæða- og verðsamanburð

12 mánaða vaxtalausar greiðslur*



NÝTT

BOAS RAFDRIFNIR

Leður hægindasófar og stólar



Ný sending af hágæða sængurverasettum

Svefn & heilsa

www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00

# 5000 KR. DAGUR Í FLASH



Litaðar gallabuxur. St. 36-44.
Litir: vínrauðar, grænar, bláar og svartar.

Skokkar áður 16990 nú 5000

Peysur áður 9990 nú 5000

Úlpur, kápur, toppar og margt, margt fleira á 5000 kr. Komið.

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Við erum á Facebook


# TÍSKA MEÐ TÖLU

**STYRKJA KVENNAATHVARFIÐ** *Fengnir voru nokkrir hönnuðir til að hanna vöru úr, eða innblásna af tölum sem seldar eru í fjáröflunarátaki Kvennaathvarfsins Öll með tölu sem stendur til 23. september. Munirnir verða svo boðnir upp og ágóðinn rennur til athvarfsins.*

Skorað var á nokkra hönnuði í fjáröflunarátaki Kvennaathvarfsins Öll með tölu að láta hugmyndaflugið ráða og gera eitthvað skemmtilegt með tölurnar sem seldar eru til styrktar athvarfinu. Sumir notuðu tölurnar sem innblástur meðan aðrir notuðu þær til að hanna úr. Fjölbreyttir munir bárust í hönnunarleikinn; flíkur, fylgihlutir, skrautmunir og fleira. Hönnuðirnir gáfu allir athvarfinu vinnu sína og munina sem verða svo boðnir upp. Ágóðinn rennur að sjálfsögðu til Kvennaathvarfsins. Hægt er að kaupa tölur í fjölda verslana og á www.ollmedtolu.is.



**ÖLL MEÐ TÖLU** Tölurnar sem seldar eru í fjáröflun fyrir nýju og stærra húsnæði voru notaðar sem innblástur fyrir hönnuðina.



**GLITRANDI KJÓLL** Hér er Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, stjórnarformaður Kvennaathvarfsins, í glæsilegum kjól sem Þórunn Elísabet Sveinsdóttir hannaði.
MYND/SIGTRYGGUR



**HRING EFTIR HRING** Hálsmen sem hönnuðurinn Steinunn Vala Sigfúsdóttir hjá galleríinu Hring eftir hring hannaði.



**BLÓMANÆLA** Þórdís með fallega nælu eftir vöruhönnuðinn Sigríði Ólafsdóttur hjá Elívogum.



**VERNDARHENDUR** Trefillinn Verndarhendur er eftir Vík Prjónsdóttur; hönnunarteymi Víkurprjóns. „Hann verndar þær sem hann bera," er haft eftir hönnuðunum.
MYND/SIGTRYGGUR


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**



# ARNA VERSLUN OG ARCA DESIGN

bjóða þér og þínum á árlegan haustfögnuð!

Í dag, fimmtudaginn 20. sept.
frá kl: 11.00-21.00
í Grímsbæ v/Bústaðaveg 108 Rvk

**Í boði verður:**
Lukkuleikur með flottum vinningum, ýmis spennandi tilboð, prúttmarkaður og léttar veitingar **frá klukkan 18-21**.

ARCADESIGN kynnir nýja glæsilega hönnun og einning eru aðventtuljósin og aðventukransarnir komnir í sölu.

ARNA VERSLUN verður með fulla búð af glæsilegum haustvörum og mörg spennandi tilboð.







Við hlökkum til að sjá ykkur!
Kveðja ARNA og ARCA.

ARNA | ARCA ICELAND

Grímsbær-Bústaðarvegi
Efstaland 27, 108 Rvk., Sími 527-1999
Opið: mán-fös. 11-18
laugd. 11-15

Vertu vinur á facebook ;)



# HANSKADAGAR



30%
afsláttur af völdum hönskum
frá fimmtudegi til laugardags

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin • Skólavörðustíg 7 • 101 Reykjavík • Sími 551 5814 • www.th.is

# FÖT MEÐ KARAKTER

**HANNAR FYRIR BÖRN** *Berglind Rós Magnúsdóttir hannar aðallega á stráka af því henni fannst vanta spennandi föt á markaðinn. Eftir að hafa misst áhugann á hönnun um tíma hefur hún nú opnað eigin verslun.*





Berglind Rós Magnúsdóttir útskrifaðist sem fatahönnuður frá Margrethe-skólanum í Kaupmannahöfn fyrir níu árum. Það var þó ekki fyrr en árið 2008 sem hún fór að sauma og hanna fyrir alvöru. „Eftir að ég útskrifaðist úr skólanum árið 2003 var ég alveg komin með nóg og var búin að missa áhugann á hönnun. Þegar ég eignaðist fyrri strákinn minn fyrir rúmum fjórum árum síðan fannst mér erfitt að finna flott strákaföt á markaðnum. Það vantaði alveg föt með karakter þannig að ég fór að sauma á hann og út frá því þróaðist hönnunin mín,“ segir Berglind sem hannar undir merkinu Beroma.

Boltinn fór að rúlla hjá Berglindi og hún fór að fá fleiri og fleiri fyrirspurnir og nú er svo komið að hún hefur opnað heila búð undir hönnunina. „Ég opnaði Beroma í Faxafeni í maí síðastliðnum. Þetta er reyndar ekki allt mín hönnun því ég flyt líka inn föt frá útlöndum. Það hefur samt verið þannig að það sem ég hef gert sjálf hefur verið vinsælast. Ég flyt inn mikið af fötum sem eru frá merkjum sem er ekki verið að selja annars staðar á landinu. Svo er ég líka með vintage föt en þau koma frá Bretlandi og Bandaríkjunum. Ég geri miklar kröfur gagnvart notuðu fötunum og þau eru öll heil og hrein og mjög vel farin. Þau eru jafnframt allavega þrjátíu til fimmtíu ára gömul.“

Þó Berglind hafi byrjað á því að hanna á stráka hefur hún líka hannað fyrir stelpur. „Það sem er vinsælast hjá mér eru kápur og kjólar á stelpur og sparidress, buxur og vesti fyrir stráka. Ég nota aðallega ull og lífræna bómull. Það er ákveðin fortíðarþrá í fötunum og vísun í breska skólalúkkið. Fötin eru skemmtileg fyrir börnin að klæðast en jafnframt þægileg.“

Berglind segir foreldra oft langa sjálfa í fötin sem þeir eru að kaupa fyrir börnin sín. Hún segir það þó ekki hafa verið á stefnuskránni að hanna fyrir fullorðna. „Ég lét nú samt tilleiðast nú í ágúst og saumaði eitthvað í fullorðinsstærðum. Það seldist allt upp á tveimur dögum þannig að nú er ég að koma upp aðstöðu hér í búðinni fyrir fullorðna að máta. Það verður samt sem áður alltaf aðaláherslan á börnin í hönnuninni hjá mér.“

■ lilja.bjork@365.is

**VINTAGE Í BLAND VIÐ EIGIN HÖNNUN** Barnafötin sem Berglind hannar eru þægileg og skemmtileg. Í versluninni fást vintage barnaföt sem eru upp í 50 ára gömul.

## Kynning

# YFIRHAFNIR FRÁ OASIS FYRIR VETURINN

## HUGAÐ ER VEL AÐ EFNISVALI OG SMÁATRIÐUNUM SEM SKIPTA SVO MIKLU MÁLI

1


2


3


4


5


6


1 Þessi hefur algjörlega slegið í gegn hjá okkur. Hún er til í svörtu, gráu og ljósu. Hún er sérstaklega klæðileg og hlý. Verð 24.900.

2 Einstaklega kvenleg, mjúk og hlý kápa, fæst einnig í svörtu. Verð 24.900,-.

3 Glæsileg loðkápa, hún er hneppt og bundin saman í mittið með leðurbelti. Hentar jafnt hversdags og spari. Verð 39.900,-.

4 Mjúk og hlý herðaslá, mjög gott að nota utanyfir leðurjakka eða aðrar flíkur. Kostar 14.990,-. Poncho hafa aldrei verið vinsælli en nú í ár.

5 Sérstaklega hlý og góð úlpa með hettu. Hægt er að hneppa fóðrinu úr og jafnvel hægt að nota það eitt og sér. Þá lítur það út eins og loðið vesti með hlébarðamunstri. Hún er með góðum vösum. Verð 19.990,-.

6 Glæsileg ullarkápa, til bæði í vínrauðu og svörtu. Hún er hneppt með belti og hlýju hálsmáli. Verð 24.990,-.

oasis

KRINGLAN & SMÁRALIND


















**FLOTTAR** Anna Richardsdóttir og Kristín Þóra Kjartansdóttir máta föt á skiptimarkaðnum.

MYNDIR/HEIÐA

# FATAMARKAÐUR ÁN PENINGA

**SKIPTA Á FÖTUM** *Áhugaverður fataskiptamarkaður var haldinn á Akureyri fyrir stuttu þar sem tuttugu konur skiptust á eigin fatnaði. Ákveðið hefur verið að halda annan slíkan markað fyrir jólin enda var stemningin góð.*

Kristín Þóra Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri verslunarinnar Flóru á Akureyri, stóð fyrir fataskiptamarkaðnum. Hugmyndin kom frá Mariu, sem er þýskur námsmaður og er hér í starfsnámi. Maria er að læra menningarfræði við háskólann í Leipzig í Þýskalandi og starfar hjá Kristínu.

„Þótt ég reki verslun þá hef ég gaman af öllum samskiptum og viðskiptum án peninga. Flestir eiga fatnað eða einhverja hluti sem ekki eru not fyrir lengur og þetta er áhugaverð leið til að losa sig við þá og fá nýtt í staðinn," segir Kristín.

Hún bætir við að allt annað verðmætamat skapist þegar engir peningar eru í umferð. „Miklar samræður fara í gang um verðmæti flíkurinnar á móti verðmæti skiptiflíkur. Það skapaði ákaflega skemmtilega stemningu og allir höfðu virkilega gaman af uppátækinu," segir Kristín enn fremur.

**MARGAR ÞJÓÐIR**

Markaðurinn var auglýstur á Facebook, eingöngu fyrir konur og kvenfatnað. Kristín segir það hafa komið á óvart hversu fjölþjóðlegur hópur mætti. „Konurnar voru á aldrinum fimmtán ára til sjötugs. Í hópnum voru íslenskar konur, ein bresk, tvær frá Filippseyjum, ein þýsk og önnur pólsk. Þessi blanda kom mér skemmtilega á óvart. Konurnar skráðu sig á Facebook en nokkrar mættu að auki sem ekki höfðu gert það. Við gerðum ráð fyrir tíu konum en þær urðu mun fleiri. Það var mikil ánægja með skiptin. Ég hitti eina konuna daginn eftir markaðinn sem var í nýju peysunni sinni," greinir Kristín frá.

„Allir eiga að koma með fatnað með sér á markaðinn en þó kom ein bara til að kíkja og forvitnast en hún fékk gefins mussu sem henni leist vel á. Einnig kom upp togstreita á markaðnum, ein konan taldi sig vera með verðmætari flík en þá sem hún fékk í staðinn en úr því leystist. Annað vandamál kom upp þegar ein vildi fá flík frá annarri en þá konu langaði ekki í neitt sem hin hafði að bjóða. Það var leyst með því að fá þriðju konuna í samstarf. Þetta skapaði áhugaverð viðskipti," segir Kristín og bætir við að ákveðið sé að annar fataskiptamarkaður verði fyrir jólin. „Nokkrar konur hafa haft samband sem fréttu af þessu eftir á og hafa óskað eftir að vera með næst."

**ENDURNÝTIR**

Verslunin Flóra á Akureyri sérhæfir sig í áfram-nýtingu hluta, endurnýtingu og nýjum munum sem eru framleiddir í heimaframleiðslu eða hjá litlum framleiðendum undir vænum kringumstæðum fyrir fólk og náttúru. Í Flóru má meðal annars finna fatnað, hunang, kaffi, bækur, tímarit, myndlist, kerti, krúsir, dúka, flöskur, töskur, tuskur og reykelsi. Þar tíðkast einnig að hafa ýmsar listrænar uppákomur.

„Ég legg mikla áherslu á náttúruvörur og umhverfisvænar vörur," segir Kristín sem bjó lengi í Þýskalandi þar sem fataskiptamarkaðir eru algengir í vinkvennahópum. Þar tíðkast einnig fataskipti með barna- og herrafatnað. „Ég ákvað að takmarka þetta við kvenfatnað að þessu sinni en það mætti alveg gera þetta með hina ýmsu hluti. Í Þýskalandi er einnig afar algengt, sérstaklega á vorin og haustin, að selja notaðan fatnað á mörkuðum, svipað og í Kolaportinu."

Kristín er í Garðyrkjufélagi Íslands og segir algengt að félagar þar séu með plöntuskipti á vorin sem séu af svipuðum toga. „Það eru engir peningar í þessum viðskiptum."

■ elin@365.is



**FÍNN KJÓLL** Fjölbreyttur fatnaður var í boði fyrir þær sem vildu fá sér eitthvað „nýtt".



**KJÓLAR, BUXUR, PILS** Endurnýting fatnaðar er algeng í Þýskalandi, sérstaklega hjá vinkvennahópum. Þaðan kom hugmyndin.

# KAFFI

FIMMTUDAGUR 20. SEPTEMBER 2012

**Kynningarblað**
kaffidrykkir
kaffihús
kaffigerð
kaffinautn
kaffinýjungar
kaffiáhrif



# Traustar hefðir og heillandi nýjungar hjá Gevalia

**Gevalia** hefur um árabil verið eitt af þekktari vörumerkjum á kaffimarkaði á Íslandi. Kaffið á sér merka sögu og uppruni þess kemur mörgum á óvart.

Sænski kaupsýslumaðurinn Victor Theodore Engwall var svo ákafur áhugamaður um kaffi að hann ákvað að helga líf sitt leitinni að hinni fullkomnu kaffibaun. Hann stofnaði því sérstakt fyrirtæki í kringum kaffiástríðu sína og gaf því latneskt heiti heimabæjar síns, Gävle (Gevalia).

Í dag hvílir Gevalia á traustum grunni aldagamalla hefða og býður enn upp á sömu klassísku vörurnar sem neytendur um víða veröld njóta á hverjum degi. Auk þess leggur Gevalia mikið upp úr vöruþróun og er ötult við að kynna spennandi nýjungar. Fyrir skemmstu kynnti fyrirtækið meðal annars nýja kaffilínu þar sem neytandanum er boðið í sannkallaða heimsreisu, allt frá skógum Suður-Ameríku til víðáttu Indlands.

Monsoon Storm heitir önnur af nýju tegundunum sem nú eru seldar hér á landi. Um er að ræða dökkristað, kraftmikið kaffi með keim af súkkulaði. Abyssian Dawn er léttristað kaffi með mikilli fyllingu sem á uppruna sinn í Eþíópíu, fæðingarstað kaffisins. Sem aðili að Rain Forrest Alliance (samtökum fyrirtækja sem vinna að verndun regnskóga) hefur Gevalia sjálfbærni ræktarsvæða ávallt að leiðarljósi. Gevalia hefur auk þess unnið um árabil að uppbyggingu innviða samfélagsins í Perú og Kólumbíu, innlendum kaffiframleiðendum til hagsbóta og aukinna lífsgæða.

„Baunir og malað úrvalskaffi frá Gevalia hafa verið á boðstólum hérlendis í áratugi og Íslendingar hafa alltaf kunnað að meta gott kaffi,“ segir Þórður Þórisson sem hefur verið vörumerkjastjóri hjá Innnes undanfarin 6 ár.

„Kaffi er svo miklu meira en bara neysluvara. Kaffi er saga, menning, lífsstíll og hefðir allt í senn og að sjálfsögðu taka neytendur ástfóstri við sína tegund. Andi Gevalia hefur alltaf verið skemmtilegur og svolítið stríðnislegur. Það er enginn tilbúningur að Gevalia fær fólk til að tala. Ég rifja gjarnan upp ummæli sem höfð voru eftir kaffisérfræðingi hjá Gevalia: „Þessi baun býr yfir meiri ilmi og sterkara bragði en svo að einum manni endist ævin til þess að skilgreina hana.“ En við höfum þá nóg um að tala á leiðinni og þar hjálpar Gevalia til.“




Þórður Þórisson vörumerkjastjóri hjá Innnes segir engan tilbúning að Gevalia fái fólk til að tala.
MYND/GVA












# Vinsælir og hressandi kaffidrykkir

Kaffidrykkir eru ljúffengir, hvort sem þeir eru óáfengir eða áfengir. Áfengur kaffidrykkur getur komið í stað eftirréttar eftir góða máltíð. Margar tegundir eru til af áfengum kaffidrykkjum en þekktastur er Irish coffee.

Á Ítalíu er drukkið espresso-kaffi eftir máltíð. Það er í mjög litlum kaffibolla, kaffið vel sterkt og sykrað ríkulega vilji fólk það. Cappuccino er sömuleiðis ítalskur kaffidrykkur en þar í landi þykir dónaskapur að biðja um það eftir mat. Cappuccino er fremur morgundrykkur á Ítalíu. Íslendingar þekkja latte-kaffi en það er ítalskur kaffidrykkur með mikilli mjólk. Flestir þekkja orðið vel þessi ítölsku kaffidrykkjanöfn, enda eru þau orðin alþjóðleg.

Írskt kaffi með viskíi hefur ávallt verið vinsæll drykkur um allan heim. Þróaðar hafa verið ýmsar útgáfur af honum og eru þá notaðar mismunandi vín- eða líkjörstegundir út í kaffið. Vel má nota líkjöra eins og Tia Maria og Amaretto í kaffidrykk.

Hér eru uppskriftir að nokkrum þekktum kaffidrykkjum með mismunandi bragðtegundum. Hægt er að gera Irish coffee á sama hátt en sleppa áfenginu. Í staðinn má setja kaffibragðefni sem fæst í flestum kaffiverslunum.

## MEXÍKÓ-KAFFI

*Gott er að nota sérstök Irish coffee-glös undir þennan drykk eða önnur falleg glös.*

30 ml Kahlua-kaffilíkjör
15 ml tekíla (tequila)
140 ml sterkt kaffi
2 msk. þeyttur rjómi

*Setjið fyrst líkjör, síðan tekíla og loks kaffi. Rjóminn settur ofan á.*

## ÍRSKT KAFFI

*Irish coffee er í miklu uppáhaldi hjá mörgum. Hér er grunnuppskrift að þessum vinsæla drykk. Margir hafa síðan prófað að breyta honum, til dæmis með því að setja smávegis kanil saman við.*

1 bolli gott og sterkt kaffi
1 msk. púðursykur
30 ml írskt viskí
Þeyttur rjómi

*Setjið heitt kaffi í glas, bætið sykri og viskíi út í og hrærið. Setjið síðan þeyttan rjóma ofan á. Sumum finnst betra að nota heita skeið til að setja rjómann út í en þá linast hann.*



## JAMAÍKA-KAFFI

*Þessi drykkur er borinn fram í fallegu glasi.*

20 ml dökkt romm
20 ml Kahlua eða annar kaffilíkjör
235 ml sterkt kaffi
2 msk. þeyttur rjómi
1 súkkulaðibaun

*Romm og kaffilíkjör í botninn og þar á eftir kemur kaffi. Þeyttur rjómi settur ofan á og ein kaffibaun til skreytingar.*

## ST. MICHAEL'S IRISH AMERICANO

*Þetta er vinsæll drykkur eftir mat og borinn fram eins og Irish coffee.*

90 ml espresso-kaffi
90 ml írskt viskí
1 msk. sykur
1 msk. rjómi
175 ml heitt vatn
2 msk. þeyttur rjómi

*Setjið espresso í uppáhaldsbollann, bætið viskíi saman við, sykri, rjóma og heitu vatni og hrærið. Skreytið með þeyttum rjóma.*


## Upplifðu illy MonoArabica

### -staka liti úr regnboga illy

Það er engin tilviljun að kaffið frá illy er eitt það vinsælasta í heiminum. Hið margbrotna bragð illy-blöndunnar er skapað með því að blanda í hárfínu jafnvægi Arabica-kaffibaunum frá níu kaffiræktarhéruðum víðsvegar um heiminn.




Nú er í fyrsta sinn hægt að fá baunir frá ákveðnum kaffiræktarsvæðum. Þannig er hægt að upplifa einstaka tóna úr hinni frægu níu-bauna-blöndu. Við köllum það illy MonoArabica.

Um er að ræða nýjasta framlag Illy-fjölskyldunnar til kaffimenningar í heiminum, en síðastliðin 80 ár hefur hún verið í fararbroddi í kaffigerð.

MonoArabica-kaffið kemur frá Brasilíu, Gvatemala og Eþíópíu.



**Brasilía - þétt og bragðmikið**
Landslag Brasilíu er heillandi. Það hefur mótast af þurrka- og rigningatímabilum og í blómlegum skógum landsins er að finna úrvalsskilyrði fyrir kaffiræktun. *MonoArabica Brazil* einkennist af þéttum keim, kröftugu bragði og flauelsmjúkri áferð auk keims af súkkulaði.

**Gvatemala - margbrotið jafnvægi**
Ef til vill hentar enginn staður á jörðinni betur til kaffiræktunar en hin fjarlægu Huehuetenango-fjöll. *MonoArabica Guatemala* lokkar og gleður. Kaffið er með miðlungsfyllingu. Það er skarpt en jafnframt sætt og hefur lúmskan keim af súkkulaði, karamellu og hunangi.

**Eþíópía - ljúffengt og kryddað**
Samkvæmt goðsögninni er kaffi, eldsneyti mannshugans, upprunnið í þessu frjósama og gjöfula landi, þar sem kaffibaunirnar eru ræktaðar í skugga og tíndar með höndum. *MonoArabica Ethiopia* er með miðlungsfyllingu. Bragðið er fágað og freistandi með ávaxtakenndum sítrus- og jasmíntónum.

**Prófaðu illy MonoArabica og farðu í huganum til Brasilíu, Gvatemala eða Eþíópíu. Þín bíður einstök upplifun.**











## KAFFIBAUNARÆKT Í HEIMINUM

**Bestu ræktunarskilyrði** kaffiplöntunnar er að finna við miðbaug þar sem hitabeltisloftslag er ríkjandi. Helstu framleiðendur kaffibauna eru Kólumbía, Víetnam og Brasilía en til samans rækta þessi þrjú lönd um helming kaffibauna í heiminum. Umfangsmesta framleiðsla kaffibauna fer fram í löndum Mið- og Suður-Ameríku en auk Brasilíu og Kólumbíu eru Mexíkó, Perú, Gvatemala og Hondúras meðal stærstu kaffibaunaræktenda heims. Indónesía, Eþíópía og Indland eru einnig umfangsmiklir kaffibaunaræktendur. Kaffibaunir eru ræktaðar í meira en 85 löndum í dag og talið er að rúmlega 20 milljónir manna hafi atvinnu af ræktun og framleiðslu kaffibauna og sölu þeirra um allan heim.



Kaffibaunir hvers lands hafa sín sérkenni þar sem birtuskilyrði og loftslag skipta miklu máli. Tveir helstu stofnar kaffibauna eru Robusta og Arabica. Þær eru líkar í útliti en bragðmunurinn er mikill.

Uppruna Robusta-kaffibaunarinnar má rekja til vesturhluta Afríku. Baunirnar eru hrjúfari en Arabica-baunirnar og eru aðallega notaðar í iðnaðar- og skyndikaffi. Um þriðjungur kaffiframleiðslunnar í heiminum er úr Robusta-kaffibaunum og þær innihalda um helmingi meira magn koffíns en Arabica-baunirnar. Arabica-kaffibaunirnar eru hins vegar taldar mun bragðbetri baunir en uppruna þeirra má rekja til Afríkuríkjanna Eþíópíu og Jemen. Viðskipti með kaffibaunir eru þau næstumfangsmestu í heiminum í dag á eftir olíunni.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Elsa Jensdóttir elsaj@365.is sími 512 5427
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




Sveinn Waage, vörumerkjastjóri Senseo á Íslandi, mælir með því að þeir sem vilja kaffi með fullum gæðum í bollann sinn velji Senseo kaffipúða í Senseo-vélarnar. MYND/GVA

# Ósvikin gæði í Senseo kaffinu

**Senseo kaffi** hefur verið á markaði á Íslandi síðan 2004 og hefur það unnið hug og hjörtu landsmanna. Meirihluti íslenskra heimila státar af Senseo kaffivél og þegar Senseo kaffipúðar eru valdir í vélina er útkoman kaffi með silkimjúkri áferð og froðutopp sem einkennir ekta Senseo kaffi.

Senseo kaffi kom á markaðinn hérlendis árið 2004 og sló um leið rækilega í gegn hjá kaffiþyrstum Íslendingum. Í dag eru um sjötíu þúsund Senseo kaffivélar á meirihluta íslenskra heimila.

## Farsælt samstarf

Forsagan að Senseo-bylgjunni er sú að um síðustu aldamót tóku saman höndum raftækjarisinn Philips og Douwe Egberts en Íslendingar gjörþekkja framleiðslu þess fyrirtækis undir merkinu Merrild. „Þetta samstarf þeirra, Philips og Douwe Egberts, átti eftir að umturna kaffimenningunni svo um munaði þegar fyrsta Senseo kaffivélin kom á markað árið 2001. Þessi uppfinning hrinti af stað miklum breytingum hjá hinum almenna kaffineytanda sem gat nú lagað sér einn bolla í einu af gæðakaffi á einfaldan og fljótlegan hátt á hóflegu verði. Senseo sló strax í gegn og eftir aðeins þrjú ár höfðu selst um tíu milljón kaffivélar í Evrópu. Í dag eru vélarnar orðnar nálægt 35 milljónum talsins og Senseo er enn leiðandi og stærsta merkið á „single serve“ kaffimarkaðnum,“ segir Sveinn Waage, vörumerkjastjóri Senseo á Íslandi.




**Tvær nýjar** tegundir í nýrri línu frá Senseo, sem kallast INTENSE, eru komnar á markað. Senseo Intense, Classic og Forte, hafa hlotið frábærar viðtökur hjá íslenskum neytendum en af þeim er meira og fyllra bragð.

## Fjölbreytt og gott úrval

Hann segir fjölbreytt og gott úrval vera stóran þátt í vinsældum Senseo. Neytendur geta valið úr Medium og Dark Roast, sem eru vinsælustu tegundirnar og blöndur eins og Colombia, Kenya og Brazil eiga sína tryggu neytendur. Cappuccino og kakó eru einnig í vörulínunni og loks er hið rómaða Café Noir sem er uppáhald margra í Senseo. „Kaffilögunin í Senseovélum er lokað ferli undir þrýstingi, líkt og í espressovélum, sem skilar fullum gæðum í bollann. Útkoman er kaffi með silkimjúkri áferð og froðutoppi, sem einkennir ekta Senseo kaffi.“

## Ný Senseo tegund

Í ár komu tvær nýjar tegundir í nýrri línu frá Senseo sem kallast INTENSE. „Senseo var með þessari línu að svara kalli þeirra neytenda sem vilja enn meira og fyllra bragð, líkara því sem fæst með uppáhellingu eða á kaffihúsum. Senseo Intense, Classic og Forte, hafa hlotið frábærar viðtökur hjá íslenskum neytendum og eru þessar tegundir komnar í fast vöruúrval í flestum verslunum. Allir ættu því að finna sér gott kaffi við hæfi í Senseo-línunni,“ segir Sveinn og bætir við að fleiri spennandi nýjungar séu væntanlegar næstu misserin.

## Senseo kaffi fyrir Senseo vélar

**MARSIBIL SPYR Á PÖBBKVISS RIFF** Marsibil Sæmundardóttir kvikmyndagerðarkona spyr gesti spjörunum úr á pöbbkvissi RIFF – Alþjóðlegrar kvikmyndahátíðar í Reykjavík – á KEX-hosteli klukkan 20 í kvöld. Spurningarnar tengjast með einum eða öðrum hætti kvikmyndum. Vinningar eru í boði, allir velkomnir og frír aðgangur.

# BYR Í SEGL UNGRA RITHÖFUNDA

**Menntamálaráðherra veitti fimm ungum höfundum Nýræktarstyrki Bókmenntasjóðs í gær. Þetta var í fimmta sinn sem nýræktarstyrkir eru veittir og hafa þeir gefið góða raun að mati framkvæmdastjóra Bókmenntasjóðs.**

Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, tilkynnti í gær hverjir hlytu Nýræktarstyrki Bókmenntasjóðs við athöfn í Gunnarshúsi, húsi rithöfundasambands Íslands. Fimm ungir höfundar fengu að upphæð 200 þúsund krónur.

Nýræktarstyrkjum Bókmenntasjóðs er ætlað að styðja við útgáfu á nýjum íslenskum skáldverkum sem hafa takmarkaða eða litla tekjuvon en hafa ótvírætt menningarlegt gildi. Alls bárust 23 umsóknir um fimm styrki en stjórn Bókmenntasjóðs velur verkin sem hljóta styrk.

Þorgerður Agla Magnúsdóttir, framkvæmdastýra Bókmenntasjóðs, segir verkin sem fengu styrk í ár frekar ólík.

„Oft hefur verið nokkuð um ljóðabækur en í ár fær aðeins ein ljóðabók styrk. Það var ekki meðvituð ákvörðun af hálfu stjórnarinnar, hún tekur einfaldlega mið af því hvaða umsóknir þykja bestar hverju sinni og falla að viðmiðum sjóðsins.“



**SKÁLDSPROTAR** 23 umsóknir bárust um fimm Nýræktarstyrki Bókmenntasjóðs. Hver styrkhafi fékk 200 þúsund krónur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Þetta er fimmta árið í röð sem Nýræktarstyrkir Bókmenntasjóðs eru veittir og Þorgerður segir þá hafa gefið góða raun, bæði hafi þeir gagnast höfundunum fjárhagslega og vakið athygli á þeim.

Þorgerður Agla segir allan gang á því hvort bækurnar sem hljóta styrk komi út á vegum stærri forlaga eða á vegum höfundanna sjálfra.

„Við fáum umsóknir frá bæði forlögum og einstaklingum. Í fyrra vildi það svo til að þegar tilkynnt var um styrkina voru þrír umsækjendur með samning hjá Forlaginu, þar af tveir sem voru án samnings þegar þeir sóttu um. Það eru líka dæmi um höfunda sem hafa fengið styrk, sem hafa farið með hann til forlags og lagt það til með sér og fengið samning í framhaldinu. Fólk getur gert það kæri það sig um slíkt en svo eru auðvitað aðrir sem kjósa að gefa út upp á eigin spýtur. En þeir njóta líka góðs af athyglinni sem Nýræktarstyrkirnir vekja, enda gerum við meira úr þeim en hefðbundnum styrkveitingum.“

bergsteinn@frettabladid.is

**HANDHAFAR NÝRÆKTARSTYRKJA Í ÁR:**

**Dagur Hjartarson** fyrir Fjarlægðir og fleiri sögur (smásögur).

**Heiðrún Ólafsdóttir** fyrir Á milli okkar allt (ljóðabók).

**Hugrún Hrönn Ólafsdóttir** fyrir Hulstur utan um sál (myndir og texti).

**Soffía Bjarnadóttir** fyrir Segulskekkju: textasafn.

**Sunna Sigurðardóttir** fyrir Mér þykir það leitt (grafísk nóvella/myndasmásögur).






**SALKA GUÐMUNDSDÓTTIR** Hún segir nýja verkið, sem hún skrifaði á ensku, vera eins og alvarlegu hliðina á síðasta leikriti sínu, Súldarskeri.

# Nýtt íslenskt verk frumsýnt í Skotlandi

Leikverkið „And the Children Never Looked Back“ eftir leikskáldið Sölku Guðmundsdóttur verður frumsýnt í Oran Mor-leikhúsinu í Glasgow á mánudag og sýnt út vikuna. Leikstjóri er Graeme Maley, sem setti meðal annars upp Djúpið eftir Jón Atla Jónasson við sama leikhús fyrir þremur árum, og segir Salka að hann hafi í raun átt frumkvæðið að verkinu.

„Graeme hefur verið búsettur í og með á Íslandi undanfarið ár; hann kom að máli við mig og spurði hvort við ættum ekki að skella í eitt verk saman og ég tók slaginn.“

„And the Children Never Looked Back“ gerist á lítilli eyju þar sem voveiflegir atburðir hafa nýlega átt sér stað. Daniel er ungur maður frá meginlandinu sem hugsar í sögum og hefur einfalda sýn á veröldina. Leikritið segir frá örlagaríkum fundi þeirra Sunnu, en hún kennir í grunnskólanum á eyjunni og berst við að halda haus eftir skelfilegt áfall.

Salka segir það hafa runnið upp fyrir sér nú í vikunni að í raun hafi hún verið að skrifa um alvarlegu hliðina á síðasta verki sínu, Súldarskeri, sem hún var tilnefnd til Grímuverðlaunanna fyrir 2011.

„Ég er að skrifa um fólk sem getur ekki horfst í augu við raunveruleikann og heldur í hálmstrá sem er ekki endilega fótur fyrir. Ég heillast mjög af einangruðum samfélögum og hvernig við búum til sögur til að fylla í órökréttu götin í lífi okkar.“

Salka lærði skapandi skrif í Skotlandi og er því vön að skrifa á ensku, en engu að síður fóru þau Maley þá leið að hún skrifaði verkið á „venjulegri“ ensku en hann þýddi yfir á skosku, með tilheyrandi mállýskum.

Aðspurð segir Salka það koma vel til greina að setja verkið upp á Íslandi, en fram undan er þétt dagskrá hjá leikskáldinu. Hún er eitt þriggja ungra leikskálda sem eiga verk sem sett verða á svið hjá Borgarleikhúsinu undir heitinu „Núna!“, vinnur að nýju leikriti fyrir börn með leikhópnum Soðið svið, á verk á leiklistarhátíðinni Þjóðleik og hefur nýlokið við að þýða Emmu eftir Jane Austen.

„Ég hef verið mjög heppin undanfarið ár, skrifað mikið fyrir leikhúsið og unnið að fleiri stórum verkefnum.“ Hún segist vona að sýningin í Glasgow opni fyrir hana fleiri dyr í Skotlandi.

„Þetta er frábært tækifæri til að kynnast fólkinu í leikhúsbransanum þarna úti. Ég kunni mjög vel við mig í Skotlandi á sínum tíma og gæti vel hugsað mér að vinna þar. Draumurinn væri að geta búið hálft ár þar og hálft heima á Íslandi.“ - bs


Einnar nætur gaman... ár eftir ár eftir ár.
Á sama tíma að ári
Einn vinsælasti gamanleikur allra tíma!
Skelltu þér í áskrift!
Nína Dögg Filippusdóttir og Guðjón Davíð Karlsson í verðlaunaverki Bernard Slade
í leikstjórn Sigurðar Sigurjónssonar og Bjarna Hauks Þórssonar
Frumsýning 28. október
Forsala í fullum gangi!
fös. 28/9 kl. 20 UPPSELT
lau. 29/9 kl. 20 örfá sæti
lau. 6/10 kl. 19 örfá sæti
lau. 6/10 kl. 22 örfá sæti
sun. 7/10 kl. 20 örfá sæti
fös. 12/10 kl. 19 UPPSELT
lau. 13/10 kl. 19 örfá sæti
lau. 20/10 kl. 19 UPPSELT
FÍTON / SÍA
BYLGJAN 989
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is
Borgarleikhúsið

# Týnda tímabilið

Myndlist ★★★★☆

**Ljóðheimar**
Kjarvalsstaðir

Ýmsir listamenn. **Sýningarstjóri:** Aðalsteinn Ingólfsson

Ég ætla ekki að byrja þessa grein á því að tala um hvað svarthvíta loftið í Vestursal Kjarvalsstaða fer í taugarnar á mér. Ég ætla heldur ekkert að vera að minnast á vitlausar merkingar á verkum á sýningunni, eins og til dæmis það að öll fjögur verk Sigríðar Björnsdóttur eru sögð vera gerð með olíu á striga en eru augljóslega gerð með olíu, eða einhverri annarri málningu, á tré og masónít. Látum þetta tvennt liggja á milli hluta. Ég vil hins vegar byrja á því að segja hversu veikur ég er fyrir þessu tímabili í íslenskri listasögu, tímabilinu frá 1957 – 1970, og hvað ég er ánægður með að fá tækifæri til að læra meira um það og allar þær fjölbreyttu hræringar og öru umbreytingar sem áttu sér stað á þessum tiltölulega stutta tíma, og á árunum á undan.

Í því samhengi hvet ég alla sýningargesti til að lesa ítarlegan texta í sýningarskrá sem Aðalsteinn Ingólfsson listfræðingur og sýningarstjóri ritar, þar sem hann fer yfir og rökstyður þá tilgátu sína sem lögð er til grundvallar sýningunni, að strangflatarlistin hér á Íslandi, sem kom til sögunnar hér á landi um 1950, hafi verið eins konar útúrdúr; „á skjön við það sem kalla mætti meginstraum íslenskrar myndlistar“.

Þar á Aðalsteinn við m.a. að hið íslenska landslagsmálverk lifi áfram í gegnum ljóðrænu abstraktlistina, og má taka undir það með honum heils hugar.

Í mjög stuttu máli þá er ljóðræn abstraktlist það sem í Bandaríkjunum kallaðist Abstract Expressionism, og margir þekkja úr verkum slettumálarans Jackson Pollock og málara eins og Willem De Koonig og Mark Rothko. Í Evrópu var talað um stefnuna sem ljóðræna abstraklist, þar sem Vassely Kandinsky er nefndur sem faðir stefnunnar, ásamt súrrealismanum og áðurnefndum Pollock.

Sýninguna gerir Aðalsteinn öðrum þræði vegna þess að honum finnst þetta tímabil í íslenskri listasögu hafa orðið út undan á kostnað strangflatarlistarinnar, en vill meina, sbr. framangreint, að hér sé um að ræða eins konar týndan hlekk. Persónulega vill undirritaður ekki dæma um það hvort sé mikilsverðara, strangflatarlistin íslenska eða sú ljóðræna, en þetta framtak Aðalsteins er kærkomið tækifæri til vangaveltna þar um.

Á sýningunni eru verk eftir 33 listamenn. Þar á meðal eru risar eins og Svavar Guðnason, Nína Tryggvadóttir, Kristján Davíðsson og Hörður Ágústsson, en einnig minna þekktir listamenn eins og Jes Einar Þorsteinsson, Sigríður Björnsdóttir og Jón Benediktsson.

Aðalsteinn hefur valið að hengja sýninguna upp í tímaröð þannig að sumir listamenn dúkka upp aftur og aftur við skoðun sýningarinnar. Sterkara hefði verið að halda hverjum listamanni meira saman, þar sem þessi nálgun er dálítið ruglandi þegar maður skoðar sýninguna, þó hugmyndin sé góðra gjalda verð.

Það er áhugavert að leyfa höggmyndum frá þessum tíma að vera með á sýningunni, og sýna þar með fram á að ljóðræna abstraktlistin var meira en bara í málverki, en eins og höggmyndunum er fyrirkomið á sýningunni missa þær marks í samkeppni við litrík málverkin. Vel hefði verið hægt að stilla þeim upp með betri hætti þar sem þær hefðu talað betur til manns.

Af verkum og listamönnum sem komu skemmtilega á óvart, má nefna nútímaleg verk Sigríðar Björnsdóttur og Kristins Péturssonar, en verk þeirra beggja eru öll án titils. Verk SÚM-arans Vilhjálms Bergssonar er hressilegt og kraftmikið og minnir á nýja málverkið 10-15 árum síðar, og það sama má segja um upphleypt verk Arnars Herbertssonar. Magnús Tómasson, enn einn SÚM-arinn, á tvö skemmtileg verk á sýningunni. Þá fannst mér gaman að kynnast verkum Hjörleifs Sigurðssonar, og þá sérstaklega hinu þokukennda Dómea frá 1966, þar sem hann leikur sér að þríhyrningsformum og litum.

Nokkur verk á sýningunni eru á mörkum þess að vera vænin, sbr. verk Benedikts Gunnarssonar Í vetrarlandi, og önnur einfaldlega á mörkum þess að vera nógu góð, sbr. verk Kára Eiríkssonar. Þó á hann skemmtilegan Jackson Pollock-sprett í verkinu Morgundögg frá 1959. Litrík og áköf verk Jes Einars Þorsteinssonar eru einnig dálítið á skjön, þó hann og aðrir á sýningunni eigi fyllilega heima í samhengi hlutanna.

**Þóroddur Bjarnason.**

**Niðurstaða:** Verk eftir risa í íslenskri listasögu í bland við verk minni spámanna í sýningu þar sem eitt og annað kemur á óvart, og ljóðrænni abstraktlist markaður staður í sögunni.



**LJÓÐHEIMAR** „Það er áhugavert að leyfa höggmyndum frá þessum tíma að vera með á sýningunni, og sýna þar með fram á að ljóðræna abstraktlistin var meira en bara í málverki,“ segir Þóroddur Bjarnason meðal annars í dómi sínum.




## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 20. september**

**➜ Tónleikar**



**17.30** Tónlistarmennirnir Sigtryggur Berg, Jónas Sen og **Reptilicus** leiða saman hesta sína á Undiröldunni í Kaldalóni í Hörpu. Undiraldan er tónleikaröð Hörpu í samstarfi við 12 Tóna. Tónleikaröðin er sett fram í því skyni að kynna undiröldunа í íslenskri tónlistarmenningu og leyfa almenningi að fylgjast með þeirri grósku sem á sér stað í íslensku tónlistarlífi. Allir eru velkomnir og aðgangur ókeypis.



**19.30** Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur undir stjórn Ilans Volkov á tónleikum í Hörpu. Einleikari er **Bryndís Halla Gylfadóttir** sellóleikari. Flutt verður níunda sinfónía Bruckners og Sellókonsert nr. 1 í C-dúr eftir Haydn.

**21.00 Hljómsveitin 1860** heldur tónleika á veitingastaðnum Sæmundi í Sparifötunum á Kex Hosteli. 1860 er fimm manna hljómsveit sem spilar þjóðlagaskotið indí-popp undir áhrifum frá Simon & Garfunkel, Fleet Foxes, Belle & Sebastian og Arcade Fire. Aðgangur er ókeypis.

**22.00 Bítladrengirnir** halda tónleika á Ob-La-Dí-Ob-La-Da Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**➜ Sýningar**

**21.00 Óperusýningin Ráðskonuríki** verður flutt á Café Rosenberg. Það er Alþýðuóperan sem setur verkið á svið á hátt sem aldrei hefur þekkst hérlendis. Miðaverð er kr. 2.000.

**➜ Uppákomur**

**20.00 Kvennadeild Framsóknarfélags Reykjavíkur** stendur fyrir kvennakvöldi í Framsóknarhúsinu að Hverfisgötu 33. Boðið verður upp á skemmtiatriði. Ingó veðurguð mætir, tískusýning, snyrtivörukynning og fleira. Allir velkomnir.

**➜ Listamannaspjall**

**12.10 Berglind Björnsdóttir ljósmyndari** ræðir sýningu sína, Kona, sem staðið hefur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í sumar. Berglind leiðir gesti um sýninguna og segir frá hugmyndinni á bak við myndaseríuna þar sem hún leitast við að draga upp mynd af hinni íslensku nútímakonu. Sýningunni lýkur á sunnudag. Enginn aðgangseyrir.

**➜ Fyrirlestrar**

**12.00** Alþjóðamálastofnun og Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands í samstarfi við Norræna húsið standa fyrir opnum fundi í fundarsal Norræna hússins. **Dr. Michael Minkenberg,** prófessor í stjórnmálafræði við European University Viadrina í Frankfurt, heldur erindi um öfga hægri flokka í Evrópu og áróður þeirra gegn útlendingum. Enginn aðgangseyrir.

**20.00 Brynhildur Pálsdóttir hönnuður og Magnea Guðmundsdóttir arkitekt** halda fyrirlestur um sýninguna Lífið í Vatnsmýrinni, sem nýlega var opnuð í Norræna húsinu. Fyrirlesturinn er hluti af mánaðarlegri fyrirlestraröð Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Listasafns Reykjavíkur. Fyrirlesturinn er ókeypis og öllum opinn.

**➜ Myndlist**

**17.00** The Infinite Day eða Endalaus dagurinn, sýning á verkum **Birgis Andréssonar,** verður opnuð í i8 Gallery. Sýnd verða verk sem varpa ljósi á listræna breidd Birgis, þar á meðal verk á pappír, málverk og þrívíð verk, sem sum hver hafa ekki áður verið sýnd. Enginn aðgangseyrir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**

# TÍSKUDAGAR

## ALLT AÐ 20% AFSLÁTTUR AF TÍSKUTENGDUM VÖRUM




TILBOÐ kr. 6.399,-
Verð áður kr. 7.999,-




TILBOÐ kr. 3.199,-
Verð áður kr. 3.999,-




TILBOÐ kr. 3.199,-
Verð áður kr. 3.999,-




TILBOÐ kr. 3.199,-
Verð áður kr. 3.999,-




TILBOÐ kr. 2.599,-
Verð áður kr. 2.999,-




TILBOÐ kr. 2.899,-
Verð áður kr. 3.599,-

## ÚRVAL AF TÍSKUTÍMARITUM




20% AFSLÁTTUR

## LITRÍKIR BAKPOKAR FRÁ EASTPAK



20% AFSLÁTTUR

## TOP Model VÖRUR



20% AFSLÁTTUR

Tilboð gildir til og með 23.09.12

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON



5% aukaafsláttur af tilboðum.
Skráðu þig í næstu heimsókn.

Eymundsson
Bóksali frá 1872

tonlist@frettabladid.is




**TEMPEST** með Bob Dylan er plata vikunnar ★★★★

*„Tempest hefur allt það sem aðdáendur Dylans vilja heyra.“* - TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Sá á kvölina ...*

Nú eru sex vikur þar til Iceland Airwaves hefst, en hátíðin er óumdeilanlega stærsti viðburðurinn á tónlistardagatali landsins. Það er löngu uppselt og dagskráin er frágengin, töluvert fyrr heldur en áður. Hana má skoða í heild sinni á vef hátíðarinnar. Þetta er í fyrsta sinn sem Nasa er ekki meðal tónleikastaða (ú á hótelið!), en líka í fyrsta sinn sem Silfurbergssalur Hörpu er notaður fyrir almenna dagskrá.


**HEIT SVEIT** Það eru margir spenntir fyrir tónleikum Poliça á Airwaves.

Eitt af einkennum Airwaves er valkvíðinn: Oft eru mörg spennandi atriði á sama tíma og þá þarf að velja. Nú er hægt þjást í heilar sex vikur yfir því hvort maður eigi sjá Swans í Norðurljósasal Hörpu á fimmtudeginum, Poliça á Listasafninu eða THEESatisfaction og Shabazz Palaces á Þýska barnum. Ég hallast að síðasta kostinum eins og er, en á örugglega eftir að skipta um skoðun oft áður en dagurinn rennur upp. Nema eistneska sveitin Ewert And The Two Dragons sem spilar í Kaldalóni þetta kvöld eigi eftir að toppa þetta allt. Ég á eftir að tékka á henni.

Annað snúið kvöld er laugardagskvöldið. Þá spila Django Django í Silfurbergi og Dirty Projectors á Listasafninu. Erfitt val, en sennilega velur maður snilldarsveitina Dirty Projectors. Hún verður seint slegin út.

Það er annars fullt af flottum atriðum á hátíðinni í ár, sem fyrr. Það er alltaf mikil stemning að sjá íslensku böndin á Airwaves og svo eru mörg spennandi erlend atriði sem lítið hefur verið talað um til þessa. Finnska hljómsveitin Siinai spilar til dæmis magnað sambland af krautrokki og syntapoppi, breska tríóið Daughter spilar sannfærandi blöndu af rokki og folk-tónlist, austurríska teknóbandið Elektro Guzzi er stórskemmtilegt og franska sveitin Shiko Shiko er í meira lagi forvitnileg. Og maður er rétt að byrja að kynna sér dagskrána ...

## Í SPILARANUM


Killers - **Battle Born**


Skúli Sverrisson og Óskar Guðjónsson - **The Box Tree**


Familjen - **Allt På Rött**




Sérfræðingar frá Dior verða í Hygea Kringlunni og Smáralind 20.-22. sept.

Dior kynnir:
- Nýjan Nude farða
- Nýja Rouge Nude varalitalínu
- Nude liti í naglalökkum

Glæsilegur kaupauki fylgir með tveimur keyptum vörum í Dior. Vertu hjartanlega velkomin.

HYGEA
Snyrtivöruverslun



**Á TÓNLEIKUM** Forsprakkinn Marcus Mumford á tónleikum með hljómsveitinni Mumford & Sons. NORDICPHOTOS/GETTY

# Meira frá Mumford & Sons

**Önnur plata Mumford & Sons kemur út eftir helgi. Sú síðasta, Sigh No More, náði öðru sæti bæði í Bretlandi og í Bandaríkjunum.**

Ensku þjóðlagapopparanir í Mumford & Sons, sem Of Monsters and Men hefur stundum verið líkt við, senda frá sér sína aðra plötu, Babel, eftir helgi.

Eftirvæntingin er mikil því frumburðurinn Sigh No More hitti beint í mark og náði öðru sætinu bæði á breska og bandaríska sölulistanum, sem þýðir að hljómsveitin er mjög vinsæl beggja vegna Atlantshafsins.

Mumford & Sons hefur verið á stífu tónleikaferðalagi til að fylgja Sigh No More eftir. Nýja platan var tekin upp á eins og hálfs árs tímabili og notaði sveitin tækifæri þegar hún var ekki að spila til að hittast í hljóðveri og negla nýju lögin niður. Upptökurnar gengu vel og var það Markus Dravs sem sat við takkaborðið, rétt eins og á síðustu plötu. Hann hefur áður unnið með Arcade Fire við gerð Neon Bible og Björk við upptökur á Homogenic.

Mumford & Sons var stofnuð árið 2007 af þeim Marcus Mumford, Country Winston, Ben Lovett og Ted Dwane. Þeir sameinuðust í tónlistarsenunni í London yfir áhuga sínum á sveita-, blágresis- og þjóðlagatónlist. Þeir ákváðu að blanda henni saman og flytja af meiri krafti og ákafa en þeir höfðu hingað til verið vanir að heyra. Árið 2008 voru félagarnir duglegir við spilamennsku. Þeir tróðu upp á Glastonbury-hátíðinni og hituðu svo upp fyrir Lauru Marling og Johnny Flynn and the Sussex Wit á sinni fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin. Eftir að hafa gefið út nokkrar EP-plötur sem fengu fínar viðtökur var röðin komin að Sigh No More þar sem lög á borð við Little Lion Man og The Cave nutu mikilla vinsælda. Mumford & Sons var í framhaldinu heiðruð með tvennum Grammy-verðlaunum, eða sem besti nýliðinn og fyrir besta rokklagið (Little Lion Man), og einnig fengu félagarnir Brit-verðlaunin fyrir bestu bresku plötuna.

Fram undan hjá hljómsveitinni er tónleikaferð um Ástralíu og Nýja Sjáland og á næsta ári er von á áframhaldandi spilamennsku víða um heim.

freyr@frettabladid.is

## LAGALISTINN

Vikuna 13. september - 19. september 2012

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Muse | *Madness* |
| ▲ | 2 | Moses Hightower | *Sjáum hvað setur* |
| ▼ | 3 | Ásgeir Trausti | *Leyndarmál* |
| ▼ | 4 | Retro Stefson | *Glow* |
| ▲ | 5 | Of Monsters And Men | *Dirty Pawns* |
| ▶ | 6 | Pink | *Blow Me* |
| ▲ | 7 | Maroon 5 | *One More Night* |
| ▲ | 8 | Mumford & Sons | *I Will Wait* |
| ▼ | 9 | Jónas Sigurðsson | *Þyrnigerðið* |
| ▼ | 10 | Fun | *Some Nights* |

## TÓNLISTINN

Vikuna 13. september - 19. september 2012

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▲ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▼ | 2 | Of Monsters And Men | *My Head Is An Animal* |
| ✱ | 3 | Andrea Gylfadóttir | *Stelpurokk* |
| ✱ | 4 | Bob Dylan | *Tempest* |
| ▼ | 5 | Moses Hightower | *Önnur Mósebók* |
| ▼ | 6 | Sigur Rós | *Valtari* |
| ▼ | 7 | Eivör | *Room* |
| ✱ | 8 | The Vintage Caravan | *Voyage* |
| ▼ | 9 | Mugison | *5 CD Pakki* |
| ▼ | 10 | Helgi Björns & reiðm. vindanna | *Heim í heiðard.* |

**Skýringar:**

▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum:** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# HINN EINI SANNI

*sláturmarkaður!*



**ÓDÝRT OG GOTT!**
Keppurinn á ca. 96 kr.

# SLÁTUR MARKAÐUR

*ferskt daglega!*

í Hagkaup SMÁRALIND
frá 20. september.

## Afgreitt frá kl. 14 - 18*

* Alla daga nema mánudaga og sunnudaga meðan birgðir endast

Smáralind

---

## LAMBAKJÖT AF NÝSLÁTRUÐU

**Sérvalinn og snyrtur**
**½ lambaskrokkur**
100% nýting engin slög

- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, sagaður í kótilettur
- Frampartur sagaður
- Súpukjöt

**1198**kr/kg
verð áður 1598



**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*



**SYNGUR SEM BUCKLEY** Leikarinn Penn Badgley fer með hlutverk söngvarans Jeff Buckley í kvikmyndinni Greetings from Tim Buckley. Myndin segir frá árunum áður en Buckley varð frægur og í henni stígur Badgley á svið og syngur.

# Hættur við apana

Leikstjórinn Rupert Wyatt er hættur við að leikstýra framhaldsmynd Rise of the Planet of the Apes vegna þrýstings frá framleiðendum myndarinnar.

Framleiðslufyrirtækið 20th Century Fox tilkynnti í maí að framhaldsmyndin Dawn of the Planet of the Apes yrði frumsýnd þann 24. maí árið 2014. Samkvæmt fréttum Empireonline.com hætti Wyatt við vegna tímaskorts en vefsíðan hafði þó ekki fengið fréttina staðfesta. 20th Century Fox ætti þó að hafa nægan tíma til að finna annan leikstjóra til að taka verkefnið að sér.

Rise of the Planet of the Apes varð óvæntur smellur fyrir Fox þegar myndin var frumsýnd í fyrra. Myndin skartaði James Franco, Freida Pinto og John Lithgow í aðalhlutverkum og þénaði um 59 milljarða um heim allan.



**HÆTTUR VIÐ** Leikstjórinn Rupert Wyatt er hættur við framhald Rise of the Planet of the Apes. NORDICPHOTOS/GETTY

# Perlur frá Afríku

Bíó Paradís og Afríka 20:20 bjóða upp á afríska kvikmyndahelgi í tengslum við þróunarverkefnið Þróunarvinna ber ávöxt. Þrjár afrískar kvikmyndir verða sýndar yfir helgina.

Viva Riva! eftir leikstjórann Djo Tunda Wa Munga gerist í Kongó. Þar ríkir bensínskortur og smákrimmi kemst yfir magn af eldsneyti sem hann ætlar sér að græða á. Myndin hlaut meðal annars verðlaun á Kvikmyndahátíðinni í Toronto árið 2010. Kvikmyndin Bamako kemur frá Malí og er frá árinu 2006. Myndin er háðsádeila á hlutverk alþjóðastofnana í Afríku. Loks er það myndin 14 Kilometres frá árinu 2008. Hún er í leikstjórn Spánverjans Gerardo Olivares og segir frá ungu fólki frá Afríku sem dreymir um betra líf í Evrópu.



**AFRÍSK KVIKMYNDAHELGI** Myndin Viva Riva! er ein af myndunum sem sýndar verða um helgina. Hún segir frá smákrimma sem kemst yfir magn af eldsneyti.

UMFÍ

**Styrkir úr Fræðslu- og verkefnasjóði UMFÍ**

*Umsóknarfrestur til að sækja um styrki úr **Fræðslu- og verkefnasjóði Ungmennafélags Íslands** er til **1. október**. Umsóknum skal skilað rafrænt á þar til gerðum umsóknareyðublöðum sem er að finna á heimasíðu UMFÍ (www.umfi.is) undir **Framlög og styrkir** fyrir 1. október.*

Sjóðurinn veitir m.a. styrki til félags- og íþróttastarfs ungmennafélagshreyfingarinnar með því að auka menntun og þekkingu félaga innan hreyfingarinnar á íþróttagreinum, þjálfun, í félagsmálum og félagsstarfi.

Rétt til styrkveitingar úr sjóðnum eiga allir félagar í ungmennafélögum sem eru virkir í starfi og hafa uppáskrift síns félags eða sambands til að afla sér aukinnar þekkingar á sínu sérsviði sem gæti nýst viðkomandi félagi, sambandi og ungmennafélagshreyfingunni í heild. Einnig eiga stjórn og nefndir UMFÍ, héraðssambönd, ungmennafélög og deildir innan þeirra rétt á að sækja um styrk úr sjóðnum.

Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrki úr sjóðnum að eigin frumkvæði til verkefna sem ekki teljast til árlega verkefna hreyfingarinnar.

*Nánari upplýsingar eru gefnar á þjónustumiðstöð UMFÍ í síma 568-2929.*



**BLÓÐUG BARÁTTA** Bondurant-bræðurnir brugga spíra á bannárunum í Bandaríkjunum og láta hart mæta hörðu þegar spilltur lögreglumaður heimsækir heimabæ þeirra.

# Blóðug saga um bruggara

**Lawless verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Myndin er byggð á sannsögulegum atburðum og skartar Tom Hardy og Shia LaBeouf í aðalhlutverkum.**

Bondurant-bræðurnir brugga vín á kreppu- og bannárunum í Bandaríkjunum þegar sala á áfengi er ólögleg. Bræðurnir þrír eru sagðir framleiða besta spírann í Virginíufylki en þegar spilltur lögreglumaður birtist í bænum og heimtar mútugreiðslur taka bræðurnir höndum saman við aðra bruggara og láta hart mæta hörðu. Þrátt fyrir hrottaskap sinn fara bræðurnir ekki varhluta af ástinni því tveir þeirra, Forrest og Jack, verða ástfangnir, Jack af dóttur prests og Forrest af þjónustustúlkunni Maggie.

Fjöldi gæðaleikara fer með aðalhlutverk í kvikmyndinni og eru það Tom Hardy, Shia LaBeouf og Jason Clarke sem leika þá Bondurant-bræður. Guy Pearce fer með hlutverk lögreglumannsins Charlies Rakes, Gary Oldman leikur glæpaforingjann Floyd Banner og Dane DeHaan fer með hlutverk vinar bræðranna, Crickets Pate. Jessica Chastain leikur Maggie Beauford og Mia Wasikowska bregður sér í hlutverk prestsdótturinnar Berthu Minnix.

Lawless er byggð á skáldsögunni The Wettest County In The World eftir Matt Bondurant og er það tónlistarmaðurinn Nick Cave sem skrifar handrit myndarinnar. Þetta er í annað sinn sem kvikmynd er gerð eftir handriti Cave. Fyrri myndin kom út árið 2005 og nefnist The Proposition. Í henni leikur Guy Pearce einnig aðalhlutverkið, ástralska útlagann Charlie Burn sem var hundeltur af lögreglunni.

Lawless var frumsýnd á Cannes-kvikmyndahátíðinni í vor og var á meðal þeirra kvikmynda sem kepptu um Gullpálmann, en það var austurríska kvikmyndin Amour sem fór með sigur af hólmi. Lawless hefur fengið ágæta dóma og á kvikmyndasíðunni Rottentomatoes.com fær hún 65 prósenta ferskleikastig frá gagnrýnendum og 81 prósent frá áhorfendum. Myndinni er lýst sem hrottalegri, blóðugri og meingallaðri og sagt er að hún geti seint talist epískt meistaraverk, en að kvikmyndatakan og leikurinn séu of áhrifamikil til að hægt sé að afskrifa hana.

## SKÁLDSAGA BYGGÐ Á ÆVI AFANS

Skáldsagan The Wettest County in the World er eftir höfundinn Matt Bondurant. Sagan var innblásin af ævi afa höfundarins og tveggja bræðra hans og atburði sem kallaður er Great Franklin County Moonshine Conspiracy. Bondurant notaði sögu fjölskyldunnar sem uppsprettu sagna en sótti einnig efnivið í gamlar blaðagreinar og dómsskjöl. Bræðurnir þrír voru taldir ódauðlegir af þorpsbúum vegna alls sem þeir höfðu mátt þola, og unnið bug á, á lífsleið sinni.

Bondurant skrifaði einnig bækurnar The Third Translation og The Night Swimmer.

# Dómarinn og Djúpið í bíóhús

Kvikmyndirnar Djúpið og Judge Dredd 3D eru frumsýndar í kvikmyndahúsum annað kvöld.

Djúpið er í leikstjórn Baltasars Kormáks og er myndin byggð á samnefndu leikverki Jóns Atla Jónassonar. Verkið var innblásið af atburði er átti sér stað árið 1984 þegar Guðlaugur Friðþórsson synti til lands eftir að skip hans fórst. Ólafur Darri Ólafsson fer með aðalhlutverk myndarinnar og eru aðrir leikarar hennar Jóhann G. Jóhannsson, Stefán Hallur Stefánsson, Björn Thors, Þröstur Leó Gunnarsson, Walter Geir Grímsson, Þorbjörg Halla Þorgilsdóttir, Theodór Júlíusson, María Sigurðardóttir og Guðjón Pedersen.

Myndin var frumsýnd á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto í byrjun september og hefur fengið frábæra dóma frá gagnrýnendum sem og áhorfendum.

Hasarmyndin Judge Dredd 3D segir frá Dredd dómara sem hefur fengið það vandasama verk að losa borgina Mega City One við eiturlyfið Slo-Mo. Myndin er byggð á teiknimyndasyrpunni 2000 AD og er sjálfstætt framhald Judge Dredd sem kom út árið 1995 og skartaði Sylvester Stallone í aðalhlutverki. Með hlutverk dómarans fer Karl Urban og með önnur hlutverk fara Olivia Thirlby, Wood Harris og Lena Headey.



**DJÚPIÐ** Íslenska kvikmyndin Djúpið verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Hasarmyndin Judge Dredd 3D verður einnig frumsýnd sama kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

// SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR // ÆVISÖGUR // BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR // ÆVINTÝRABÆKUR // FRÆÐIBÆKUR // HANDBÆKUR // FERÐABÆKUR // RÓMANTÍSKAR BÆKUR // UNGLINGABÆKUR // SKÁLDSÖGUR // SPENNUSÖGUR //

// BARNABÆKUR // MATREIÐSLUBÆKUR // HANDAVINNUBÆKUR // SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR // LJÓÐABÆKUR

**VERÐHRUN!**

# RÝMINGAR SALA BÓKAÚTGEFENDA

## BORGARTÚNI 29

OPIÐ **KL. 10-19 ALLA DAGA**

**KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP!**

**ALDREI MEIRA ÚRVAL!**

**ALLIR SEM VERSLA FÁ ÓKEYPIS BÓK!**

# ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!




~~9.980,-~~
1.490,-




~~1.990,-~~
690,-




~~2.699,-~~
1.490,-




~~3.300,-~~
1.490,-




~~7.990,-~~
1.990,-




~~5.990,-~~
2.490,-




~~2.990,-~~
1.950,-




~~6.990,-~~
2.990,-




~~3.980,-~~
990,-




~~2.490,-~~
1.490,-




~~6.490,-~~
990,-




~~2.990,-~~
1.690,-

# BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!



**98** **ÁR ERU SÍÐAN TÍSKUHÚSIÐ BURBERRY** hannaði sína frægu kápu, eða „trenchcoat“, en kápan er aðalsmerki þessa fornfræga tískuhúss í dag. Á nýafstaðinni sýningu Burberry í London mátti sjá nútímalegar útgáfur af kápunni góðu, bæði í skærum litum og glansandi efnum.



## SÚRDEIGIÐ MATAÐ Á VIKUFRESTI

Sagt er að Egyptar hafi verið fyrstir manna til að láta brauð hefa sig. Þeir komust að því að ef mjöli var blandað í vatn og það látið standa í opnu íláti í nokkra daga mynduðust í því loftbólur og blandan þandist út. Þessi lyfting var grundvöllur brauðbaksturs allt fram á síðustu öld þegar pressugerið var kynnt til sögu.

Í Biblíunni er oft minnst á súrdeig og í Matteusarguðspjalli (16:6) segir meðal annars: „Jesús sagði við þá: „Gætið ykkar, varist súrdeig farísea og saddúkea.““ Að sögn Árna Svans Daníelssonar verkefnisstjóra á Biskupsstofu er súrdeigið notað sem líkingamál og er verið að vísa í hugmyndir eða kenningar farísea og ekki í brauðið sem slíkt.



**Þórir Bergsson** segir súrdeigsbrauð vera bragðgóð og góð í maga. Vinsældir súrdeigsbrauða hafa vaxið mikið að undanförnu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# SÚRDEIGSBRAUÐIN SÆKJA Í SIG VEÐRIÐ

**Súrdeigsbrauð hafa sótt í sig veðrið undanfarna mánuði, enda þykja þau þægilegri í magann og bragðmeiri en mörg önnur brauð.**

**MATUR** „Karakterinn í súrdeigsbrauðunum er annar og maður finnur fyrir súrnum, brauðin eru því ekki eins flöt og önnur brauð sem maður kaupir úti í búð. Súrinn er líka mjög breytilegur frá degi til dags og þess vegna fær maður ekki endilega sama brauðið hvern dag. Mér þykja þetta stærstu kostir súrdeigsbrauðs,“ segir Þórir Bergsson, kokkur og eigandi Bergsson mathúss. Þórir bakar súrdeigsbrauð daglega og segir brauðið fara betur í maga fólks.

„Það er náttúrulegur gerill í brauðinu í stað tilbúins gers. Það eru þessir tilbúnu gerlar sem fara oft illa í fólk og því er súrdeigsbrauðið oft betra í magann.“

Súrdeigsbrauð eru látin hefa sig í svokallaðri kaldhefingu áður en það er bakað og tekur það allt að sextán klukkustundir. Svolítið af súrnum er haldið eftir í krukku og þarf að fæða hann reglulega og halda honum við. Sé það gert á súrinn að geta lifað í mörg ár og jafnvel áratugi, en sögusagnir eru um að til séu súrir allt frá tímum Krists.

Sandholt bakarí selur nú einvörðungu súrdeigsbrauð og segist Ásgeir Sandholt konditor vart anna eftirspurn um helgar. „Þetta eru brauð eins og þau voru gerð í gamla daga og með sama gamla hugarfarinu; að gefa hlutunum sinn tíma. Maður veltir því fyrir sér hvort að nútíma brauðframleiðsla sé ástæðan fyrir því að svo margir fá glúten- og geróþol í dag,“ segir hann.

Brauðin fást einnig í Brauðhúsinu í Grímsbæ, Kökuhúsinu í Auðbrekku, Bernhöftsbakaríi og víðar.

sara@frettabladid.is

MIÐBORGIN OKKAR

ÁTT ÞÚ HEIMA Í JÓLABÆNUM?

Við leitum söluaðila í snotur jólahús og tjöld í Jólabænum við Ingólfstorg. Líkt og fyrri ár verður skipulögð skemmtidagskrá alla daga og fjöldi fólks sem bregður sér í „bæinn“ til að gera jólainnkaup.

Jólabærinn sprettur upp í miðjum desember og þú gætir flutt inn á fyrsta degi ef þú tryggir þér pláss nógu snemma.

Sendu okkur fyrirspurn merkta „Jólabærinn“ á midborgin@midborgin.is

Þar sem hjartað slær
www.midborgin.is

MIÐBORGIN OKKAR



**EKKI ÓTTAST HJÁLPARHÖND** Það þarf að ræða vandamálin til að yfirstíga þau. Pör gætu þurft á aðstoð að halda við að koma samskiptum af stað. NORDICPHOTOS/GETTY

# Ástareldurinn kveiktur á ný

**?** Mig vantar smá ráð hjá þér. Við kærastinn erum búin að vera saman í nokkur ár og eigum tvö yndisleg börn. Báðar meðgöngurnar voru mjög erfiðar og ég var mikið veik og kynlífið þar af leiðandi ekki neitt. Á fyrri meðgöngunni stunduðum við kynlíf tvisvar og ekkert núna á síðustu. Eftir að strákurinn fæddist hafði ég mjög litla löngun í kynlíf almennt og enn þá minni núna. Það virðist fast í hausnum á mér, að þar sem ég er orðin mamma, þá eigi ég ekki að stunda kynlíf. Ég fékk fæðingarþunglyndi eftir að strákurinn fæddist og fékk hjálp við því. Var orðin góð en er byrjuð að finna fyrir því aftur núna, ekkert mikið, en nóg til að hafa áhrif á mig. Kærastinn minn er yndislegur maður sem vill allt fyrir mig gera og ég elska hann mjög mikið. Það var smá risvandamál í gangi en hann ætlar að tala við lækni og fá pillur við því, ég sagði honum að það væri allavega partur af þessu löngunarleysi hjá mér. Mig langar alveg ofsalega mikið til að langa. Hann talar stundum um að hann langi til að stunda meira kynlíf, og ég er búin að segja honum að hann verði þá að hafa frumkvæði. Hann þurfi að taka af skarið, því kannski þarf ég bara smá örvun til að komast í gang.

**SVAR** Það er margt sem er í gangi samtímis í þínum aðstæðum og allt eru það þekktir þættir sem geta dregið úr kynlöngun. Það er vitað að álagið sem fylgir barneignum getur haft áhrif á kynlöngun karla og kvenna. Þá verða ákveðnar lífeðlislegar breytingar í líkama konunnar við fæðingu og brjóstagjöf sem geta einnig dregið úr löngun. Þunglyndi, þunglyndislyf og kynlífsvandamál maka hafa einnig áhrif. Þar sem vandamálið er margþætt þá er lausnin það líka. Ég myndi telja algert forgangsatriði að fá aðstoð við fæðingarþunglyndinu. Það er fullkomlega eðlilegt að leyfa nokkrum vikum að líða eftir fæðingu áður en kynlíf hefst svo ekki setja of mikla pressu á ykkur í þeirri deild. Hvað varðar hans vandamál þá geta fleiri lausnir verið á þeim vanda heldur en bara pillur og því mæli ég með því að þið farið í ráðgjöf til kynfræðings. Þar gætuð þið talað saman um bæði hans vandamál og þín og svo hvernig þið getið í framhaldinu tæklað kynlífsleysið. Það getur verið erfitt að bera einn þá byrði að hafa alltaf frumkvæði að kynlífi og eiga svo líka að taka á móti neitun og upplifa það ekki sem höfnun. Því þurfið þið kannski smá aðstoð við að koma jafnvægi á þau samskipti og það fæst með því að fara í ráðgjöf. Ekki óttast hjálparhöndina heldur takið henni fagnandi og nýtið sem tækifæri til að styrkja ykkur sem einstaklinga, par og foreldra.

**KYNLÍF: TAKTU ÞÁTT!**
Sendu **Siggu Dögg** póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



# Fyndni forsetinn Ferrell í essinu sínu

Bíó ★★★☆☆

**The Campaign**

**Leikstjóri:** Jay Roach **Leikarar:** Will Ferrell, Zack Galifianakis, Dylan McDermott, Dan Aykroyd, John Lithgow

Eitt er ljóst. Will Ferrell er ekki allra. Þeir eru meira að segja til sem hefur aldrei þótt hann fyndinn. Aðrir höfðu gaman að honum framan af en fannst hann svo alltaf eins, alltaf að leika saman fíflið. En svo eru það hinir sem halda því fram fullum fetum að Will Ferrell sé einhver fyndnasti maður í heimi, tryllingslega fyndinn snillingur í allri sinni glúrnu geggjun og víðáttuvitleysu. Þessi mynd er fyrir þá. Og aðeins þá.

Hér nýtur Ferrell sín í ræmur enda fær hann loksins tækifærið til að þróa áfram einn sinn allra fyndnasta karakter, forheimska pólitíkusinn, sem hann gerði fyrst í óborganlegu gervi Bush yngri forseta í Saturday Night Live. Hér gengur hann skrefi lengra og kynnir til sögunnar algjöran erkipólitíkus, eins vafasaman og bandarískir pólitíkusar geta orðið (vonandi) og tekst um leið að kokka upp hreint geggjaða blöndu af Bush og Clinton.

Cam Brady er ósnertanlegur öldungadeildarþingmaður þótt gerspilltur sé, forheimskur og kvensamari en Jagger. Öllum að óvörum fær hann mótframbjóðanda, hinn hjartahreina og einfalda Marty Haggins (Galifianakis), sem kostaður er af vondum auðmönnum sem hafa í hyggju að opna kínverska þrælaverksmiðju mitt í Miðríkjunum. Upphefst þá hatrömm og kostuleg kosningabarátta þar sem öllum bellibrögðum í bókinni er beitt.

Svekkelsið við annars fyrirtaks upplegg að góðri grínmynd er að í stað þess að reyna að búa til snjalla pólitíska satíru í anda The Daily Show og bresku þáttanna Já ráðherra! og Thick of it er gripið til klisjunnar og reynt að klæða geggjunina í hefðbundinn söguþráð með veikburða boðskap um að til þess að bjarga heiminum verði pólitíkusar að gerast heiðarlegir og ganga sannleikanum á hönd. Einmitt. En Ferrell er í essinu sínu og Galifianakis líka og saman eiga þeir allan heiðurinn að fínni grínmynd í allri hennar geggjun og grófleika. Og inn á milli slæðast/slysast svo með glettilega beitt skot á meint grafalvarlegt og rotið ástand bandarískra stjórnmála í aðdraganda forsetakosninga. Sem er viðeigandi. **Skarphéðinn Guðmundsson**



**Niðurstaða:** Ekki hárbeitta pólitíska satíran sem einhverjir vonuðust eftir en himnasending fyrir aðdáendur Wills Ferrell.



**HAMINGJUSAMUR** Tónlistarmaðurinn Robbie Williams eignaðist litla stúlku á þriðjudaginn með eiginkonu sinni Aydu Fields. NORDICPHOTOS/GETTY

## Eignaðist litla stúlku

Tónlistarmaðurinn og fyrrum glaumgosinn Robbie Williams varð faðir í vikunni. Williams deildi gleðifregnunum á bloggi sínu en hann og eiginkona hans, Ayda Fields, urðu stoltir foreldrar lítillar stúlku á þriðjudaginn. „Gjöriði svo vel, þetta er Theodora Rose Williams, betur þekkt sem Teddy. Fæddist 15.33 þann 18.9.12. Barni, móður og föður heilsast vel. Takk fyrir hamingjuóskirnar.“

Williams bað Fields í beinni útsendingu í útvarpsþætti í Ástralíu árið 2010 og þrátt fyrir að talsmaður tónlistarmannsins héldi því fram að bónorðið hefði verið grín giftust þau nokkrum mánuðum síðar í Los Angeles.

## Plan B fékk tilnefningu

**Plan B og Richard Hawley eru líklegastir hjá breskum veðmöngurum til að hreppa Mercury-verðlaunin í ár. Líkurnar hjá báðum flytjendum eru fjórir á móti einum að þeir hljóti þessi virtu tónlistarverðlaun þar sem plata ársins er verðlaunuð.**

**Meðal annarra sem hlutu tilnefningu eru Django Django, sem spilar á Iceland Airwaves í haust, The Maccabees, Michael Kiwanuka og Alt-J. Tilkynnt verður um sigurvegarann 1. nóvember. Sá fær tæpar fjórar milljónir króna í verðlaunafé.**












LAUGARÁSBÍÓ — Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | 8, 10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | 7, 10 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | 10.20 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | 6 | L |
| INTOUCHABLES | 5.50 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 6 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| CAMPAIGN LUXUS VIP | KL. 6 - 8 | 2D | VIP |
| FROST | KL. 6 - 8 - 10:45 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 5:20 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY LUXUS VIP | KL. 10 | 2D | VIP |
| HIT AND RUN | KL. 10:20 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:50 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 | 2D | L |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 | 2D | 12 |
| BOURNE LEGACY | KL. 10 | 2D | 12 |
| FROST ÍSL. TALI | KL. 8 - 10 | 2D | 16 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | 6 - 8 - 10 - 10:50 | 2D | 16 |
| BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE | KL. 5:50 | 2D | L |
| ÍSÖLD 4 | KL. 6 | 2D | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 - 10 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 8:40 - 10:20 | 2D | 16 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 5:30 | 2D | 12 |
| BRAVE | KL. 5:50 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| CAMPAIGN | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| BABYMAKERS | KL. 8 | 2D | 12 |
| FROST | KL. 10:10 | 2D | 12 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — 5%

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | KL. 5.50 -8 -10.10 | 16 |
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D | KL. 10.20 ÓTEXTUÐ | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 4 - 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 9 | 16 |
| THE WATCH | KL. 5.40 | 12 |
| PARANORMAN 2D | KL. 3.30 | 7 |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL. 3.40 | L |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 3D | KL. 8 - 10.10 ÓTEXTUÐ | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 6 - 9 | 16 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10.30 | 16 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 8 - 5.30 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| RESIDENT EVIL: RETRIBUTION 2D | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| THE BOURNE LEGACY | KL. 10 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 8 | 12 |
| ÁVAXTAKARFAN | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio




**HEIÐRAÐUR** Sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Luis E. Arreaga, veitir Hallbirni Hjartarsyni viðurkenningu fyrir ómetanlegt starf sitt fyrir framgang kántrýtónlistar á Íslandi. Hallbjörn fékk einnig afhenta viðurkenningu frá bandarísku samtökunum Country Music Association við sama tilefni. MYNDIR/ÁSGRÍMUR SIGURÐSSON

# Kántrýkóngurinn heiðraður

**Tónlistarmaðurinn Hallbjörn Hjartarson, sem á löngum ferli sínum hefur meðal annars uppskorið gælunöfnin Kúreki norðursins og kántrýkóngurinn, veitti sérstökum viðurkenningum Country Music Association og sendiráðs Bandaríkjanna á Íslandi viðtöku á þriðjudagskvöldið. Að sjálfsögðu fóru herlegheitin fram á heimavelli Hallbjörns, Kántrýbæ á Skagaströnd, og var kátt á hjalla með tónlist og öllu tilheyrandi.**



**FRÆNDGARÐURINN** Í samtali við Fréttablaðið sagðist Hallbjörn vera hissa og stoltur af viðurkenningunni sem honum væri sýnd. Hér stilla Hallbjörn, sendiherrann Luis E. Arreaga og tveir vígalegir frændur Hallbjörns sér upp.



**KOMDU Í KÁNTRÝBÆ** Hallbjörn tók að sjálfsögðu lagið í tilefni afhendingar viðurkenninganna í Kántrýbæ. Samstarfsmaður Hallbjörns til margra ára, tónlistarmaðurinn Magnús Kjartansson, fékk einvalalið til undirleiks fyrir kónginn: Sjálfur lék Magnús á orgel, Gunnar Þórðarson á gítarinn, Friðrik Sturluson úr Sálinni hans Jóns míns plokkaði bassann og um bakraddir sá Stefanía Svavarsdóttir.

# Ölduslóð frá Svavari

Svavar Knútur hefur sent frá sér sína þriðju sólóplötu, Ölduslóð. Á henni eru tíu frumsamin lög sem fjalla á einn eða annan hátt um dásemdir hversdagsleikans og margbreytileika tilverunnar.

Á plötunni koma fram með Svavari tékkneska söngkonan Markéta Irglová, Helgi Hrafn Jónsson, Pétur Grétarsson, Kristín Lárusdóttir og nokkrir bakraddasöngvarar. Platan er í rökréttu framhaldi af fyrstu sólóplötu Svavars, Kvöldvöku, sem kom út 2009. Ölduslóð kemur út samtímis hjá Dimmu útgáfu og Beste! Unterhaltung í Þýskalandi. Eins og á fyrri sólóplötum Svavars Knúts var myndskreyting umslagsins í höndum dóttur hans, Dagbjartar Lilju.

Útgáfutónleikar vegna Ölduslóðar verða í Fríkirkjunni í Reykjavík í kvöld klukkan 20.30. Svavar Knútur leggur af stað í tónleikaferð í lok september um Þýskaland, Danmörku, Sviss og Svíþjóð til að kynna plötuna.



**ÞRIÐJA PLATA** Söngvaskáldið Svavar Knútur hefur sent frá sér sína þriðju sólóplötu.



**RÆÐA MÁLIN** Kristen Stewart og Robert Pattinson hittust í Los Angeles. NORDICPHOTOS/GETTY

# Hittust um helgina

Enn fjalla slúðurmiðlar um framhjáhald Kristen Stewart með leikstjóranum Rupert Sanders og ástarsorg Roberts Pattinson. People Magazine segir leikarana hafa hist um helgina í Los Angeles til að ræða málin. Pattinson mun finnast erfitt að slíta sambandinu við Stewart sem vill ólm byrja aftur með leikaranum. Hvorugt þeirra hefur rætt opinberlega um sambandið nýlega.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**FIMMTUDAGUR:** **A SEPARATION** 17:30, 20:00, 22:30 ■ KVIK-NOR: **EN KONGELIG AFFÆRE** 17:20, 20:00, 22:40 ■ KVIK-NOR: **THE PUNK SYNDROME** 20:00 ■ KVIK-NOR: **PLAY** 22:20 ■ **ELLES (ÞÆR)** 20:00 ■ **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 22:10 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn

SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# BÓKA LAGERSALA




**Næg bílastæði og kaffi á könnunni**

# RISAlagersala á Fiskislóð 39

Yfir 2500 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

Allt að 90% afsláttur

FJÖLDI ANNARRA TILBOÐA

## Opið alla daga kl. 10–19




DÁVALDURINN – INNBUNDIN
**Verð: 1.490 kr.**




ELDAÐ UM VERÖLD VÍÐA
**Verð: 1.490 kr.**




LAXVEIÐAR Í JEMEN
**Verð: 990 kr.**




MYNDLIST Í ÞRJÁTÍU ÞÚSUND ÁR
**Verð: 3.990 kr.**




FÍASÓL ER FLOTTUST
**Verð: 1.290 kr.**




GOÐHEIMAR 2 – HAMARSHEIMT
**Verð: 1.990 kr.**



SAGA REYKJAVÍKUR Í ÞÚSUND ÁR I
**Verð: 3.990 kr.**



SAGA REYKJAVÍKUR Í ÞÚSUND ÁR I I
**Verð: 3.990 kr.**

Allir sem kaupa fyrir **6.000 kr.** eða meira fá bókagjöf. Þeir sem kaupa fyrir **12.000 kr.** eða meira fá tvær bækur að gjöf.




RÓMEÓ OG JÚLÍA
**Verð: 690 kr.**




ÁLFASTEINNINN
**Verð: 490 kr.**




LEIKTU VIÐ MIG
**Verð: 990 kr.**

Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgðir endast.

Risalagersala Forlagsins · Fiskislóð 39 · 101 Reykjavík · forlagid@forlagid.is · **Opið alla daga kl. 10–19**

# sport

sport@frettabladid.is



**ÍSLAND** verður í efri styrkleikaflokki þegar dregið verður í umspil fyrir EM 2013 á morgun ásamt liðum Rússlands og Spánar. Stelpurnar mæta því liði úr neðri styrkleikaflokknum en hann skipa Úkraína, Skotland og Austurríki. Leikið verður heima og að heiman og fara leikirnir fram eftir rúman mánuð.

## ÚRSLIT

### Meistarakeppni HSÍ

**Karlar: Haukar - HK** **29-23 (12-12)**
**Mörk HK (skot)**: Bjarki Már Elísson 9 (13/1), Leó Snær Pétursson 7 (11), Garðar Svansson 4 (5), Bjarki Már Gunnarsson 3 (5), Atli Karl Bachmann 3 (8), Eyþór Magnússon 2 (7), Daníel Berg Grétarsson 1 (1), Vilhelm Gauti Bergsveinsson (1),
**Varin skot**: Arnór Fr. Stefánsson 14 (37/2, 38%),
**Hraðaupphlaup**: 6 (Bjarki Már 3, Leó Snær 3)
**Fiskuð víti**: 1 (Garðar 1)
**Utan vallar**: 8 mínútur.
**Mörk Hauka (skot)**: Stefán Rafn Sigurmannsson 9/2 (15/3), Freyr Brynjarsson 5 (5), Elías Már Halldórsson 4 (8), Gísli Kristjánsson 3 (3), Gylfi Gylfason 2 (2), Adam Haukur Baumruk (1), Árni Steinn Steinþórsson (2), Tjörvi Þorgeirsson (2), Gísli Jón Þórisson (3),
**Varin skot**: Aron Rafn Eðvarðsson 12/1 (29/1, 41%), Giedrius Morkunas 9 (21, 43%).
**Hraðaupphlaup**: 8 (Stefán Rafn 2, Freyr 2, Gísli 2, Gylfi 2)
**Fiskuð víti**: 3 (Elías Már 1, Gylfi 1, Adam 1)
**Utan vallar**: 4 mínútur.

**Konur: Valur - ÍBV** **29-19 (14-15)**
**Mörk Vals**: Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir 6, Anna Úrsúla Guðmundsdóttir 6, Hrafnhildur Ósk Skúladóttir 5, Karólína B. Lárudóttir 4, Dagný Skúladóttir 4, Rebekka Rut Skúladóttir 2, Íris Ásta Pétursdóttir 1, Hildur Marín Andrésdóttir 1.
**Mörk ÍBV**: Grigore Gorgata 9, Drífa Þorvalsdóttir 4, Simona Vintale 3, Sóley Haraldsdóttir 2, Ivana Mlenovic 1.

### Meistaradeild Evrópu

**E-RIÐILL**

**Chelsea-Juventus** **2-2**
1-0 Oscar (31.), 2-0 Oscar (33.), 2-1 Arturo Vidal (38.), 2-2 Fabio Quagliarella (80.).
**Shaktar Donetsk-Nordsjælland** **2-0**

**F-RIÐILL**

**Bayern Munchen-Valencia** **2-1**
1-0 Bastian Schweinsteiger (38.), 2-0 Toni Kroos (76.), 2-1 Nelson Valdez (90.).
**Lille-BATE Borisvo** **1-3**
0-1 Aliaksandr Volodko (6.), 0-2 Vitali Rodionov (20.), 0-3 Edgar Olekhnovich (43.), 1-3 Aurelien Chedjou (60.)

**G-RIÐILL**

**Barcelona-Spartak Moskva** **3-2**
1-0 Cristian Tello (14.), 1-1 Dani Alves, sjm (29.), 1-2 Romulo (58.), 2-2 Lionel Messi (71.), 3-2 Lionel Messi (80.).
**Celtic-Benfica** **0-0**

**H-RIÐILL**

**Braga-CFR Cluj** **0-2**
0-1 Rafael Bastos (19.), 0-2 Rafael Bastos (34.)
**Man. Utd-Galatasaray** **1-0**
1-0 Michael Carrick (7.).

# Ég sé þær örugglega aftur í Svíþjóð

**Þrjár skelfilegar mínútur í lok fyrri hálfleiks réðu úrslitum í úrslitaleik Noregs og Íslands um sigur í sínum riðli og sæti á EM. Stelpurnar okkar þurfa því að fara í umspilið alveg eins og fyrir fjórum árum síðan.**



**BARÁTTA** Katrín Ómarsdóttir er hér í baráttu við hina öflugu Sólveigu Gulbrandsen sem var í lykilhlutverki með norska liðinu í gær. NORDIC PHOTOS/AFP

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið þarf að fara sömu leið inn á Evrópumótið og fyrir fjórum árum eftir 1-2 tap á móti Noregi í Ósló í gærkvöldi. Fótboltinn getur oft verið ósanngjarn og það fengu íslensku stelpurnar að kynnast á Ullevaal leikvanginum. Íslenska liðið var lengstum með öll völd á vellinum á meðan heimastúlkur lögðust í skotgrafirnar og treystu á föst leikatriði. Jöfnunarmarkið lét ekki sjá sig en þrátt fyrir allt svekkelsið í leikslok geta stelpurnar okkar verið stoltar af leik sínum í gær.

Allt breyttist á 39. mínútu leiksins þegar Maren Mjelde, fyrirliði norska liðsins, fiskaði ódýra aukaspyrnu og norska liðið fékk stórhættulegt færi á silfurfati hjá þýska dómaranum. Mjelde skoraði í framhaldinu af stuttu færi eftir flotta sendingu fyrir markið frá Solveig Gulbrandsen. Markið stuðaði greinilega íslensku stelpurnar mikið og það tók norska liðið aðeins tæpar þrjár mínútur að bæta við öðru marki. Elise Thorsnes skoraði þá með frábæru skoti. „Síðustu fimm mínúturnar í fyrri hálfleik voru ekki góðar og við missum einbeitinguna tvisvar sinnum og er refsað í bæði skiptin. Góð lið gera það,“ sagði Sigurður Ragnar Eyjólfsson landsliðsþjálfari. Honum tókst þó að rífa íslensku stelpurnar upp eftir þetta áfall.

„Við ræddum um að við þyrftum að spýta í lófana og spila boltanum meira. Það var of mikið af löngum sendingum fram völlinn í fyrri hálfleik. Við ætluðum að sýna karakter í seinni hálfleik og sýna hvað við gætum. Mér fannst liðið bregðast ótrúlega vel við því. Við uppskárum fallegt mark og við hefðum getað skorað fleiri. Ég var alltaf að bíða eftir því að við myndum jafna leikinn,“ sagði Sigurður Ragnar.

Íslenska liðið tók öll völd á vellinum í seinni hálfleiknum og Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði frábært mark á 65. mínútu eftir stórkostlega sókn. Katrín Ómarsdóttir, besti leikmaður íslenska liðsins, bjó á endanum til skotfærið með sniðugri snertingu og Margrét Lára afgreiddi boltann í bláhornið frá vítateigslínunni.

Íslenska liðið var þar með komið aftur inn í leikinn en gekk áfram illa að finna leiðir í gegnum þéttan varnarleik norska liðsins þrátt fyrir að vera áfram miklu meira með boltann. Íslenska liðið fékk nokkur ágæt skotfæri fyrir utan teig á lokamínútunum en þetta eina gullna tækifæri kom aldrei og því urðu stelpurnar að sætta sig við sárgrætilegt tap.

Eli Landsem, þjálfari norska landsliðsins, hrósaði líka íslenska liðinu í leikslok og viðurkenndi að sínar stelpur hafi verið heppnar í leiknum.

„Þetta var mjög erfiður leikur því Ísland er með gott lið. Við erum mjög ánægðar og um leið heppnar að hafa unnið þennan leik. Leikskipulagið okkar gekk fullkomlega upp,“ sagði Landsem en hún var farin að huga að breytingum í lok fyrri hálfleiks þegar allt stefndi í 0-0 stöðu í hálfleik. „Það var mikilvægt að fá þessi mörk undir lok fyrri hálfleiksins. Við vorum mjög heppnar því ég var þegar farin að hugsa um hvernig ég þyrfti að breyta liðinu mínu til að fá mörk því við urðum að vinna leikinn. Eftir að við fengum þessi mörk þá gátum við haldið áfram með okkar skipulag,“ sagði Landsem en hvernig heldur hún að íslenska liðinu gangi í umspilinu. „Ég er viss um að ég sé íslenska liðið á EM í Svíþjóð næsta sumar,“ sagði norski þjálfarinn og það er vonandi að hún hafi rétt fyrir sér.

**NOREGUR – ÍSLAND**
**Óskar Ófeigur Jónsson**
ooj@frettabladid.is



**AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL Í UPPSVEITUM ÁRNESSÝSLU OG FLÓAHREPPI**

**Bláskógabyggð,Grímsnes-og Grafningshreppi,Hrunamannahreppi, Skeiða-og Gnúpverjahreppi og Flóahreppi**

Þegar vinna hefst við gerð aðalskipulagsbreytingar skal taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli.

**Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga að lýsingu skipulags fyrir eftirfarandi aðalskipulagsbreytingu:**
1. Breyting á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á spildu úr landi Vorsabæjar 1. Landbúnaðarsvæði breytist í Iðnaðarsvæði til orkuvinnslu og íbúðarsvæði.

**Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar eftirfarandi tillögur að breytingu á aðalskipulagi:**
2. Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 á svæði úr landi Stóru-Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Smábýli í stað frístundabyggðar við Höskuldslæk.
3. Breyting á Aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 á spildu úr landi Ásgarðs við Skógarholt. Svæði fyrir frístundabyggð í stað opins svæðis til sérstakra nota.

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur að eftirfarandi deiliskipulagsáætlunum:**
4. Deiliskipulag smábýlasvæðis við Höskuldslæk í landi Stóru-Borgar í Grímsnes- og Grafningshreppi. Skagamýri, smábýlasvæði.
5. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs í Grímsnes- og Grafningshreppi. Fjölgun lóða við Skógarholt og Vesturbrún.
6. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness í Grímsnes- og Grafningshreppi. 7 lóðir við Ferjubraut í framhaldi af Kambsbraut.
7. Deiliskipulag tveggja frístundahúsalóða úr landi Iðu í Bláskógabyggð. Hamarsvegur 1 og 3.
8. Deiliskipulag fyrir nýtt lögbýli (lnr. 212210) úr landi Kjóastaða í Bláskógabyggð.
9. Breyting á deiliskipulagi þéttbýlisins Árnes í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Færsla á endurvarpsstöð.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu viðkomandi sveitarfélags og skrifstofu skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 9-16. Að auki er hægt að nálgast nánari lýsingu á tillögunum og tillögurnar sjálfar á http://www.granni.is/uppsveitirogfloahr/auglysingar.htm. Skipulagstillaga nr. 1 er í kynningu frá 20. til 28. september 2012 en skipulagstillögur nr. 2 til 9 eru í kynningu frá 20. september til 2. nóvember 2012. Athugasemdir og ábendingar við tillögu nr. 1 þurfa að berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi 28. september en athugasemdir við tillögur nr. 2 til 9 þurfa að berast í síðasta lagi 2. nóvember 2012. Athugasemdir skulu vera skriflegar.

**Pétur Ingi Haraldsson**
**Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps**

Katrín Jónsdóttir og Margrét Lára Viðarsdóttir:

# Þekkjum þessa leið og förum hana aftur

**FÓTBOLTI** Íslensku landsliðskonurnar gátu ekki leynt svekkelsi sínu eftir leik en það var ljóst á þeim öllum að íslenska liðið er að fara á EM í Svíþjóð þrátt fyrir tapið í gær.

„Þetta var ótrúlega svekkjandi. Þær nýta sér einbeitingarleysi hjá okkur í lok fyrri hálfleiks og ná að skora tvö mörk,“ sagði Katrín Jónsdóttir, fyrirliði íslenska liðsins. „Við vorum mikið betri en þær í seinni hálfleiknum og við áttum virkilega skilið að setja eitt mark í viðbót. Maður verður svekktur í dag og kannski á morgun en við jöfnum okkur á þessu,“ sagði Katrín.

„Við ætlum okkur bara áfram. Það er það sem þessi hópur vill og það var markmiðið. Þetta verður aðeins erfiðari leið en við höfum farið hana áður og getum gert það aftur,“ sagði Katrín að lokum.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði frábært mark í leiknum en það dugði því miður ekki til að tryggja liðinu farseðilinn á EM.

„Við missum einbeitinguna tvisvar sinnum í fyrri hálfleik og þær refsa okkur. Þetta er svekkjandi og ristir djúpt. Við höfum tíma til að stappa í okkur stálinu og við ætlum á EM. Markmiðin okkar haldast og við þurfum bara að fara þessa frægu Krýsuvíkurleið,“ sagði Margrét Lára.



**SKORAÐI GLÆSILEGT MARK** Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði mark Íslands í gær og var sérstaklega vel að því staðið. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Mér fannst við sýna gríðarlegan karakter í seinni hálfleik. Við komum til baka og vorum í raun hársbreidd frá því að ná þessu. Ég held samt að það hafi verið gaman að horfa á okkur í dag,“ sagði Margrét Lára. - óój




**Askja notaðir bílar á nýjum stað, Kletthálsi 2**

**Nýr vefur: notadir.is**

**Enn í ábyrgð**

**Kia cee'd LX 1,6**
Árg. 2011, ekinn 36 þús. km, **dísil**, beinsk., 6 gírar.
**▶ Verð 2.590.000 kr.**




**Mercedes-Benz ML 350**
Árg. 2006, ekinn 102 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 4.490.000 kr.**
**▶ Tilboð 3.990.000 kr.**




**Nissan Pathfinder**
Árg. 2007, ekinn 125 þús. km, **dísil**, sjálfsk.
**Verð 4.290.000 kr.**
**▶ Tilboð 3.390.000 kr.**




**Skoda Octavia**
Árg. 2012, ekinn 2 þús. km, **dísil**, sjálfsk.
**▶ Verð 3.990.000 kr.**




**AUDI Q7 quattro**
Árg. 2006, ekinn 101 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 5.590.000 kr.**
**▶ Tilboð: 4.990.000 kr.**




**Nissan Qashqai**
Árg. 2008, ekinn 99 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 3.490.000 kr.**
**▶ Tilboð 2.990.000 kr.**




**Mercedes-Benz SLK 200**
Árg. 2006, ekinn 40 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 4.700.000 kr.**
**▶ Tilboð 3.990.000 kr.**




**Mercedes-Benz C 220**
Árg. 2011, ekinn 8 þús. km, **dísil**, sjálfsk.
**▶ Verð 7.190.000 kr.**




**Volvo XC90 Sport V8**
Árg. 2005, ekinn 102 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 3.690.000 kr.**
**▶ Tilboð 2.950.000 kr.**




**Kia Sportage**
Árg. 2007, ekinn 94 þús. km, **dísil**, beinsk., 6 gírar.
**▶ Verð 2.290.000 kr.**




**Kia cee'd EcoDynamics**
Árg. 2011, ekinn 30 þús. km, bensín, beinsk.,5 gírar.
**▶ Verð 2.890.000 kr.**




**Subaru Legacy Lux**
Árg. 2007, ekinn 72 þús. km, bensín, sjálfsk.
**Verð 2.690.000 kr.**
**▶ Tilboð 2.290.000 kr.**




**Kia Carnival Classic**
Árg. 2009, ekinn 117 þús. km, **dísil**, sjálfsk., 8 manna.
**▶ Verð 3.690.000 kr.**

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · www.notadir.is

Opið virka daga kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16

Óvænt spá í handboltanum:

## Meisturunum spáð falli

**HANDBOLTI** Það styttist í að handboltatímabilið hefjist og í gær var opinberuð spá þjálfara, fyrirliða og forráðamanna í N1-deildunum.

Haukum og Val er spáð titlunum og kom það engum á óvart. Það sem vakti mesta athygli er að Íslandsmeisturum HK var spáð falli úr deildinni en miklar breytingar hafa orðið á liði meistaranna.

„Þetta er ekkert áfall heldur bara spá. Þessi spá er kannski eðlileg miðað við hvernig undirbúningstímabilið hefur gengið hjá okkur,“ sagði Kristinn Guðmundsson, þjálfari HK, og bendir á að ofan á allt séu talsverð meiðsli í leikmannahópi félagsins.

„Þetta er mikil áskorun fyrir okkur og öðruvísi en í fyrra. Við höfum búið liðið undir langan og strangan vetur. Við ætlum að sanna að þetta sé kjaftæði.“

Kristinn segir að HK sé að skoða það þessa dagana að fá erlendan liðsstyrk og gæti liðsstyrkur komið fljótlega.

„Það er ekkert launungarmál að við viljum bæta við okkur einum manni og horfum út fyrir landsteinana.“ **- hbg**

### Spáin

**N1-deild karla:**

| | |
|---|---|
| 1. Haukar | 237 stig |
| 2. FH | 193 |
| 3. ÍR | 177 |
| 4. Akureyri | 170 |
| 5. Afturelding | 130 |
| 6. Fram | 128 |
| 7. Valur | 112 |
| 8. HK | 103 |

**N1-deild kvenna:**

| | |
|---|---|
| 1. Valur | 385 stig |
| 2. Fram | 367 |
| 3. Stjarnan | 317 |
| 4. ÍBV | 301 |
| 5. Grótta | 252 |
| 6. HK | 223 |
| 7. FH | 202 |
| 8. Haukar | 181 |
| 9. Fylkir | 118 |
| 10. Selfoss | 111 |
| 11. Afturelding | 84 |

# Hermann snýr aftur til Eyja

**Magnús Gylfason hætti mjög óvænt sem þjálfari Pepsi-deildarliðs ÍBV í gær en aðeins þrjár umferðir eru eftir af tímabilinu. Hermann Hreiðarsson gerði munnlegt samkomulag í gærkvöldi um tveggja ára samning við félagið.**





**BÚIÐ SPIL** Magnús er búinn að stýra sínum síðasta leik fyrir ÍBV eftir skrautlegt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**FÓTBOLTI** Það heldur áfram að gusta um knattspyrnulið ÍBV í Pepsi-deild karla en í gær hætti Magnús Gylfason með liðið. Tímasetningin vekur mikla athygli enda þrír mikilvægir leikir eftir í baráttunni um Evrópusæti.

Í gærkvöldi var svo greint frá því að Hermann Hreiðarsson hefði samþykkt að taka að sér þjálfun ÍBV. Tveggja ára samningur verður undirritaður um helgina og Hermann tekur formlega við liðinu að tímabilinu loknu. Það staðfesti Óskar Örn Ólafsson, formaður knattspyrnudeildar ÍBV.

„Það bjóst enginn við því að þetta myndi ganga svona hratt fyrir sig en koma Hermanns mun gera mikið fyrir félagið,“ sagði Óskar sem vildi ekki tjá sig um ástæður þess að Magnús steig frá borði í gær.

„Við ákváðum í sameiningu að tjá okkur ekki um það mál og mun ég standa við það,“ sagði Óskar.

Magnús hefur þurft að reka Eyþór Helga Birgisson frá félaginu ásamt því að setja markahrókinn Tryggva Guðmundsson í agabann. Það hefur því mikið gengið á.

Magnús staðfesti í gær að hann hefði sjálfur ákveðið að hætta og að honum hafi ekki verið sagt upp. Hann vildi þó ekki veita viðtal þegar eftir því var leitað.

Dragan Kazic aðstoðarþjálfari og Ian David Jeffs, leikmaður liðsins, munu stýra liðinu í síðustu leikjunum.

Hermann er nú staddur í Reykjavík en hann mun fljótlega halda til Englands, þar sem hann hefur spilað síðan hann fór frá ÍBV árið 1998, og klára sín þjálfararéttindi. Hann mun svo stýra ÍBV þegar undirbúningstímabilið hefst seinna í haust.

„Við erum auðvitað mjög ánægðir með að hafa fengið Hermann aftur heim. Þetta var góð niðurstaða úr því sem komið var,“ sagði Óskar en það á enn eftir að koma í ljós hvort að Hermann muni svo spila með liðinu á næsta tímabili.

„Það verður bara að koma í ljós í hvernig standi hann verður. Eins og hann sagði sjálfur þá skiptir engu þótt hann heiti Hermann – hann verður að vera betri en þeir leikmenn sem eru fyrir í liðinu,“ sagði Óskar. Hermann er einn reyndasti landsliðsmaður Íslands frá upphafi og er á 38. aldursári.

ÍBV er í öðru sæti Pepsi-deildar karla með 31 stig, rétt eins og KR sem er með talsvert lakara markahlutfall. Stjarnan, Breiðablik og ÍA koma svo í næstu sætum á eftir en aðeins tvö stig skilja þessi lið að. Fram undan er því mikil barátta um 2. og 3. sætið í deildinni sem bæði veita sæti í forkeppni Evrópudeildar UEFA á næsta ári. KR hefur reyndar þegar tryggt sér sæti í keppninni með sigri í bikarkeppninni í ár.

ÍBV mætir Val á Vodafone-vellinum klukkan 17.00 en heil umferð er á dagskrá deildarinnar í dag. **- esá, hbg**



**HELENA** Hefur tekið við þjálfun Vals.

Þjálfaraskipti hjá Val:

## Helena tekur við af Gunnari

**FÓTBOLTI Helena Ólafsdóttir var í gær ráðin þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Val og tekur hún við starfinu af Gunnari Rafni Borgþórssyni. Gunnar Rafn tók við Val árið 2010 og gerði liðið að bikarmeisturum í fyrra.**

**Helena er einn reyndasti þjálfari landsins og var síðast á mála hjá FH. Hún hætti þar í júlí síðastliðnum. Helena hefur áður verið þjálfari Vals en hún stýrði liðinu frá 2002 til 2003.**

**Helena var einnig landsliðsþjálfari á sínum tíma en henni er nú ætlað að móta nýtt og ungt Valslið sem hafnaði í fjórða sæti Pepsi-deildar kvenna á síðastliðnu tímabili.** **- esá**

Meistarakeppni HSÍ:

## Öruggur sigur Vals á ÍBV

**HANDBOLTI** Handboltavertíðin hófst formlega í gær þegar Meistarakeppni HSÍ fór fram í karla- og kvennaflokki. Í kvennaleiknum höfðu Íslandsmeistarar Vals betur gegn ÍBV, 29-19, þrátt fyrir að hafa verið marki undir í hálfleik.

Eyjastúlkur skoruðu aðeins fjögur mörk í seinni hálfleik og Valsmenn gengu á lagið. Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir og Anna Úrsúla Guðmundsdóttir skoruðu sex mörk hvor fyrir Val en Grigore Gorgata níu fyrir ÍBV.




netto
Kræsingar & kostakjör

# NÁÐU ÞÍNU MARKMIÐI!




**PROTEIN** ýmsar teg.
Áður ~~4.990~~ Verð 3.743 kr

**FYLGIR FRÍTT MEÐ!**
Ef keyptur ef dunkur af Prótein

**PURE SHAPE SHAKE** 3 teg. 330 ml
Áður ~~459~~ Verð 344 kr

**PROTEINBAR** ýmsar teg.
Áður ~~299~~ Verð 224 kr

**HREYSTI, KRAFTUR, STYRKUR**
Áður ~~209~~ Verð 157 kr

**ICE TEA/ RED FUEL/ ISOTONIC**
500ml
Áður ~~299~~ Verð 224 kr

**PROTEINBAR XL** 2teg.
Áður ~~349~~ Verð 262 kr

**PURE SHAPE BAR** Súkkulaði 55g
Áður ~~329~~ Verð 247 kr

**25% AFSLÁTTUR**

## ALLT FYRIR HEILSUBÓTINA Í NETTÓ – KÍKTU Á ÚRVALIÐ




**HANDGRIP** 998 kr

**ÖKKLALÓÐ 0,5kg** 1.298 kr
**ÖKKLALÓÐ 1kg** 1.598 kr

**ÆFINGABOLTI** grár 2.798 kr

**JÓGAMOTTA** svört
1.798 kr

**HANDLÓÐASETT** 4.998 kr

**SIPPUBAND m/teljara** 998 kr

**ÆFINGATEYGJUR** 3/pk
2.498 kr

**HANDLÓÐ**
- **0,5kg** 1.298 kr
- **1kg** 1.498 kr
- **2kg** 2.498 kr

**ÆFINGABÖND** 3/pk 1.598 kr

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær - Borgarnes - Egilsstaðir

**Tilboðin gilda 20. - 23. sept.**
eða meðan birgðir endast

## > Popptíví kl. 19.50

### Game Tíví

***Sverrir Bergmann og Óli Þór Jóelsson eru mættir aftur á Popptíví með tölvuleikjaþáttinn Game Tíví. Þeir byrjuðu á Popptíví fyrir rúmum áratug og eru nú komnir aftur heim og munu fara yfir allt það nýjasta á sviði tölvuleikja. Í fyrsta þættinum skoða þeir m.a. leikina Sleeping Dogs og Darksiders 2, dæma 7D bíóið í Skemmtigarðinum og skoða skemmtilegan leik á iPad.***



# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** STÍGUR HELGASON SÖKKVIR SÉR Í LAGADRAMAÐ

## *Fimm ár af gæðum með Glenn*



Lögfræðidramað Damages hefur verið til sýninga í fimm ár án þess nokkurn tímann að hljóta þá athygli og lof sem það hefur átt skilið. Gagnrýnendur hafa alla tíð verið hrifnir en að manni læðist sá grunur að hinum almenna sjónvarpsáhorfanda finnist aðalpersónurnar tvær of miklir gerendur í eigin lífi og annarra, óþægilega dómínerandi og sterkar – af konum að vera.

Glenn Close fer með hlutverk Patty Hewes og eins þreytandi og hún getur verið þá fer ímynd mín af Close merkilega vel saman við ömurlegan og margslunginn persónuleika svikula lögmannsins. Aukapersónugalleríið í þáttunum hefur frá upphafi verið eitthvert það stórbrotnasta í síðari tíma sjónvarpssögu og hver leikarinn á fætur öðrum hefur náð þar óþekktum hæðum, allt frá Ted Danson, Martin Short og John Goodman, til Dylans Baker og John Hurt.

Eftir því sem líður á þáttaraðirnar fara þræðirnir að verða eilítið ótrúverðugri og skilaboðunum otað æ fastar beint í smettið á áhorfendum, en það kemur ekki að allri sök, því að kostirnir vega upp gallana svo um munar. Nú hefur síðasta serían runnið sitt skeið ytra. Þar má sjá sjarmörinn Ryan Phillippe í hlutverki sjálfumglaðs og hrokafulls kvennabósa sem jafnframt heldur úti umdeildum uppljóstrunarvef. Hvert fyrirmyndin er sótt skal ósagt látið, en byrjunin lofar góðu – eins og alltaf.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Alltaf að rífast **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Dauðinn í Feneyjum **15.25** Miðdegistónar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Liðast um landið **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **19.00** Sinfóníukvöld **19.27** Sinfóníutónleikar **21.30** Kvöldsagan: Folda eftir Thor Vilhjálmsson. **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperla: Málarinn á Dómkirkjuloftinu **23.20** Til allra átta **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### RÚV

**16.30 Herstöðvarlíf** (5:23)
**17.15 Konungsríki Benna og Sóleyjar** (30:52)
**17.26 Geymslan**
**17.52 Múmínálfarnir** (17:39)
**18.02 Lóa** (17:52)
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Dýraspítalinn** (2:10)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Hrefna Sætran grillar** (4:6) Hrefna Rósa Sætran matreiðslumeistari grillar girnilegar kræsingar.
**20.40 Njósnari** (6:6) (Spy) Bresk gamanþáttaröð.
**21.10 Sönnunargögn** (1:16) (Body of Proof II)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Detroit 1-8-7** (7:18) (Detroit 1-8-7) Í þessari bandarísku spennuþáttaröð á morðdeild lögreglunnar í Detroit í höggi við harðsvíraða glæpamenn.
**23.05 Berlínarsaga** (5:6) (Die Weissensee Saga) (e.)
**23.55 Krabbinn I** (5:13) (e.)
**00.25 Kastljós**
**00.55 Fréttir**
**01.05 Dagskrárlok**

### 2 BÍÓ

**06.25 Year One**
**08.00 Ramona and Beezus**
**10.00 Love Happens**
**12.00 Unstable Fables**
**16.00 Love Happens**
**18.00 Unstable Fables.**
**20.00 Year One**
**22.00 Rancid Aluminium**
**00.00 Murder by Numbers**
**02.00 Them**
**04.00 Rancid Aluminium**
**06.00 My Sister's Keeper**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm In The Middle** (17/22)
**08.30 Ellen** (3/170)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (149/175)
**10.15 Extreme Makeover: Home Edition** (21/25)
**11.00 Glee** (21/22)
**11.45 Lie to Me** (13/22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Shorts**
**14.30 Smallville** (20/22)
**15.15 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** (4/170)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In the Middle** (2/22)
**19.40 Modern Family** (1/24)
**20.05 Masterchef USA** (18/20)
**20.50 Steindinn okkar** (5/8) Steindi Jr. er mættur aftur í nýrri og drepfyndinni seríu.
**21.20 The Closer** (20/21)
**22.05 Fringe** (14/22)
**22.50 Breaking Bad** (3/13) Þriðja þáttaröðin um efnafræðikennarann og fjölskyldumanninn Walter White sem kemst að því að hann eigi aðeins tvö ár eftir ólifuð.
**23.35 Harry's Law** (9/12)
**00.20 Rizzoli & Isles** (14/15)
**01.05 Mad Men** (6/13)
**01.50 Shorts** Skemmtileg fjölskyldumynd um líf ungs drengs sem breytist sannarlega þegar hann finnur óskastein.
**03.15 Lie to Me** (14/22)
**03.55 The Closer** (20/21)
**04.40 Masterchef USA** (18/20)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag** Fréttir og Ísland (e)

### 2 SPORT *besta sætið*

**14.20 Meistaradeild Evrópu. Meistaradeildin**
**16.10 Þorsteinn J. og gestir**
**16.55 Young Boys - Liverpool** Bein útsending frá leik Young Boys Bern og Liverpool í Evrópudeildinni.
**19.00 Stjarnan - Fram** Bein útsending frá leik Stjörnunnar og Fram í Pepsi deild karla í knattspyrnu.
**21.15 Pepsi mörkin** Öll mörkin og umdeildu atvikin í leikjum Pepsi deildar karla í knattspyrnu.
**22.25 Tottenham - Lazio** Útsending frá leik Tottenham Hotspur og Lazio í Evrópudeildinni.
**00.10 Stjarnan - Fram**
**02.00 Pepsi mörkin**

### 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.30 Everton - Newcastle**
**16.20 Reading - Tottenham**
**18.10 Stoke - Man. City**
**20.00 Premier League World 2012/13**
**20.30 Football League Show 2012/13**
**21.00 Premier League Review Show 2012/13**
**21.55 Aston Villa - Swansea**
**23.45 Man. Utd. - Wigan**

### 2 krakkar

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.00 Dóra könnuður**
**08.25 Áfram Diego, áfram!**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Stubbarnir**
**09.30 Lukku láki**
**09.55 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**10.15 Stuðboltastelpurnar**
**10.40 Histeria!**
**11.00 Disney Channel**
**17.00 Ofurmennið**
**17.25 M.I. High**
**17.55 iCarly** (1:45)

### POPP TÍVÍ

**17.05 The Simpsons**
**17.30 Íslenski listinn** Brynjar Már Valdimarsson kynnir Íslenska listann þar sem tuttugu vinsælustu lög vikunar eru kynnt ásamt tveimur nýjum sem líkleg eru til vinsælda. Fastir liðir þáttarins eru Betri stofan, Spjallið, Poppskúrinn og fréttir af fræga fólkinu.
**17.55 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru.
**18.20 Glee** (4:22)
**19.00 Friends** (21:24)
**19.25 Simpson-fjölskyldan**
**19.50 Game Tíví** Frábær og fræðandi þáttur sem fjallar um allt það nýjasta úr tækni- og tölvuleikjaheiminum. Þáttastjórnendur eru Ólafur Þór Jóelsson og Sverrir Bergmann.
**20.15 Suburgatory** (6:22) Ný gamanþáttaröð um raunir unglingsstúlku sem er ósátt við flutning úr borg í úthverfi, þar sem mannlífið er talsvert ólíkt því sem hún á að venjast.
**20.40 Pretty Little Liars** (6:25) Bandarísk þáttaröð um fjórar vinkonur sem búa yfir stóru leyndarmáli.
**21.25 Material Girl** (6:6) Dramatískir gamanþættir um ungan fatahönnuð sem dreymir um frægð og frama en það eru margvísleg ljón í veginum í átt til velgengni.
**22.15 Suburgatory** (6:22)
**22.40 Game Tíví**
**23.05 Pretty Little Liars** (6:25)
**23.50 Material Girl** (6:6)
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### 2 GULL

**18.20 Doctors (30:175)**
**19.05 Ellen (4:170)**
**19.45 Spurningabomban (1:6)**
**20.30 Að hætti Sigga Hall**
**21.00 Það var lagið**
**21.55 Friends (6:24)**
**22.20 Ellen (4:170)**
**23.05 Spurningabomban (1:6)**
**23.50 Að hætti Sigga Hall**
**00.20 Doctors (30:175)**
**01.00 Friends (6:24)**
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.40 The Voice** (1:15) (e)
**15.40 The Biggest Loser** (19:20) (e)
**17.10 Rachael Ray**
**17.55 America's Next Top Model** (4:13) (e)
**18.45 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.10 Haustkynning SkjásEins 2012** (e)
**19.30 Everybody Loves Raymond**
**19.55 Will & Grace** (19:24)
**20.20 Rules of Engagement** (10:15) Bandarísk gamanþáttaröð.
**20.45 30 Rock** (5:22) Bandarísk gamanþáttaröð sem hlotið hefur einróma lof.
**21.10 House - NÝTT** (1:23) Þetta er síðasta þáttaröðin um sérvitra snillinginn House.
**22.00 James Bond: On Her Majesty's Secret Service** Eina kvikmyndin um njósnara hennar hátignar sem skartar George Lazenby.
**00.25 Leverage** (5:16) (e)
**01.10 Law & Order: Criminal Intent** (16:16) (e)
**01.55 Unforgettable** (22:22) (e)
**02.45 CSI** (5:22) (e)
**03.30 Crash & Burn** (8:13) (e)
**04.15 Everybody Loves Raymond (e)**
**04.40 Pepsi MAX tónlist**

### SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07:45** BMW Championship 2012 (4:4) **11.45** Golfing World **12.35** BMW Championship 2012 (4:4) **16.35** Inside the PGA Tour (37:45) **17.00** Tour Championship (1:4) **22.00** Upphitun fyrir Ryderbikarinn 2012 (1:6) **22.30** Tour Championship (1:4) **01.30** ESPN America

### N4

**18.00** Að norðan

### ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Perlur úr myndasafni

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



EKKI MISSA AF ÞESSU!

FRÁBÆRT TILBOÐ!

# 20%

# AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKÓM

AÐEINS ÞESSA EINU HELGI!

20. - 23. SEPTEMBER



INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is ÞAÐ ER SPORT AÐ SPARA

EXPO • www.expo.is

## DRYKKURINN



*„Íslenska vatnið er alltaf það sem ég sakna mest er ég fer erlendis. Svo er gin og tónik klassísk og góð blanda þegar maður lyftir sér upp.“*

Eva María Þórarinsdóttir Lange hjá hinsegin ferðaþjónustufyrirtækinu Pink Iceland.

# Rappari í brúðkaupsferð til Íslands

Bandaríski rapparinn B. Dolan stígur á svið á Gamla Gauknum á laugardagskvöld. Hann kom hingað í september í fyrra ásamt kollega sínum Sage Francis, heillaðist af landi og þjóð og hét því að koma aftur ásamt brúði sinni í brúðkaupsferð núna í september.

„Tónleikarnir mínir á Íslandi voru á meðal þeirra eftirminnilegustu í fyrra og það var stappað af fólki og góð stemning. Hákarlinn sem ég fékk bragðaðist eins og hland, ég borðaði andlit af kind og lögin mín með mesta guðlastinu voru spiluð í útvarpinu,“ segir Dolan.

Spurður af hverju hann hafi valið eyjuna í norðri fyrir brúðkaupsferðina segir hann að dulúð Íslands og Reykjavíkur hafi heillað sig. „Þegar ég hugsaði um hvar ég ætti að eyða brúðkaupsferðinni gat ég ekki hugsað mér betri stað. Hann er hljóðlátur, fallegur og maturinn er góður.“

Hvað á svo að gera í brúðkaupsferðinni? „Ég tek þennan venjulega túristapakka býst ég við. Veiði ísbirni, fer á bak á hvölum og fylgist með lundaorgíum.“

Dolan er þekktur fyrir pólitíska texta sína en vill ekki láta stimpla sig sem pólitískan rappara því hann syngur um fleiri hluti. „Áhuginn minn á stjórnmálum kemur aðallega frá röppurum á borð við Chuck D og KRS-One en þá fór ég að hugsa á gagnrýninn hátt um stjórnvöld. Tónlistin þeirra hvatti mig til að lesa meira, hugsa meira og láta meira að mér kveða.“ **- fb**



**Í BRÚÐKAUPSFERÐ** Bandaríski rapparinn B. Dolan er á leiðinni til Íslands í brúðkaupsferð. NORDICPHOTOS/GETTY

GLEYM MÉR EI
Börn sem aðstandendur
Örráðstefna í dag kl. 16:30-18:00
Fyrirlestrar:
• „Að tala við börn um krabbamein“ - Guðrún Oddsdóttir sálfræðingur.
• „Í samfylgd með fjölskyldu“ - Vigfús Bjarni Albertsson sjúkrahúsprestur.
• „Þegar foreldri greinist með krabbamein“ - Valgerður Hjartardóttir hjúkrunarfræðingur, djákni og fjölskyldumeðferðarfræðingur.
• „Hollráð frá Hugo“ - Hugo Þórisson barnasálfræðingur.
Fundarstjóri: Þorvaldur Daníelsson framkvæmdastjóri Krafts.
Allir velkomnir - ókeypis aðgangur
Krabbameinsfélagið Skógarhlíð 8, 105 Rvk., 540 1900, www.krabb.is



frá kr. 99.900
Barcelona
Frábær 4 nátta helgarferð 11.-15. október Ótrúlegt tilboð!



Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á allra síðustu flugsætunum í helgarferð til Barcelona. Önnur gisting einnig í boði á einstaklega hagstæðu verði.
Frá 99.900 kr. – Hotel Catalonia Atenas ****
Verð á mann m.v. gistingu í tvíbýli í 4 nætur með morgunverði. Aukagjald fyrir einbýli kr. 34.800.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

HALLI CIVELEK: ÓTRÚLEGA ÁNÆGÐUR MEÐ ÚTKOMUNA

# Plata Retro Stefson seld í sjö mismunandi útgáfum

„Ég er ótrúlega ánægður með útkomuna,“ segir grafíski hönnuðurinn Halli Civelek.

Þriðja plata Retro Stefson, sem kemur út 2. október og er samnefnd sveitinni, verður seld í verslunum með sjö mismunandi framhliðum og verður þessi útgáfa plötunnar seld í takmörkuðu upplagi. Hver framhlið verður með mynd af einum af sjö meðlimum hljómsveitarinnar. Hinar sex myndirnar verða inni í umslaginu og geta kaupendur því skipt um mynd á framhliðinni eins oft og þeir vilja.

Myndirnar tók Ari Magg í Gufunesinu í Grafarvogi, Hildur Yeoman var stílisti og um listræna stjórnun sá Halli. Hann er aðjúnkt og fagstjóri í grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands og hefur hannað öll umslög Retro Stefson til þessa. Á ferilskrá hans eru einnig umslög með FM Belfast, Leaves og Sesari A.

„Það hentaði vel að vera með margs konar myndir sem eru bæði lifandi og litríkar. Retro Stefson er spes hljómsveit því hún hefur mjög litríkan tónlistarstíl. Það skemmtilega við tónlistina er að hún er úti um allt og alls konar en samt algjörlega Retro Stefson. Við vorum að reyna að endurspegla það,“ greinir Halli frá. „Það var frábært að vinna með Ara Magg og samvinnan við Retro Stefson hefur alltaf verið góð. Við áttum mjög skemmtilegan dag þegar við tókum þessar myndir og ég hlakka mikið til að sjá þetta á prenti.“

Auk þessarar nýstárlegu útgáfu kemur platan út í tvöföldu, veglegu vínylformi. **freyr@frettabladid.is**



**NÝSTÁRLEG ÚTGÁFA** Gylfi Sigurðsson, trommari Retro Stefson, á einni þeirra sjö mynda sem notaðar verða á nýju plötunni.

## SPILA NÝJU LÖGIN Á ÚTGÁFUTÓNLEIKUM

Retro Stefson heldur útgáfutónleika í Iðnó 5. október og er miðasalan hafin á Midi.is. Unnsteinn Manuel Stefánsson og félagar hafa að undanförnu æft stíft fyrir tónleikana, þar sem nýja efnið verður frumflutt. Tíu lög eru á plötunni, þar á meðal Qween og Glow sem hafa gert það gott í útvarpinu síðustu mánuði. „Þetta er okkar besta plata,“ fullyrðir Unnsteinn en upptökur stóðu yfir í eitt ár. **Hermigervill**, sem aðstoðaði við upptökurnar, stígur einnig á stokk á tónleikunum. Haraldur Ari Stefánsson verður aftur á móti fjarri góðu gamni í Iðnó því hann er farinn út til London í leiklistarnám. Unnsteinn viðurkennir að það verði missir að honum. „Að vissu leyti en hann byrjaði seinna í hljómsveitinni. Við höfum tekið nokkra tónleika án hans, þannig að þetta er ekkert stórmál.“



# Er óskaplega friðsamur maður

„Ég vona bara að engum þyki þetta mjög ósmekklegt,“ segir Egill Helgason um nýja auglýsingu fyrir bókmenntaþátt hans Kiljuna í Sjónvarpinu. Hún hefur vakið mikla athygli og þykir Egill sýna skemmtileg tilþrif í hlutverki King Kong sem ryður frá sér bókaháhýsum af miklum þrótti.

Aðspurður segir Egill kynningardeild RÚV hafa veg og vanda af auglýsingunni. „Þeir fengu þessa hugmynd og ég sagði að ég myndi gera það sem þeir vildu, þannig að ég kom bara og gerði þetta.“

Egill starfaði eitt sinn á Skjá einum og tók þátt í alls konar auglýsingasprelli þar. „Ég man að einu sinni var ég með boxhanska og látinn boxa og í annarri auglýsingaherferð var ég látinn halda á smábörnum. Þá voru alltaf mikil tilþrif í kynningarmálum. Hjá RÚV hefur þetta alltaf verið frekar hófstillt en þarna hafa menn sprungið út.“

Spurður hvort hann sé orðinn að einhvers konar skrímsli í íslenska bókmenntaheiminum sem ryður öllum öðrum úr vegi, eins og auglýsingin gefur til kynna, hlær Egill og segir: „Það er auðvitað algjör þversögn því ég er óskaplega friðsamur maður sjálfur. Ég „snappa“ mjög sjaldan.“

Kiljan hefur göngu sína í byrjun október og er þetta sjötta árið sem Egill stjórnar þættinum. Í þetta sinn verður Páll Baldvin Baldvinsson fjarri góðu gamni. „Ég sakna Páls Baldvins mikið en þetta er rosa flottur hópur sem ég er með. Þetta er landsliðið fyrir utan Pál Baldvin.“ **- fb**



**TILÞRIF Í NÝRRI AUGLÝSINGU** Egill Helgason sýnir góð tilþrif í nýrri auglýsingu fyrir bókmenntaþáttinn Kiljuna.




# ÓMISSANDI Í KULDANUM

**Ellingsen** býður upp á mikið úrval af vönduðum úlpum og öðrum hlífðarfatnaði frá þekktum framleiðendum á borð við Didriksons, Mountain Hardwear og Columbia. Í Ellingsen færðu hlífðarfatnað frá toppi til táar.



**DIDRIKSONS JARVIS**
Stærðir 80–130. Bláar, grænar, bleikar og fjólubláar.
**11.990 KR.**
FULLT VERÐ 14.990 KR.



**DIDRIKSONS JUSTIN**
Stærðir 130–170. Bláar og svartar.
**14.990 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



**DIDRIKSONS MICHI**
Stærðir: 130–170. Rauðar og svartar.
**14.990 KR.**
FULLT VERÐ 17.990 KR.



**MHW KELVINATOR**
Herrastærðir: svartar og bláar.
Dömustærðir: svartar og rauðar.
**54.990 KR.**
FULLT VERÐ 69.990 KR.



**DIDRIKSONS LESTER**
Stærðir S–XXL. Grænar og svartar.
**19.990 KR.**
FULLT VERÐ 24.990 KR.



**DIDRIKSONS NIGEL**
Stærðir S-XXL. Svartar.
**31.990 KR.**
FULLT VERÐ 39.990 KR.



**DIDRIKSONS JASMINE**
Stærðir 36–44. Svartar.
**31.990 KR.**
FULLT VERÐ 39.990 KR.

**Mikið úrval af húfum og vettlingum**



**DIDRIKSONS FIONA**
Stærðir 36–46. Svartar og rauðar.
**18.990 KR.**
FULLT VERÐ 23.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 122637-1809

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sífelldar skiptingar

Bardagakappinn **Gunnar Nelson** keppir sinn fyrsta bardaga í The Ultimate Fighting Championships í lok mánaðarins. Æfingar Gunnars ganga vel en ekki er sömu sögu að segja um andstæðinga hans. Upphaflega átti Gunnar að mæta Þjóðverjanum Pascal Krauss sem meiddist á laugardaginn og þurfti því að segja sig frá keppni. Á sunnudaginn varð ljóst að í staðinn myndi Gunnar mæta Rich Attonio frá Bandaríkjunum. Hann sagði sig svo úr keppninni á mánudaginn. Ástæða brotthvarfsins liggur ekki fyrir en nú er ljóst að Gunnar mætir reynsluboltanum DaMarques Johnson sem á að baki 30 bardaga, eða þrefalt fleiri en Gunnar. Ekki skal segja hvort andstæðingarnir hræðist einfaldlega að mæta Gunnari en sjálfur ku bardagakappinn vera pollrólegur yfir breytingunum.



### Stiller leigir reisulegt hús í Stykkishólmi

Stórleikarinn og leikstjórinn **Ben Stiller** er enn staddur hér á landi við tökur á myndinni The Secret Life of Walter Mitty. Tökurnar hafa vakið mikla athygli enda hafa lítil bæjarfélög nánast farið á hliðina við komu fjöldans sem gerir myndina. Nú eru Stiller og starfsfólk myndarinnar mætt í Stykkishólm, þar sem tökur verða næstu daga. Stiller hefur vegna dvalarinnar tekið á leigu reisulegt einbýlishús á besta stað í bænum, við Skólastíg, en eigendurnir brugðu sér einfaldlega af bæ á meðan Stiller gistir þar.

- áp, - þeb



## Mest lesið VÍSIR

1. Teitur sýknaður – Gunnlaugi gert að greiða honum …
2. Slúðurtímaritið Se og Hör birtir nektarmyndirnar af Kate
3. Engilbert ósáttur við forsvarsmenn myndarinnar …
4. Þungavigtarmenn meðal Repúblikana æfir út í Romney
5. Ætlar að endurgreiða styrkina


HEITASTA ÁSTARSAGAN






